Fornleifaskráning í Eyjafirði XI:

Fornleifar í Saurbæjarhreppi sunnan Djúpadalsár og vestan Eyjafjarðarár

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson

Minjasafnið á Akureyri
Fornleifastofnun Íslands
FS067-94017

Efnisyfirlit

1. *INNGANGUR* 4

2. *BYGGÐASAGA* 5

3. *FORNLEIFASKRÁ* 14

EY-345B ÞVERDALUR – AFRÉTT DJÚPADALS 14
EY-348 STRJÚGSÁ 18
EY-349 VELLIR 28
EY-350 HÁLS 35
EY-351 SAURBÆR 38
EY-351B DJÚPIDALUR 50
EY-352 SANDHÓLAR 53
EY-355 KRÓNUSTAÐIR 55
EY-356 HLEIÐARGARÐUR 58
EY-357 NES 66
EY-358 GILSÁ 70
EY-359 GULLBREKKA 78
EY-360 KOLGRÍMSSTAÐIR 85
EY-361 SKÁLDSTAÐIR 89
EY-362 JÓRUNNARSTAÐIR 94
EY-363 LEYNINGUR 100
EY-363B LEYNINGUR (LEYNINGSDALUR) 110
EY-364 YTRI-VILLINGADALUR 112
EY-365 SYÐRI-VILLINGADALUR 116
EY-366 TORFUFELL 123
EY-367 HÓLSGERÐI 132
EY-368 ÚLFSÁ 134
EY-373B HÓLAR (EYJAFJARÐARDALUR) 139
EY-375B ARNARSTAÐIR (SELLAND) 141

4. *FORNLEIFAR OG BYGGÐ Í HÉRAÐI* 143

5. *VERNDUN OG KYNNING MINJA Á SKRÁNINGARSVÆÐINU* 151

***HEIMILDASKRÁ*..... 153**

Skrá yfir kort

1. YFIRLITSKORT. DREIFING MINJASTAÐA OG LANDAMERKI 13

2. FORNLEIFAKORT. DJÚPIDALUR, ÞVERDALUR, SNEISARDALUR OG STRJÚGSÁRDALUR 14

3. FORNLEIFAKORT. VELLIR, HÁLS OG SAURBÆR 27

4. FORNLEIFAKORT. SANDHÓLAR, KRÓNUSTAÐIR OG HLEIÐARGARÐUR..... 52

5. FORNLEIFAKORT. NES, GILSÁ OG GULLBREKKA 66

6. FORNLEIFAKORT. SKÁLDSTAÐIR, JÓRUNNARSTAÐIR OG LEYNINGUR..... 89

7. FORNLEIFAKORT. LEYNINGSDALUR, YTRI- OG SYÐRI - VILLINGADALIR,TORFUFELLSDALUR, TORFUFELL, HÓLSGERÐI, ÚLFSÁ OG EYJAFJARÐARDALUR..... 111

8. FLOKKUN LANDS Á MINJASVÆÐINU EFTIR EÐLI OG FJÖLD MINJASTAÐA 148

1. *Inngangur*

Sumarið 1998 var haldið áfram skráningu fornleifa í Eyjafjarðarsveit. Heldur meiri fjárveiting fékkst en undanfarin ár og voru skráðar fornleifar á 19 jörðum í Saurbæjarhreppi. Fornleifaskráning í Saurbæjarhreppi hófst sumarið 1997 en að þessu sinni var skráður vestari helmingur hreppsins en stefnt er að því að ljúka skráningu Saurbæjarhrepps og þar með Eyjafjarðarsveit allri sumarið 1999.

Við skráninguna voru notaðar þær aðferðir sem Fornleifastofnun Íslands hefur þróað undanfarin ár og skiluðu þær góðum árangri. Stuðst hefur verið við loftmyndir við skráninguna. Þær hafa þann kost umfram kort í stórum mælikvarða að á þeim sjást stundum tóftir sem þá er hægt að ganga beint á eftir myndunum. Ókostirnir eru hins vegar nokkrir og er sérstaklega vandasamt að nota loftmyndir á svæðum þar sem lítið er um skýr kennileiti. Slíkt getur valdið töfum í vettvangsvinnu og er einnig ástæða þess að minjakortin í ár verða með svipuðu sniði og í fyrra.

Skýrsla þessi er í aðalatriðum eins upp byggð og þær sem gerðar hafa verið undanfarin ár. Fyrst er stutt yfirlit um þróun byggðar á skráningarsvæðinu (kafli 2) en síðan er Fornleifaskrá (kafli 3) með sama sniði og í fyrri skýrslum. Minjastaðir eru flokkaðir eftir jörðum og byggir tölusetning jarðanna á Jarðatali Johnsens frá 1847. Á undan minjaskrá hverrar jarðar er gerð grein fyrir takmörkum hennar, breytingum á þeim og öðrum upplýsingum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Einnig er gerð grein fyrir þáttum eins og gróðurfari og túnasléttum sem hafa eða hafa haft áhrif á varðveislu minja. Í minjaskrá er síðan fjallað um hvern minjastað sérstaklega, gerð grein fyrir staðsetningu minja og aðstæðum og birtar lýsingar og myndir af tóftum þar sem við á. Í skránni eru einnig minjakort sem sýna dreifingu minjastaða. Í kafla 4 er samantekt um helstu minjaflokka og gefið yfirlit um sérkenni svæðisins. Í kafla 5 eru síðan settar fram tillögur um verndun og kynningu fornleifa á skráningarsvæðinu.

Sem fyrr var skráning fornleifa í Eyjafjarðarsveit samstarfsverkefni héraðsnefndar Eyjafjarðar, Eyjafjarðarsveitar, Minjasafnsins á Akureyri og Fornleifastofnunar Íslands. Verkinu var stjórnað af Orra Vésteinssyni en auk hans

vann Elín Ósk Hreiðarsdóttir að skráningunni og gerð skýrslu. Heimildaöflun og svæðisskráning var hins vegar, auk Orra, í höndum Sædísar Gunnarsdóttur. Minjasafnið á Akureyri lagði til alla aðstöðu fyrir starfsmenn, með láni að skrifstofu- og íbúðaraðstöðu að Naustum. Fær Guðrún Kristinsdóttir forstöðumaður og starfsfólki hennar bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf. Starfsmenn Amtsbókasafnsins og Héraðsskjalasafns á Akureyri léttu sem fyrr undir með öflun bóka og ýmissa gagna og eru þeim færðar bestu þakkir. Síðast en ekki síst vilja höfundar koma á framfæri miklu þakklæti til hinna fjölmörgu heimildarmanna í Eyjafjarðarsveit sem fúslega veittu upplýsingar ásamt ómældu magni af kaffi. Þeir gáfu sér tíma til að spjalla við skráningarmenn og veittu ómetanlega leiðsögn um hvernig mætti komast á minjastaði.

2. *Byggðasaga*

Samkvæmt Landnámabók nam Helgi magri alla Eyjafjarðarsveit, bjó sjálfur á Kristnesi en skipti öðrum hlutum héraðsins milli barna sinna. Helga dóttir hans var gift Auðun rotin og fékk Helgi þeim land frá Hálsi og suður til Villingadals samkvæmt Sturlubók og Hauksbók, en í Melabók hefur staðið að landnám þeirra hjóna hafi verið fyrir ofan Háls og þá til suðurs eins og vötn draga. Orðalag Melabókar er sennilega eldra, en alls ekki er ljóst af hverju því hefur verið breytt í yngri gerðunum. Fyrir sunnan Villingadal eru aðeins tvær jarðir, Torfufell og Úlfá, og Torfufell a.m.k. hefur verið komin í byggð á ritunartíma landnámabóka því jarðarinnar er getið í Víga-Glúmssögu og Valla-Ljótssögu. Það er því hæpið að ritstjóri sá sem breytingunni réð hafi talið að land fyrir sunnan Villingadal væri óbyggð afrétt, enda er slíkra marka yfirleitt ekki getið í landnámabókum. Mögulegt væri að ritstjórinn hafi talið að botn Eyjafjarðardals sunnan við Villingadal hefði tilheyrt landnámi Hrólfs Helgasonar á Núpufelli enda eiga Arnarstaðir og Hólar land vestan árinnar framan við Úlfá, en þess er ekki getið í kaflanum um Hrólf (ÍF I, 268) og verður þetta því ekki skýrt til hlítar.

Norðurmörk landnáms þeirra Helgu og Auðunar eru við Háls og hefur allur Djúpidalur sunnan Djúpadalsár því tilheyrt landnámi Þóru Helgadóttur og Gunnars Úlfljótssonar í Djúpadal (ÍF I, 266). Það kemur heim og saman við vísbendingar um að Saurbær hafi fyrrum átt minni hluta af dölunum framan við Háls en seinna varð. Í stofni

máldaga Saurbæjarkirkju sem varðveittur er í máldagasafni Auðunar rauða frá 1318 er ekki annars getið en kirkjan eigi heimaland, Velli og Sandhóla og hálft Hálsland en í viðbót við máldagann kemur fram að kirkjan hefur þá eignast allt Hálsland (DI II, 451). Í næsta máldaga, í safni Péturs biskups Nikulássonar sem tímasett er frá því um og eftir 1394, hefur kirkjan hinsvegar eignast hálfan Djúpadal og alla Þrjúgstungu (DI III, 524-525). Árið 1398 keypti sr. Halldór Loptsson hálfa Grund í Eyjafirði með hálfum Þrjúgstungum en hinn helminginn hafði hann keypt 1395. Í því sölubréfi kemur fram að Grund eigi lambarekstur og geldfjár í Þrjúgstungur svo mikið sem sá er þar býr þarfnast (DI III, 605, 623). Þetta bendir til að þessi Saurbæjarmáldagi sé ívið yngri en frá 1394 og að kirkjan hafi ekki eignast Þrjúgstungur fyrr en eftir 1398. Sr. Halldór Loptsson var einn af mestu eignamönnum landsins um 1400 og virðist hafa átt auk Grundar, stórbýlin Lögmannshlíð og Sauðanes og haldið kirkjulénin Velli og Saurbæ ef ekki fleiri. Hann lést í Svartadauða 1403 og sést af testamenti hans að hann hefur átt miklar eignir í Eyjafirði og að hann hefur talið sig skuldugan við Saurbæjarkirkju, m.a. gefur hann henni jörðina Krýnastaði (DI III, 684-88). Sennilegt verður að telja að sr. Halldór hafi gefið Saurbæjarkirkju Þrjúgstungur á árabilinu 1398-1403 en hálfan Djúpadal hefur kirkjan eignast einhvern tíma á 14. öldinni eftir 1318. Þau landsvæði sem hér um ræðir er annarsvegar tungan milli Þrjúgsár (nú Strjúgsá) og Sneisarár og hinsvegar að því er virðist fremsti hluti Djúpadals, framan við Stóruskriðu en landið milli Sneisarár og Stóruskriðu hefur á seinni öldum tilheyrt Stóradal. Að vísu er ekki óhugsandi að “hálfur Djúpidalur” þýði einfaldlega allur sá helmingur dalsins sem er fyrir sunnan Djúpadalsá, og mætti til sanns vegar færa því megnið af því landi hefur legið undir Saurbæ síðan á 15. öld að minnsta kosti. Jörðin Þrjúgsá eða Strjúgsá er fyrst nefnd í máldaga Saurbæjarkirkju frá 1461 og er þá orðin kirkjujörð. Málið veltur á því hvort Strjúgsá sé gamalt lögbýli sem Saurbæjarkirkja hefur eignast á 15. öld eða hvort býlið hefur þá fyrst byggst í heimalandi staðarins. Úr því verður ekki skorið en vitnisburður Landnámabókar gefur í skyn að Saurbær hafi í upphafi ekki átt neitt land vestan við Háls. Þar hafi byggst sjálfstæðar jarðir á Völlum og Strjúgsá og hugsanlega Mælifelli og annað land verið afréttir stórbýla norðan við Djúpadalsá. Saurbærjarklerkar leggja síðan nær allt land austan Háls og sunnan Djúpadalsár undir staðinn á 14. og 15. öld þannig að aðeins varð eftir sneið undir Mælifelli sem heyrði til Stóradal og mögulega selstaða frá

Miklagarði (“á Hólmsseli frá Hlíðarhaga”) en ekki er vitað hvort hún var norðan eða sunnan við Djúpadalsá.

Þó að Saurbær hafi samkvæmt þessu ekki verið jafnstór jörð á landnámsöld og seinna varð var hún engu að síður mjög landmikil, einkum að undirlendi, miðað við aðrar jarðir í sveitinni. Það er því ekki að undra að landnámuhöfundar láta Saurbæ vera landnámsjörðina á þessu svæði eða að þar hafi snemma orðið miðstöð og kirkjustaður.

Í fornsögum eru það fyrst og fremst tvær ættir sem koma við sögu á skráningarsvæðinu á 10. öld. Ekki er vitað hvar Einar sonur Auðunar rotins og Helgu Helgadóttur bjó en Eyjólfur Valgerðarson sonur hans er vel þekktur sem höfðingi á Möðruvöllum og ættfaðir Möðruvellinga. Eyjólfur og kona hans, Hallbera Þóroddsdóttir hjálms, eru sögð hafa búið langa æfi á Jórunnarstöðum áður en þau fluttu að Möðruvöllum (ÍF I, 266, nmgr. 5). Í Víga Glúmssögu er frá því sagt að Einar Þveræingur sonur þeirra Eyjólfs og Hallberu hafi flutt að heiman frá Jórunnarstöðum til Saurbæjar og má af því ráða að höfundur sögunnar hafi talið að Saurbær hefði þá enn verið í ætt Auðunar og Helgu (ÍF IX, 58). Annar ættleggur er kominn frá Vigdísi dóttur Auðunar og Helgu, en ekki er heldur vitað hvar hún bjó. Sonur hennar var Halli hinn hvíti og bjó hann á Jórunnarstöðum, og lætur Víga-Glúmssaga hann vera fóstra Einars Þveræings og hefur því talið að systkinasynirnir Eyjólfur og Halli hafi búið saman á Jórunnarstöðum. Synir Halla voru Bárður á Skáldstöðum og Brúsi og Ormur sem bjuggu saman á Torfufelli (ÍF IX, 57-58). Hér virðist á ferðinni ákveðin forskrift sem landnámuhöfundar styðjast stundum við, þar sem afkomendur landnámsmannns stofna til búskapar á hverju góðbýlinu á fætur öðru innan landnámsins, þó hér sé að vísu það frávik að Jórunnarstaðir voru ekki jafndýr jörð og t.a.m. Hleiðargarður, Gullbrekka eða Leyningur. Í Valla-Ljótssögu er getið um Torfa í Torfufelli, ættlítinn mann en auðugan og hefur hann væntanlega ekki átt að vera skyldur þeim Hallsonum (ÍF IX, 233) en Torfi þessi hefur átt að vera uppi mun síðar en þeir Brúsi og Ormur.

Hin ættin sem við sögu kemur eru afkomendur Þóris snepils sem var landnámsmaður í Fnjóskadal. Sonur hans var Þorkell svarti sem í Njáls sögu er sagður hafa búið í Hleiðargarði (ÍF XII, 270-271) en hann var faðir Guðríðar konu Þorgeirs Ljósavatnsgoða og Hrafns föður Þórðar á Stokkahlöðum. Annar sonur Þóris snepils var Ormur töskubak sem ekki er vitað hvar bjó, en sonur hans var Hlenni hinn gamli eða

skakki. Hlenni kemur víða við sögur og á að hafa verið uppi alllengi um og eftir aldamótin 1000. Samkvæmt Víga-Glúmssögu bjó Hlenni fyrst í Víðinesi, sem var skammt frá Öxnafelli (ÍF IX, 36, 63), en í Ljósvetninga sögu, Njáls sögu og Þorvalds þætti víðförla (ÍF X, 54, ÍF XII, 271, Bsk I; 43) sem segja frá atburðum síðar á 10. öldinni en Víga-Glúmssaga er hann látinn búa í Saurbæ. Ekki er vitað um afkomendur Hlenna en hann hefur átt að vera meiriháttar maður, mægður Þorvaldi króki á Grund, Bárði Hallasyni á Skáldsstöðum og Þorgeiri Ljósvetningagoða.

Ekki er getið um aðra bændur á skráningarsvæðinu á Sturlungaöld en bændur í Saurbæ. Í lok 12. aldar býr þar Ólafur Þorsteinsson rangláts af kyni Grundarmanna (afkomendur Þorvalds króks á Grund) og var Guðmundur góði hjá honum um hríð (Sturl, 109). Ólafur virðist hafa verið trúrækinn maður og sennilega barnlaus og gerði tilraun til að stofna klaustur í Saurbæ. Getið er um þrjá ábóta þar en klausturhaldið varð skammlíft (um 1204-1215) og 1217 er Þorvarður Þórðarson orðinn bóndi í Saurbæ (Sturl, 247), bróðursonur Guðmundar dýra af kyni Möðruvellinga og Fljótamanna. Þorvarðar er víða getið í erjum Sturlungaaldar og var hann einn af helstu stórbændum í Eyjafirði og einn þriggja úr héraðinu sem sóru Hákoni konungi eiða 1262 (Sturl, 751, 758).

Árið 1199 kom flokkur um heiðina frá Skagafirði og rændi mat og klæðum í Leyningi (Sturl, 165) en að öðru leyti er ekki getið um bæi á skráningarsvæðinu á þessu tímabili.

Í elsta máldaga Saurbæjar sem áður var getið er minnst á Velli, Háls og Sandhóla sem þá voru orðnar kirkjujarðir frá Saurbæ (DI II, 451) en þar fyrir utan er aðeins getið um Leyning í skjölum frá 14. öld en 1375 er getið um ítök sem Hólar og Vatnsendi áttu í landi jarðarinnar (DI III, 295). Á 15. öld fjölgar heimildum mjög um jarðir á þessu svæði en 1403 gefur sr. Halldór Loptsson Saurbæjarkirkju Krónustaði eins og áður var minnst á og ófæddu barni sínu hálfan Hleiðargarð (DI III, 687). Frá 1446 er til eignaskiptaskrá eftir Þorvarð Loptsson, son Lopts Guttotmssonar ríka, og sést af honum að hann hefur átt nær allar jarðir í innanverðum Saurbæjarhreppi og af jörðum á skráningarsvæðinu eru það aðeins Hleiðargarður, Gilsá, Kolgrímsstaðir og Jórunnarstaðir og helmingur af Leyningi og Villingadölum tvennum sem hann átti ekki (DI IV, 678). Ekki er vitað um ríkari mann á þessu svæði en Þorvarð Loptsson þó

sennilegt sé að flestar þær jarðir sem hann átti hafi hann fengið að arfi og má vel vera að Loptur faðir hans hafi átt fleiri. Á 15. og 16. öld heldur hinsvegar þetta munstur áfram, að fyrir utan jarðir þær yst á svæðinu sem lágu undir Saurbæjarkirkju, var stór hluti jarða þar í eign stórhöfðingja og gengu jafnan milli manna í kippum. Einn af þessum var Árni Höskuldsson sem gerði ráð fyrir hvernig ráðstafa skyldi ýmsum eignum sínum er hann fór utan 1471 og voru þar á meðal Hleiðargarður og Gilsá sem þá er nefnd í fyrsta skipti (DI V, 625-26). Árið 1501 seldi Þorvarður Erlendsson Grími Pálssyni margar jarðir innst í Eyjafjarðardal og voru þar á meðal Villingadalirnir báðir, Torfufell og Úlfá (DI VII, 583, sbr. DI VIII, 322). Sonur Gríms, Þorleifur, arfleiddi Grím son sinn að þessum sömu jörðum árið 1546 og þar að auki Jórunnarstöðum, Skáldstöðum og Kolgrímsstöðum sem þá er getið í fyrsta skipti (DI XI, 465). Um svipað leyti og vegur Þorleifs Grímssonar var sem mestur eignaðist Hólastóll jarðir utar á skráningarsvæðinu, bæði Hleiðargarð og Gilsá og hugsanlega einnig Leyning (DI IX, 301; DI XI, 870). Þorleifur eignaðist Hleiðargarð um skeið (DI IX, 635) og síðar Ari Jónsson sonur Jóns Arasonar biskups en hann átti einnig Nes (DI XI, 209, 258, 432), en Hleiðargarður komst þó aftur undir stólinn og var seinni aldir eina stólsjörðin á skráningarsvæðinu (DI XV, 226: JÁM X, 245).

Eftir lát Þorleifs Grímssonar verður ekki vart samskonar auðsöfnunar á þessu svæði. Ýmsir stóreignamenn áttu jarðir þar en eignir þeirra voru ekki samliggjandi og þeir sjálfir bjuggu oft á tíðum á öðrum landshornum. Innsti hluti Eyjafjarðardals er gott dæmi um svæði þar sem ítök kirkjunnar í jarðeignum voru ávalt lítil og stóreignamenn röðuðu jörðum saman í góss á 15. og 16. öld og þar sem á 17., 18. og 19. öld flestar jarðir voru í eigu stóreignamanna.

Í heild virðist byggð hafa verið mjög stöðug á skráningarsvæðinu. Þess hefur áður verið getið að mögulegt er að Strjúgsá sé nýbýli frá 15. öld en það er þó engan veginn víst og fullt eins líklegt að sú jörð sé gamalt lögbýli sem komst undir Saurbæjarkirkju, hugsanlega eftir að hafa legið í eyði um skeið eftir Svartadauða. Ekki er ástæða til annars en að ætla að Vellir, Háls, Saurbær, Sandhólar, Krónustaðir, Hleiðargarður, Nes, Gilsá, Gullbrekka, Kolgrímsstaðir, Skáldstaðir, Jórunnarstaðir, Leyningur, Villingadalur og Torfufell séu gömul lögbýli sem eiga rætur sínar á landnámsöld.

Þegar fyrst er getið um byggð í Villingadal, í skjali frá 1446, eru þar tveir bæir en þeir eru jafnan seldir saman sem ein jörð fram á 16. öld. 1595 er Syðri Villingadalur seldur sérstaklega (Jarðabréf, 207) í fyrsta skipti svo vitað sé, og nokkrum sinnum eftir það á 17. öldinni en 1712 voru báðir Villingadalirnir í eigu Magnúsar Björnssonar á Espihóli (JÁM X, 253). Það virðist því sem Villingadalur hafi upphaflega verið ein jörð með tveimur býlum, sem reyndar fylgdu oft annaðhvort Leyningi eða Torfufelli í kaupum. 1556 er Torfufell með Villingadal gefið í kvonarmund og fylgir þá með Torfufelli Hólkot (DI XIII, 132). Hólkot er án efa sama jörð og síðar er kölluð Hólsgerði en 1712 er það talið hluti af Torfufelli, byggt fyrir manna minni í úthögum (JÁM X, 255). Freistandi er að telja að Hólkot/Hólsgerði sé byggt á svipuðum tíma og hjáleigur Saurbæjar, Rauðhús og Melgerði, en þeirra er fyrst getið á 17. öld. Í fyrri skýrslum hafa verið færð rök fyrir því að afbýli með endingum eins og –hús og –gerði séu nýbýli frá 15. og einkum 16. öld og þó að lítið sé vitað um þessi þrjú býli þá er ekkert sem bendir til að þau hafi verið í byggð fyrir 16. öld. Í jarðabók Árna og Páls fyrir þetta svæði, sem tekin var saman árið 1712 er víða getið um hjálegur sem voru í skammri byggð á 17. öld og sumra þeirra er einnig getið í eyðibýlaskrá Olaviusar frá 1777 eins og sjá má af meðfylgjandi töflu:

Jörð	**afbýli**	**1712:**	**1777:**
Djúpidalur	Mælifell	sel frá Djúpadal, munnmæli um byggð í fyrndinni, forn garðlög	fór eyði 1707 [!]
Vellir	Vallnakot	byggt á köflum til 1696	fór í eyði 1712-21
	Harðmagagerði	fornt eyðiból, garða- og tóftaleifar	fór í eyði 1707 [!]
	Ásgarðar	girðing og fáar tóftaleifar, talið beitarhús fremur en býli	eyðiból
Saurbær	Keppsteigur	í eyði frá um 1670	eyðiból
Hleiðarg.	Hleinargarðskot	í eyði frá um 1705	fór í eyði 1707
Nes	Nesgerði	forn hjáleiga, í eyði frá um 1630	
Gilsá	Litlagilsá	hjáleiga, í eyði frá því fyrir 1630	
	Steinagerði	eyðihjáleiga, í eyði frá um 1706, byggt í skamma hríð þar áður þar sem ekki hafði byggð fyrr verið	fór í eyði 1707
Gullbrekka	Gulltunga/		eyðiból

	Grænutóftir	
Skáldstaðir	ón stekkstæði.	girðing ei ólík túngarði, munnmæli um byggð í fyrndinni
Jórunnarst.	Nunnugerði	hjáleigunefna, í eyði fyrir 1680, en byggð 1 ár þar fyrir
Leyningur	Tjarnargerði	Byggð fáein ár fyrir 1680
	Klaufargerði	eyðihjáleiga, í eyði fyrir 1650
Úlfá	Magnúsartóftir	fornt stekkjarstæði, munnmæli að Úlfá hafi í fyrndinni staðið þar.

Ekki er vitað um neina aðra staði en þá sem taldir eru í þessum tveimur heimildum sem gætu verið forn bæjarstæði. Þeim má skipta í tvennt. Annarsvegar eru staðir eins og Mælifell, Varmhagi eða Harðmagagerði, Gulltunga og Magnúsartóftir þar sem tóftir benda, eða hafa bent, til búsetu sem hefur verið aflögð löngu fyrir 1700, og hinsvegar eru býli þar sem vitað er um byggð í skamma hríð á 17. og 18. öld. Sum þeirra, eins og Vallnakot og Hleiðargarðskot virðast hafa verið í byggð af og til á löngum tíma, en flest hinna virðast hafa verið skammlífar tilraunir til búskapar á góðæristímum og er sennilegt að slíkar sveiflur hafi alltaf verið, einnig á fyrri öldum þó heimildir séu ekki til um slíkt. Eina mögulega vísbendingin um gamalt býli á svæðinu er Tjörn sem talað er um í Víga-Glúmssögu “uppi í Eyjafjarðardal” (ÍF IX, 57). Þess hefur verið getið til að þetta býli hafi verið á sama stað og seinna hét Tjarnargerði í Leyningslandi (KK II, 117) en það er þó alls óvíst.

Að lokum má velta vöngum yfir þróun byggðarinnar á skráningarsvæðinu á landnámsöld. Vellir eru þannig staðsettir, andspænis bæjahverfi í kringum Hvassafell að eðlilegast er að álykta að þeir hafi tilheyrt litlum landnámskjarna sem seinna hefur klofnað milli Miklagarðs og Stóradals. Þannig má líta á Velli sem fornt býli sem gæti átt rætur að rekja til elstu mannvistar á svæðinu en varð síðar útjörð frá Saurbæ. Saurbær hefur einnig byggst snemma og verið kjarninn í litlu hverfi með Hálsi, Sandhólum og Krónustöðum. Þar fyrir sunnan eru Hleiðargarður, Gullbrekka, Jórunnarstaðir, Leyningur og Torfufell stærstu jarðirnar og höfðu allar kirkjur eða bænhús á miðöldum nema um Leyning er ekki vitað. Bænhús var í Hleiðargarði og hálfkirkja í Gullbrekku en presturinn í Saurbæ tók svo mikið kaup utangarðs að ætla má að önnur hálfkirkja hafi

verið einhversstaðar í sókninni, mögulega á Völlum. Sóknarmörk við Hóla voru sunnan við Kolgrímastaði og var Torfufell því í Hólasókn en ekki er vitað um aðrar útkirkjur í þeirri sókn þó prestkaupið sýni að þar hljóti einnig að hafa verið a.m.k. tvær í viðbót við kirkjuna í Torfufelli. Þar koma helst til greina Leyningur, Tjarnir og Arnarstaðir.

Í fornsögum er greinilega talið að Jórunnarstaðir séu forn jörð enda var hún jafndýr og bæði Gullbrekka og Hleiðargarður (40 hundruð) og auk þess örskammt frá Hólum handan árinnar en Hólar hafa örugglega verið byggðir mjög snemma. Raunar er líklegt að eystri hlið Eyjafjarðardals hafi byggst heldur fyrr en sú vestari því þar er undirlendi víðast meira þar sem áin rennur yfirleitt undir vesturhlíðunum. Jórunnarstaðir gætu þannig verið hluti af landnámskjarna með miðstöð á Hólum. Aðrar jarðir á svæðinu hafa síðan byggst seinna en það eru Nes og Gilsá, Kolgrímastaðir, Skáldstaðir (sem einnig gætu hafa tilheyrt landnámskjarna Hóla), Villingadalirnir og Úlfá. Villingadalirnir hafa án efa byggst úr landi Leynings enda á sú jörð land framan við þá í Villingadal og Úlfá hefur byggst frá Torfufelli, en Kolgrímsstaðir annaðhvort frá Jórunnarstöðum eða Gullbrekku, og Nes annaðhvort frá Gullbrekku/Gilsá eða Hleiðargarði. Ekkert bendir til annars en að bygging allra þessara jarða hafi átt sér stað á skömmum tíma á landnámsöld, þó auðvitað sé ekki loku fyrir skotið að býli eins og Úlfá og Villingadalirnir séu ekki byggð fyrr en síðar.

1. YFIRLITSKORT. DREIFING MINJASTAÐA OG LANDAMERKI


3. Fornleifaskrá

2. FORNLEIFAKORT. DJUPIDALUR, ÞVERDALUR, SNEISARDALUR OG STRJUGSARDALUR

Ey-345b Þverdalur – afrétt Djúpadals

"Sneisará skiptir löndum milli Saurbæjar og Stóradals, en Stóradalsland vestan árinnar og norður eftir heitir Þverdalur. … Stóruskriðugil … ræður merkjum milli Stóradals- og Saurbæjarlands þar á dalnum. … Saurbær á land á Djúpadal þar fyrir innan." Ö-Saur, 189-190.

Ey-345b:001	*Mælifell*	býli/seltóftir	65°26.204 N	18°19.628 V



"Vestan Þverdalshóla, en sunnan Strjúgsáreyra, er fornt eyðibýli, sem heitir Mælifell. ... Strjúgsá og Djúpadalsá eru nú að mestu búnar að brjóta engjar þessa forna býlis, en það er mælt, að þar hafi verið 18 hurðir á járnum, þegar bærinn var í blóma sínum." segir í örnefnalýsingu (sbr. Ey-345:008). 1712: "Mælefell kallast sel heimajarðarinnar [þ.e. Djúpadals] fram á Djúpadal. Það eru munnmæli, að þar hafi í fyrndinni bygð verið, sjást þess og nokkur merki af fornum garðlögum hjer í kring. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi." JÁM X, 238. Rústir Mælifells eru á um 1 ha svæði vestan (eða norðan) undir hálsinum sem aðgreinir Þverdal frá Djúpadal, niðri við áreyrarnar, fast við þar sem eyrar Strjúgsár ýta Djúpadalsá til vesturs, um 100 m sunnan við 005. Grösugir hólar neðst í hlíð og er svolítil lægð sem aðgreinir þá frá henni á þrjá vegu en að vestan eru áreyrar. Túnstæði er ekkert nema á hólunum sjálfum. Undirlendi er sáralítið framan við Mælifell en fjallshlíðin er vel grösug neðantil allt fram að Stóruskriðu. Svæðið er samtals 110x100 m. Hólarnir mynda eins og stalla og eru tóftir á þeim flestum. Efst (suðaustast) eru tvær aflangar tóftir (16x7 og 14x12 m) hvor af annarar enda og er sú nyrðri með hliðarhólfi. Auk þessu eru tvær hvompur sem gætu verið tóftir vestan og sunnan við syðri tóftina. Þessar tóftir eru mjög útflattar og sennilega gamlar. Sunnan við hólinn sem þessar tóftir eru á er lægð eða hvos og eru í henni tóftir sem eru heldur skýrari þó þær séu hlaupnar í þúfur - en engar þúfur eru uppi á hólunum. Syðst er aflöng tóft í nokkrum halla (14x8 m), og norðan við hana önnur heldur minni (10x6 m), með dyr til vesturs og

lítið hólf við suðausturhorn (7x5 m). Þar að auki eru óglöggar hvompur tvær við vesturendann. Ofan og norðan við þessar tóftir en neðan við hinar sem fyrst voru taldar er tóftaþyrping heldur óglögg sem virðist skiptast í fjögur ámóta stór hólf (15x12 m). Veggir mjög útflattir og engar dyr sjáanlegar. Neðan og norðan við þessa, og vestur af þeim sem fyrst voru taldar er tvískipt tóft með fjárhúslagi (13x10 m). Það er hólf sem snýr upp í brekkuna með dyr til vesturs og annað svipað stórt sem snýr þvert á gaflinn ofan við. Þar fyrir norðan eru tvær hvompur á sama palli sem gætu verið tóftaleifar. Fyrir neðan fjórskiptu tóftina er enn tóft á mjóum palli (7x6 m) en þar fyrir neðan og norðan gengur neðsti hluti hólanna út til norðurs og myndar rana eða lágan ás. Á honum eru nýlegar beitarhúsatóftir (21x15 m). Það er ein þyrping með a.m.k. tveimur fjárhúshólfum og hlöðu meðfram en auk þess tvö hólf til viðbótar og gæti hér vel hafa verið haft í seli. Grjót er í hleðslum sem eru þó ekki mjög háar. Hvergi sést annars grjót í tóftum á Mælifelli. Norðan við beitarhúsin er raninn sléttur að sjá að ofan en framan (vestan) í honum er rof og þar sjást greinilegar torfhleðslur.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Saur, 190 og JÁM X, 238.


Ey-345b:002 *Merkigarður* heimild um landamerki 65°26.205 N 18°21.574 V

"Fyrir framan hólmana hjá Mælifelli eru Grundirnar og ná fram að Litluskriðu, sem kemur úr Litluskriðugili. Skammt þar fyrir framan er stórt klettagil, sem heitir Stóruskriðugil, og úr því kemur Stóraskriða. Það ræður merkjum milli Stóradals- og Saurbæjarlands þar á dalnum. Merkigarður var þar til." segir í örnefnalýsingu. Stóraskriða er gríðarstór og er þar mikið af nýlegum skriðutaumum og sér ekki til neins garðs.

Hættumat: hætta vegna skriðufalla.

Heimildir: Ö-Saur, 191.


Ey-345b:003 *Þverdalsrétt* réttartóft 65°26.187 N 18°19.227 V



300-400 m sunnan við Strjúgsá, eftir að hún rennur fram úr Strjúgsárdal er Þverdalsrétt í hvammi, um 100 m fyrir ofan - austan - áreyrarnar, í næsta hvammi fyrir utan 004. Réttin er í hvammi sem er ekki stærri en svo að réttin fyllir botn hans. Lyng og mosi á hálfblásnum hólunum í kring en gras í botninum. Stærð réttarinnar er 15x13 m. Hleðslur standa að mestu leyti. Aðeins er hrunið inn í réttina á tveimur stöðum. Grjóthleðsla í gegn á NV-hlið en á SA hlið er grjót aðeins að innan en torfi er hlaðið utanmeð.

Hættumat: engin hætta.


Ey-345b:004 4 selstóftir 65°26.128 N 18°19.284 V



Í næsta hvammi fyrir framan réttina (003) eru tóftir, 200-300 m fyrir ofan (austan) áreyrarnar, innan við 200 m norðan við Mælifell og heldur ofar í ásnum. Í breiðum hvammi sem opnast í norðvestur, grösugur að neðanverðu en hólarnir í kring eru blásnir að ofan, lyng og mosi í hlíðum. Ekkert vatnsból sýnilegt. Neðst í hvamminum, uppundir vestustu tóftinni er mýri. Efst í hvamminum er tóftaþyrping, alls 18x12 m að utan og eru grjóthleðslur í veggjum, mjög skýrar einkanlega að utan. Syðst er fjárhústóft og hlöðuhólf aftanvið en norðanvið eru fjögur lítil hólf og eru einhver þeirra sennilega vistarverur. Þessi þyrping er á litlum hól sem gæti verið eldri byggingaleifar. 13 m sunnan og ofan við þessa þyrpingu er lítil hringlaga tóft, 4 m í þvermál með dyr í átt að þyrpingunni til austurs. Rúmum 20 m norðvestan við þyrpinguna er stekkjarleg tóft á litlum hól. Hún er 9x5 m að utanmáli, með dyr á vesturgafli en einnig dyrum úr krónni á langvegg. Þar að auki er örlítil tóft áföst við austurlangvegg gegnt dyrunum á krónni. 12 m sunnan við þessa tóft er aflöng tóft sem liggur heldur lægra, eiginlega úti í mýrinni og hefur vatn staðið í botni hennar í vor. Hún er 8x4 m að utan og hafa dyr sennilega verið á norðurgafli þó ekki séu þær greinilegar. Þar er þúst sem gæti verið veggjarbrot af tóft sem er þá nær alveg sokkin í mýrina.

Hættumat: engin hætta.

Ey-345b:005 hleðsla 65°26.150 N 18°19.457 V



Um 100 m vestur af nyrðri tóftunum í 004, á hálsi á milli hóla er ferhyrnd steinasetning, 100-150 m ofan og norðaustan við Mælifell og í hvarfi þaðan. Í grösugum hvammi milli blásinna melhóla. Þessi hleðsla er of stór til að var varða, auk þess sem hún er greinilega hlaðin í hring, en er of lítil til að vera smalakofi. Staðsetningin raunar einnig fráleitt fyrir hvort sem er, vörðu eða smalakofa, því útsýni er nær ekkert frá þessum stað. Hálfgróið en engu að síður greinilegar hleðslur. Dys?

Hættumat: engin hætta.


Ey-345b:006 *Gerðasel* heimild um sel 65°26.205 N 18°21.574 V

"Bændurnir í Syðra- og Ytra-Dalsgerði áttu selkofa utantil í svonefndri Stóruskriðu, utarlega á Djúpadalnum. En eitt vorið, um 1880, féll skriða mikil úr Stóruskriðugilinu, og tók af selkofana. Eyðilögðust þá með öllu Gerðaselin." segir í örnefnalýsingu. Engar hleðslur eða mannaverk sjást nú á Stóruskriðu eða þar í kring enda rennur mikið úr gilinu og margir nýlegir skriðutaumar eru á skriðunni. Há skriða, stórgrýtisurðir og grasgeirar á milli.

Hættumat: hætta vegna skriðufalla.

Heimild: Ö-Saur, 190.


Ey-348 Strjúgsá



20 hdr.1712. Eign Saurbæjarkirkju, einnig kallað Þrúgsá og Þrjúgsá. Fyrst getið 1461 - DI V, 310 en 1394 hafði Saurbæjarkirkja eignast alla Þrjúgstungu - DI III, 524 - ekki getið 1318. 23.10.1395 átti sá sem á Grund bjó lamba rekstur og geldfjár í Þrjúgstungur sem honum þarfnaðist - DI III, 605. 2.2.1398 selur Jón Hákonarson sr. Halldóri Loptssyni hálfa Grund með hálfum Þrjúgstungum - DI III, 623. 1461 er Þrjúgsá talin meðal jarða Saurbæjakirkju - DI V, 310, 1525 - DI IX, 328. 1840: "Strjúgsárdalur liggur undir kirkjujörðina Strjúgsá (olim Þrúgsá)" - SSE, 199. Í eyði síðan 1931 en jörðin nýtt til beitar. Á fyrri hluta þessarar aldar keypti eigandi Strjúgsárdal sem hafði áður tilheyrt Saurbæ.

1917: 2,4 ha. 1990: "Túnið var niður frá bæjarhúsunum, lítið og grýtt. Beitiland var í fjallinu og fram á Strjúgsárdal sem taldist afrétt. ... Upp undan bænum er mikið klettagil sem Kötlugil heitir. Úr gili þessu hafa oft fallið skriður og snjóflóð. Á seinni hluta 17. aldar féll mikið snjóflóð sem tók útihús og stórskemmdi túnið. Árið 1759 fórst ábúandinn í skriðu og varð þá mikið tjón á landi. Árið 1866 varð talsvert tjón á landi vegna skriðu og enn urðu tjón 1877 og 1925." BE 1990, 918. Túnið er gróin skriða og rennur saman við valllendismóana sunnan og norðan við en vestan við er mýri. Túnið er náttúrulega slétt og hefur sennilega aldrei verið átt við það að öðru leyti en að grjót hefur verið tínt úr því og sett í hrúgur sem eru hér og þar um túnið. Sumar af þessum hrúgum eru alveg grónar. Fyrir utan grjóthrúgur eru líka litlir öskuhaugar í túninu, grónir.

Ey-348:001 *Strjúgsá* bæjarhóll bústaður 65°26.451 N 18°18.389 V




Bærinn stendur sunnanhalt á skriðunni sem kemur úr Kötlugili, um 500 m sunnar en á móts við Litladal [merkt of sunnarlega á AMS korti]. Bæjarrústin er beint niður undan réttinni (008), en sunnan við útihúsin (002) og (003). Ekki er nein bæjarhólsmynd undir þessum rústum, frekar að þær séu grafnar inn í skriðuna. Hugsanlegt er að byggð sé ekki gömul á þessum stað og gæti bærinn hafa verið færður til vegna skriðufalla. Hleðslur eru mjög farnar að hrynja en eru þó heillegar á pörtum, og standa upp í 10 umför. Rof eru allvíða í rústunum, og er því haldið við af hestum sem leita sér skjóls undir veggjum og hraðar það hruni hleðslanna. Bæjartóftin skiptist í tvennt, syðst er fjárhústóft með garða eftir endilöngu og hlöðutóft að aftan. Dyr hafa verið á norður-langvegg, en fyllt hefur verið upp í þær. Þar hefur á einhverju stigi málsins verið innangengt á milli á meðan bærinn var samtengdur fjárhúsinu (sbr. grunnmynd bæjarins í Bæjalýsingum). Fjárhúsið með hlöðunni er 15x7 m. Kamparnir eru marg umbyggðir og gæti tóftin hafa verið lengd til vesturs. 3-4 m bil er milli fjárhússins og afgangsins af bænum en þar hafa þó á einhverju stig málsins verið byggingar en svæðið er allt komið í flag, einkanlega að ofan (austan). Leifar af a.m.k. 5 hólfum sjást auk gangna. Tréþil hefur verið fyrir fremsta húsinu (7x4 að innan) en úr því hefur verið innangengt í hús sem er 7x3 að innan og úr því í minna herbergi sem er 3x3 m að innan. Austan við framhúsið hafa verið aðrar dyr (hugsanlega aflagðar á síðasta skeiði bæjarins) og þar gengið inn í hús sem er 5x2 m að innan og gæti hafa verið innangengt á milli þess og framhússins. Innan af þessu húsi er annað sem er 4x2 m að innan. En aftan við það gæti hafa verið annað hús en þar er allt komið í flag. Skýr hleðsla er með útkanti bæjarins að austan. 5 m vestur (nær ánni) af norðurvegg fjárhússins er hringlaga hvompa sem gæti verið leifar af tóft, alls 5 m í þvermál.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Túnakort 1917.

Ey-348:002 fjárhúsatóft 65°26.429 N 18°18.364 V




Um 50 m norðaustan og ofan við 001 er útihústóft efst í túninu, beint norður af réttinni (008) og beint austur af 003. Efst í grösugu túni, á skriðu. Grjóthleðslur standa allt að 9 umförum. Dyr eru á vestur-langvegg fyrir miðju, hlaða eða heytóft við suðurenda, opin til vesturs að því er virðist en innangengt úr henni í fjárhúsið. Innan á norðurgafli er hlaðin eins og hilla í um 0,7 m hæð.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Túnakort 1917.

Ey-348:003 útihúsatóft 65°26.467 N 18°18.359 V




50 m norðan og neðan við bæinn (001), er útihústóft í túninu. Tóftin er einföld með grjóthlöðnum veggjum sem standa allt að 7 umferðum. Dyr eru nyrst á vesturgafli og virðist byggingin hafa verið lengd. Steinaröð er í botni tóftarinnar og skiptir henni í tvennt og gæti þar hafa verið skilrúm.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Túnakort 1917.

Ey-348:004 *Beitarhúsagil* 2 beitarhúsatóftir
65°26.876 18°16.652



"Næsta gil sunnan við Grófarmórinn er Sýslumannsgil. Næsta gil sunnan við heitir Beitarhúsagil, er parturinn milli þeirra neðst heitir Mór. Beitarhúsin stóðu á hrygg sunnan Beitarhúsagils. Heitur hann Beitarhúsahryggur, en upp frá húsunum Beitarhúsarimi. Sunnan við Beitarhúsahrygg neðst er Beitarhúsamór, en þar fyrir sunnan Beitarhúsagil syðra." segir í örnefnalýsingu. Tóftir beitarhúsanna eru hátt í hlíðinni á mörkum valllendisins og flagmóanna í fjallshlíðinni, heldur sunnar en á móts við Stóradal, svo að segja beint á móti þar sem Brandá rennur fram á eyrarnar úr gilkjaftinum. Á gilbarmi sem hefur kastað möl í tóftirnar, í allbrattri fjallshlíð efst í valllendisteygingum en talsvert valllendi með mýrarflákum á milli er á dalnum sunnan og norðan við. Ofan við er flagmór og þar ofan við gróðursnautt fjallið. Þessi beitarhús voru frá Saurbæ sbr Ö-Saur, 172: "Beitarhús frá Saurbæ voru nokkuð fyrir sunnan Langhóla og sjást tóftir þeirra greinilega, enda notuð fram yfir miðja nítjándu öld. Sagt er, að Skotta dræpi þar fé fyrir Saurbæjarpresti sr. Sigurði, sem byggði húsið á árunum 1806-1810." Tóftirnar eru tvær á litlum hól eða stalli og er sú nyrðri, sú sem er á gilbarminum full af urð eftir skriðu sem hefur skvetts úr gilinu. Annar skriðutaumur nær upp á norðurvegg syðri tóftarinnar. Skriðutaumarnir eru grónir. Ekkert sést af nyrðri tóftinni annað en kamparnir á vesturgafli en syðri tóftin hefur haft dyr til vesturs og hlöðu austan við sem er grafin inn í hlíðina.

Hættumat: hætta vegna skriðufalla.

Heimild: Ö-Saur, 172, 186.

Ey-348:005 örnefni *Vörðuhóll* 65°26.810 N 18°17.168 V


"Spölkorn sunnan við Syðra-Jarðfallsgil er Vörðuhóll, en utan við hann er Vörðuhólshvammur." segir í örnefnalýsingu. Aðeins einn hóll kemur heim við þessa lýsingu en engin varða er á honum lengur. Hann er um 100 m ofan við Djúpadalsá, þar

sem Nesið (sléttar og grónar eyrar meðfram ánni undir brekkurótum) dregst saman til suðurs. Hóll þessi er ekki hár en varða á honum hefði sést allt norðan úr Varmhaga og sunnan af skriðunni sem Strjúgsárbærinn stendur sunnanundir.

Hættumat: ekki vitað.

Heimild: Ö-Saur, 186.

Ey-348:006 *Réttargrund* réttartóft 65°26.588 N 18°17.908 V



"Suður af Höllunum er Réttargrundin." segir í örnefnalýsingu. Réttargrundin er allstór vallendisblettur neðst í fjallshlíðinni, sunnan við Höllin sem er meira brattlendi, skriðurunnið graslendi. Grundin nær svo suður að skriðunni úr Kötlugili sem Strjúgsárbærinn stendur sunnan undir. Réttin er yst og efst á Réttargrundinni, sunnan undir lágum ás eða gróinni skriðu, um 250 m frá Djúpadalsá, um 200 m sunnar en andspænis Litladal, heldur norðar en syðsta útihúsið þar á bæ. Einn af aðalstígunum eftir dalnum liggur þétt við austurhlið réttarinnar. Á valllendisgrund, í litlum halla, í skjóli undir gróinni skriðu. Veggir eru hlaðnir úr grjóti. Réttin er byggð inn í kvos, mögulega niðurgrafin að stórum parti og sjálfstæðir veggir eru eingöngu í vesturhlið, þar sem dyrnar eru og í vesturhluta suðurhliðar en annars er eingöngu hleðsla að innanverðu.

Hættumat: engin hætta.


Heimild: Ö-Saur, 186.

Ey-348:007 *Vörðuhryggur* örnefni 65°26.441 N 18°18.163 V

"Vörðuhryggur er rétt norðan við túnið." segir í örnefnalýsingu. Enginn hryggur er norðan við túnið nema þá skriðan úr Kötlugili, sem bæjarstæðið er sunnan á. Skriðan er hæst í miðjunni og byrgir þannig útsýni frá bænum út dalinn. Engar vörður er þar nú og erfitt að greina möguleg vörðustæði frá urðarhólum úr skriðum.

Heimild: Ö-Saur, 186.

Ey-348:008 *Strjúgsárrétt* réttartóft 65°26.414 N 18°18.343 V




"Strjúgsárrétt er rétt ofan við túnið." segir í örnefnalýsingu. Réttin er um 40 m suður af 002 og 50 m suðaustur af 001 á mörkum túns og skriðu, er raunar byggð á lítið gróinni urð. Girðingarundirstaða úr grjóti liggur samfelld á milli 002 og 008 þar sem hún kemur að norðvesturhorni og hefur haldið áfram til norðurs norðan við réttina. Er á skriðu fast við tún og vallendisfláka þar sunnan við. Aðalhólfið er 15x13 m að innan en norðan við það er eitt hólf dyralaust og vestan við það gæti hafa verið annað en þar vantar norðurhlið. Varnargarðurinn (011) er sambyggður réttinni. Sumt af urðinni ofan við réttina gæti verið grjót sem hent hefur verið þangað úr túninu og hylur það nú suðurenda túngarðsins (013) sem virðist hafa náð að norðausturhorni réttarinnar.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Saur, 186.

Ey-348:009 *Stekkjargrundin* stekkjartóftir 65°25.706 N 18°19.379 V



"Stekkjargrundin er þar fyrir sunnan [fyrir sunnan Hraungilið]. Sunnarlega neðan við grundirnar [stekkjargrundirnar] er Stekkjarhvammur, og í honum var Stekkurinn." segir í örnefnalýsingu. Eftir að komið er fram fyrir Leitin yst í Strjúgsárdal og farið er að sjá frameftir dalnum er breið grasbrekka niður á gilbarminn og sunnarlega á henni, þar sem gilið byrjar að dýpka, eru 3 tóftir á gilbarminum og ein stök (014) niðri í gilinu á árbakkanum. Tóftirnar eru fast við neðri götuna sem liggur eftir dalnum.

Í djúpum og þröngum dal, neðst í grösugri valllendisbrekku, á aflíðandi gilbrún, um 15 m ofan við ána sem fellur um dalinn. Nyrst er ferhyrnd girðing úr torfi (9x7 m að utan), sennilega rétt og virðist ganga garður niður brekkuna úr NV horni hennar, þar er brún á brattri brekkunni sem gæti verið garður sem sveigir þá til suðurs á móts við suðurenda aðaltóftarinnar, sem er 5 m sunnan við þá fyrst nefndu. Það er stekkjartóft, 12x8 m að utan, á iðjagrænum hól og eru sennilega eldri byggingarstig undir. Grjót sést í veggjum og króin á suðurenda er full af hleðslugrjóti. Þykkar skófir eru á þessum steinum. Undan SA hlið stekkjarins sést í hringlaga tóft og hefur hún einnig verið með grjóthleðslum, 7 m í þvermál. 8 m sunnan við hana er aflöng tóft, a.m.k. 17 m löng en aðeins 5 m breið en suðurendi hennar er óljós og þar er breiddin raunar líka óviss. Þar sjást torfhleðslur og aska í rofabarði. Grjót er í hleðslu á norðurenda þessarar tóftar. Helgi Hallgrímsson telur að líklegt sé að á þessum stað hafi einnig verið sel frá Saurbæ, er átti dalinn, (Söguminjaskrá, 28) og eru tóftirnar a.m.k. nógu miklar til þess, en auðvitað gæti þar hafa verið sel frá Strjúgsá eða einhverjum af hjáleigum Saurbæjar

jafnt sem höfuðbólinu sjálfu.

Hættumat: hætta vegna rofs.

Heimild: Ö-Saur. 187.

Ey-348:010 laug 65°25.658 N 18°19.435 V

"Upp úr [Stekkjar]hvamminum er Laug í litlum gilskorningi." segir í örnefnalýsingu. Um 50 m sunnan við 009 er smá gilskorningur og efst í honum er uppspretta með ylvolgu vatni (20-30°). Rennslið er lítið en aðstæður eru þannig að vel mætti hlaða fyrir til að búa til laug - en engin mannaverk eru sjáanleg á þessum stað. Tvær aðrar volgar uppsprettur eru beint niður af suðurenda 009 en rennsli í þeim er sáralítið og þar varla annað en volg dý.

Hættumat: ekki vitað.


Heimild: Ö-Saur. 187.

Ey-348:011 garðlag varnargarður 65°26.310 N 18°18.098 V

Grjóthlaðinn garður hlykkjast upp hlíðina beint upp af bænum á Strjúgsá og endar hann neðst við réttina 008 og er sambyggður henni. Um 70 m eru á milli gilkjaftsins og efsta sýnilega hluta garðsins en þar hafa skriður greinilega sópað hleðslunum burt. Neðar er garðurinn að mestu heill en þó hefur skvettst upp að honum víða og á nokkrum stöðum farið yfir hann. Garðurinn hefur heldur norðlæga stefnu og fylgir skriðunni. Á suðurbrún á stóri skriðu. Berar skriður eru norðanvið en grónar að sunnan en þar fyrir neðan eru valllendisgrundir sem garðurinn hefur átt að verja. Garðurinn hefur einnig gegnt hlutverki vörslugarðs þegar smalað hefur verið að Strjúgsárrétt (008).

Hættumat: hætta vegna skriðufalla.

Ey-348:012 útihús tóft 65°26.422 N 18°18.393 V



25 m SSA af SA horni bæjarins (001) er tóft í túninu. Hún er um 50 m vestur og beint niður af Strjúgsárrétt (008). Tóftin er grjóthlaðin en er nú að mestu gróin. Í botn hennar hefur verið raðað steinum sem mynda ferning en ekki er víst að þeir séu hluti af upphaflegu byggingunni - gætu verið yngri.


Hættumat: engin hætta.

Ey-348:013 garðlag túngarður 65°26.429 N 18°18.315 V

Leifar af túngarði sjást fyrir efri hlið túnsins á Strjúgsá, um 20 m austur af 002 og hefur suðurendi garðsins numið við réttina (008) en þar eru nú grjóturð yfir. Frá norðausturhorni réttarinnar eru 56 m en þar sleppir honum á mót við NA-horn á 002. Frá NV horni 002 liggur síðan gróinn garður 73 m niður brekkuna til vesturs, fyrir norðurhlið túnsins og endar 14 m frá gaflinum á 003. Garðurinn hefur fyrst og fremst þjónað sem skriðuvörn og hefur efni safnast upp að honum að ofan þannig að landið þar er allt að 1 m hærra en fyrir innan garðinn. Grjóthleðslur eru að stærstum hluta hrundar inn á túnið. Mjög þykkar skófir eru á grjótinu sem gæti bent til að garðurinn sé gamall.

Hættumat: hætta vegna skriðufalla.


Ey-348:014 stekkjartóft 65°25.701 N 18°19.448 V



50 m vestan og neðan við tóftirnar í Stekkjarhvammi (009), er stök tvískipt tóft á árbakkanum og er greinilega einnig stekkur. Á árbakka í grösugum hvammi, í þröngum og djúpum dal. Réttin er hlaðin utan í stóran jarðfastan stein á árbakkanum en króin er við suðvesturhorn hennar og með dyr til suðurs. Báðar grjóthlaðnar en að mestu grónar.

Hættumat: engin hætta.

Ey-348:015 5 tóftir sel 65°24.922 N 18°19.945 V



1712 átti Saurbær "Aðra selför í Þrúgstungu [Strjúgsá] og alla tunguna í millum Þrúgsár og Þverdalsár." Þrúgs- eða Strjúgstunga er fjallið milli Strjúgsár og Sneisarár. Það heitir Sneisarfjall og lækkar í Sneisarháls og heitir Sneisarspor̨ur þar sem Sneisaráin fellur í Strjúgsána. "Þar var rétt og byrgi fyrir þá, sem sátu lömb frá Saurbæ og hjáleigunum. Er sennilegt að þar hafi verið Selið frá Saurbæ … Á dögum séra Eiríks Þorsteinssonar í Saurbæ (1725-1738) er sagt, að selið hafi lagzt niður þar, sökum reimleika af völdum Sigríðar, sem fórst við Sigríðarhól [016], og var þá byggt sel á Djúpadal." segir í örnefnalýsingu. Tóftirnar eru á háum hól Strjúgsárdalsmegin við hálsinn, um 200 m frá ármótunum og um 100 m vestan við Strjúgsá. Á allháum og bröttum hól í djúpum og þröngum dal, með skriðurunnum hlíðum. Grösugt er í kringum tóftirnar (og í hvamminum sunnan við þar sem tvær þeirra eru) en í kring eru lyng- og flagmóar. Réttin er grjóthlaðin, 16x6 m að utan, mest 5 umför og sennilega yngsta mannvirkið á staðnum. Dyr eru sunnarlega á vestari langvegg

en þar sunnan við er hólf með hleðslum sem standa lægra og hefur verið innangengt á milli. Þessi tóft sést vel frá hinni hlið dalsins. Ofan við hana er grjóthlaðin tóft, 7x7 m að utan og 3,5x2 m að innan með dyr í austur, sem gæti verið byrgið sem getið er um í örnefnalýsingu, og önnur minni fast neðan við hana, 5x4 m að utan með dyr í austur, sem gæti verið forveri hinnar. Þessar tvær tóftir eru á upphækkun sem gæti verið rústahóll og er grjót í þeim báðum þó þær séu að mestu grónar. Hvompa er þar norðan við sem gæti verið byggingaleifar. Í hvamminum sunnan við hólinn eru tvær tóftir til viðbótar, báðar aflangar og alveg grónar. Sennilega eru það eldri réttir, því þeim svipar mjög að stærð til réttarinnar upp á hólnum. Önnur er 19x6 m að utan með óljósan norðurgafl en hin er 16x6 m að utan og gæti verið aukahólf meðfram syðri-langveggnum austantil.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: JÁM X, 243 og Ö-Saur, 188-189.

Ey-348:016 þjóðsaga *Sigríðarhóll*

"Dálítið suður og fram af Hrútaskál [framarlega á Strjúgsárdal, austanmegin] er Sigríðarhóll og Sigríðarhólsgrundir í kringum hólinn. Sigríðarhjalli er suður og upp af grundunum. … Nafn sitt dregur Sigríðarhóll af því, að þar varð úti smalastúlka frá Saurbæ, sem Sigríður hét og var í seli þar. Er mælt, að hún hafi verið að leita að kvíaám. (Saga er um það í Grímu, 6. hefti). Önnur sögn er sú ums Sigríðarhól, að þar hafi um tíma búið kona, sem Sigríður hét og nafnið sé komið af því." segir í örnefnalýsingu.


Heimild: Ö-Saur, 188.

Ey-348:017 þjóðsaga *Bræður*

“Út og fram af Hleinunum [framarlega á Strjúgsárdal vestanmegin] eru tveir litlir hólar, sem heita Bræður. Sagan hermir, að bræður tveir, sem báðir vildu eiga sömu stúlkuna, hafi orðið ósáttir út af því þarna og gripið til vopna sinna, og því lyktað þannig, að báðir féllu og voru heygðir þarna." segir í örnefnalýsingu. Bræður eru heldur utar en Sigríðarhóll (016) handan árinnar.

Heimild: Ö-Saur, 188-189.

Ey-348:018 tóft brunnur 65°26.441 N 18°18.406 V




24 m suður af útihúsinu 003 og vestur af norðurenda bæjartóftarinnar (001) er lítil ferköntuð tóft með ávölum hornum. Að innanmáli er tóftin 1,5 X 1,5 m, með grjóthlöðnum veggjum og eru hvergi dyr en niðri í tóftinni er grjóthrúga og er einsætt að þetta hljóti að vera brunnur sem fallið hefur saman.

3. Fornleifakort. Vellir, Háls og Saurbær

Ey-349 Vellir

40 hdr.1712; 20 hdr 1847. Eign Saurbæjarkirkju. Fyrst getið 1318 og átti Saurbæjarkirkja þá Vallaland allt - DI II, 451, sbr. 1394 - DI III, 524, 1461 - DI V, 310, 1525 - DI IX, 328.

Túnakort 1917: 5 ha. 1990: "Túnið er á allbreiðu svæði meðfram ánni en norðan hennar og austan eru melhólar og öldur. Beitiland er í hólunum og suður með Djúpadalsánni fram að Varmhaga sem er graslendi gegnt Stóradal. Brú var byggð á Djúpudalsá við Velli 1962. Fram til þess tíma voru vörur fluttar yfir ána á hestum og síðar á dráttarvélum. ... Eyðibýlið Vallnakot stóð í hvammi við Djúpadalsá nokkuð framan við Velli. Fór það í eyði um 1700." BE 1990, 830.




Ey-349:001 *Vellir*

bæjarhóll bústaður

65°28.332 N 18°13.206 V

"Bærinn var áður sunnar á túninu en hinn nýbyggði bær." Ö-Saur, 180. Gamli bærinn stendur enn að hluta. Hann er beint suður af braggabyggingu og um 150 m sunnan við íbúðarhúsið á Völlum. Norðan við leifarnar af gamla bænum er fjárhús og bæjarhlaðið. Bærinn stendur á töluverðri hæð. Austan og sunnan við eru tún en vestan við eru grasbalar að ánni Gamli bærinn stendur að hluta. Syðst er eitt hólf sem vel er greinilegt en þvínæst torfhús undir þaki. Norðar er sambyggt annað hús þar sem þakið er hrunið en timburstoðir standa enn. Nokkuð er um rusl í tóftinni og virðist hún notuð sem hálfgerður ruslahaugur.




Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-349:002 heimild um útihús 65°28.366 N 18°13.129 V
Útihús var 4-5 m sunnan við gamla bæinn 001 en ekki sést merki þess í dag.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-349:003 heimild um útihús 65°28.340 N 18°13.187 V
Útihús voru 10 m vestan við gamla bæinn, þar sem eru rennislétt tún. Ekki sást leifar þeirra.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-349:004 útihús tóft 65°28.347 N 18°13.187 V




Um 80 m suðvestur af 001 og um 40 m austan við lækinn eru tóftir þar sem merkt er útihús á túnakorti frá 1917. Tóftin er í miðju túni og er mjög stæðileg. Þrjú hólf eru mjög greinileg en það fjórða (og nyrsta) er ógreinilegra enda hefur þakið alveg hrunið ofan í það.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-349:005 heimild um útihús 65°28.338 N 18°13.002 V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 40 m norðaustan við gamla bæinn 001. Ekki er hægt að greina nein merki um útihúsið en það hefur staðið á lítilli hæð í sléttuðu túni. Kristín Friðrika Sigurvinsdóttir (f. 1938) man eftir að hafa heyrt talað um útihús á þessum stað en það var horfið fyrir hennar minni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.


Ey-349:006 heimild um útihús 65°28.363 N 18°12.985 V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 70-80 m austan við núverandi íbúðarhús. Þar er sléttað tún og ekki sést til útihússins.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-349:007 *Barðhús* fjárhúsatóft 65°28.456 N 18°12.977 V



"Barðhús er fjárhús utar frá bænum og fyrir neðan það, við ána, er Barðhúshvammur." segir í örnefnalýsingu. Tóftir Barðhúsa eru um 140 m norðaustur af 006 og milli 90-100 m norðan við núverandi íbúðarhús á Völlum. Þær eru um 10 m vestan við vegaslóða og 50 m austan við Djúpadalsá. Tóftin samanstendur af tveimur greinilegum hólfum og því þriðja, sem er ógreinilegt, á milli þeirra. Þak hefur hrunið ofan í miðhólfið og er því ekki hægt að greina lögun þess.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Saur, 180.

Ey-349:008 *Ásgarður* býlistóft 65°28.014 N 18°12.768 V




"Borgarkriki heitir djúp graslaut ofan við Efra Breiðhólasund. Gengur hún norðan í Borgarréttarás. Vestan við Borgarkrika, á landamerkjum Saurbæjar og Vallna er Ásgarður, gamalt eyðibýli." segir í örnefnalýsingu. Ásgarður er 60-70 m norðaustan við Borgarrétt (012), nálægt merkjum við Saurbæ. Hólarnir norðaustan við réttina ná til norðausturs og eru við merkin. Hólarnir eru nefndir Ásgarður eftir býlinu en suðaustast í þeim er algróin tóft. Hóllinn sem tóftin er á snýr frá norðri til suðurs. Þar er tvær greinilegar tóftir sem samtals ná yfir svæði sem er um 16 X 20 m að flatarmáli. Í þeirri stærri er greinanlegt eitt hólf sem er 7 X 9 m að utanmáli en líklegt er að sú tóft hafi náð lengra til norðurs og þá verið 2 hólf. Um 8 m austan við stærri tóftina eru leifar af öðru húsi minna. Það er 8 X 4 m að stærð en norðurendi þess er líka eyddur þó að á henni sjáist að hún hafi verið 2 hólf. Getið er um Ásgarða í Jarðabók Árna og Páls frá 1712: "Asgardar heitir örnefni austur frá bænum í landinu. Þar er girðing og fáar tóftaleifar, og efast menn að þar hafi bygð verið, en geta til að hjer hafi verið girt um beitarhús. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi." JÁM X, 241. Ásgarðar eru einnig taldar í eyðibýlaskrá Ólavísusar, sennilega eftir Jarðabókinni.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Saur, 171, JÁM X, 241 og ÓO II, 39.

Ey-349:009 *Stekkjarhvammur* stekkjartóft 65°27.918 N 18°13.822 V

Rétt sunnan við Vallakot en norðan við Skottuklett er Stekkjarhvammur en í honum eru leifar stekks sem er mjög gróinn. Hann er í brekkurótum u.þ.b. 30 m austan við Djúpadalsá. Tóftin er mjög gróin en þó má sjá glitta í hleðslu á stöku stað. Hún er 11 X 5 m að stærð og samanstendur af tveimur hólfum.



Hættumat: engin hætta.

Ey-349:010 *Kvíaból* kvíatóft 65°28.296 N 18°13.179 V

“Fyrir sunnan túnið, þ.e. það sem gamla túnið náði, er Kvíaból. Þar voru kvíarnar

fyrrum." segir í örnefnalýsingu. Kvíaból er um 80 m suðaustan við 004 í norðausturjaðri túns. Um 20 m vestan við vegaslóða. Á þessum stað er ójafna eins og eftir tóftaleifar en ekki er þó hægt að merkja lögun hennar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 180.

Ey-349:011 *Ullarhvammsvað* heimild um vað 65°27. 908 N 18°13.956 V


Ullarhvammsvað er vestur af Ullarhvammi sem er næst sunnan við Stekkjarhvamm (009).

Áin er grynnri á þessum stað en austan við hana er grösugur og lítt þýfður árbakki.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 180.

Ey-349:012 *Borgarrétt* réttarhleðsla 65°27.929 N 18°12.984 V




"Þar sunnar og ofar [en Kvíabólið 010] er Réttarsund, og nær það suður hjá Borgarrétt, sem er aðalfjárskilarétt hreppsins." segir í örnefnalýsingu. Vegarslóði liggur frá Völlum langleiðina að réttinni sem er í lægð milli kletta. Vestan réttarinnar er melhæð en austan hennar klettabelti sem er einnig austurveggur réttarinnar. Að norðan og sunnan eru móar en um 100 m sunnar eru tún. Austur hluti réttarinnar er klettabeltið en annars er hún öll hlaðin og mjög greinileg. Hún er 45 X 35 m að stærð.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 180.

Ey-349:013 *Vallnakot* býlistóft 65°27.972 N 18°13.712 V



"Vallnakot er eyðibýli í hvammi við ána, nokkuð fyrir sunnan Velli. Er talið, að býli þetta hafi farið í eyði árið 1712. Gaf túnið af sér eitt kýrfóður. Grónar tóftir eru þar, sem bærinn mun hafa staðið." segir í örnefnalýsingu. Í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 segir svo um Vallnakot: "í eyði næstu 16 ár, og var bygt þar fyrir köflum saman, og þess á milli stekkur heimajarðarinnar, og so er enn. Landskuld xl álnir í landaurum heim til staðarins, og skerti það eftirgjald jarðarinnar. Leigukúgildi vita nálægir ekki að hjer hafi verið. Kvaðir öngvar. Fóðrast kunni, seinast byggt var, 1/2 kýrþúngi, en nú minna, og er það heimajörðunni áður talið. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi." JÁM X, 241. Samkvæmt eyðibýlaskrá Olaviusar frá 1777 fór Vallnakot í eyði 1712-21 og má vera að hann hafi haft heimildir fyrir því að kotið hafi byggst aftur um skeið eftir að jarðabókin var tekin saman.

Tóft Vallnakots er nokkurn vegin til móts við Ytri-Dalsgerði, 30-40 m austan við ánna. Bærinn fór í eyði 1696. Austan við tóftina eru melar en tóftin stendur á sléttum bakka sem nær að ánni. Á þessum slóðum er aðeins greinanleg ein tóft. Hún er mjög gróin en greinileg. Stendur á grænum hól á árbakkanum. Tóftin er 13 X 13 m og eru tvö hólf greinileg en það þriðja er ógreinilegt.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Saur, 181, JÁM X, 241 og ÓO II, 39.

Ey-349:014 *Ullarhvammur* örnefni 65°27.905 N 18°13.949 V

“Þá er Ullarhvammur í suðaustur af Syðra-Dalsgerði, breiður og grösugur, nefndur svo vegna þess, að þar hefur löngum verið þvegin ull frá Hálsi." segir í örnefnalýsingu. Ullarhvammur er við Djúpadalsá suður af Skottuhvammi.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 181.


Ey-349:015 *Lambhúsvað/Vallnavað* heimild um vað 65°28. 319 N 18°13.173 V

"Undan Völlum er Lambhúsvað eða Vallnavað" segir í örnefnalýsingu. Ekki sjást greinileg merki þessa vaðs þar en hefur verið nálægt þeim stað þar sem brúin er í dag.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 181.

Ey-349:016 garður/tóft 65°28.333 N 18°13.137 V



Um 20 m austan við 004 og rétt vestan við girðingu og vegarslóða austan túns er hringlaga tóft. Tóftin er alveg gróin og heldur fornleg. Vestan úr henni gengur breiður garður í vesturátt að fjárhúsum. Garður þessi nær í 20 m að fjárhúsi (004) en er síðan rofinn. Hann sést aftur eins og suðurveggur í fjárhúsunum en við enda þeirra heldur hann áfram til vesturs niður að árbakka. Garðurinn er samtals milli 70-80 m.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Ey-349:017 þjóðsaga *Hleiðargarðsskotta* 65°27.915 N 18°14.006 V "Skottuhvammur er við Djúpadalsá skammt framan Vallnakots. Þar á Hallur sterki á Krónustöðum að hafa bundið drauginn Hleiðgarðsskottu við klettadrang sem síðan nefndist Skottuklettur." Skottuhvammur er hvammurinn næst sunnan Stekkjarhvamms. Skottuklettur er klettadrangi sem skagar út í hvamminn. Við árbakkann er klettadrangurinn. Töluvert hefur hrunið úr þessum kletti á undanförnum áratugum.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: BE 1990, 830.

Ey-349:018 *Flúðavað* heimild um vað 65°27.980 N 18°13.710 V "Flúðavað, utan við Vallnakot" segir í örnefnalýsingu. Sléttur árbakki og melur upp af honum.

Hættumat: engin hætta.


Heimild: Ö-Saur., 181.

Ey-349:019 *Vallnakotsvað* heimild um vað 65°28.341 N 18°13.157 V "Sunnar en Flúðavað (018) er Vallnakotsvað" segir í Örnefnalýsingu. Vallnakotsvað á Djúpadalsá er beint vestur af 013. Fremur sléttur árbakki er á þessum stað austanmegin.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur., 181.

Ey-350 Háls



20 hdr. 1712. Eign Saurbæjarkirkju. Fyrst getið 1318 en þá átti Saurbæjarkirkja hálft Hálsland - DI II, 451. 1394 átti kirkjan svo allt Hálsland - DI III, 524, 1461 - DI V, 310, 1525 - DI IX, 328. Jörðin er nú í eyði og hefur þar verið hafin trjárækt sem setur nær allar fornleifar á jörðinni í uppnám.

1917: 3,1 ha. garðar 360m2
1990: Túnið er aðallega norðan og austan bæjarins, samfellt og að nokkru leyti í halla. Vestan túnsins eru móar en svo melar og hólar sem ná um land Vallna og Rauðhúsa að Djúpadalsá við Eyjafjarðarbraut. Að hálsi liggur Vallnaland að norðan og vestan en Saurbæjarland að austan og sunnan. Beitiland er í hálsinum suður frá bænum og fjallinu vestanverðu fram að merkjum við eyðibýlið Strjúgsá. ... Sunnan og ofan við bæinn er Borgarrétt, aðal skilarétt hreppsins. Var hún byggð úr steinsteypu árið 1960." BE 1990, 832.


Ey-350:001 *Háls* bæjarhóll bústaður 65°27.405 N 18°12.422 V
Gamli bærinn stóð á svipuðum stað og íbúðarhús í Hálsi, byggt 1929, gerir í dag. Hluti hans var vestan við (bak við) núverandi íbúðarhús en leifar gamla bæjarins voru einnig bæði norðan og sunnan við timburhúsið. Þessar leifar gamla bæjarins sjást ekki í dag. Viðbygging er að baki íbúðarhússins en þar vestan við er grasi gróin slétta. Íbúðarhúsið stendur á lágri hæð. Bærinn hefur að einhverju leyti staðið þar sem íbúðarhúsið er nú, en að meiri hluta þó þar sem nú er hlað að baki íbúðarhúsinu í Hálsi. Núverandi hús er ekki byggt á kjallara. En timburhúsið sem enn stendur var upphaflega byggt sem einhvers konar framhús.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-350:002 heimild um fjárhús 65°27.412 N 18°13.378 V
Um 10 m norðvestan við 001 stóð fjárhús. Íbúðarhúsið í Hálsi stendur á aflíðandi hæð en norðvestan við það er önnur meira áberandi hæð og þar hefur fjárhúsið verið. Sá hóll er grasi gróinn og engar leifar útihúss eða tófta sjást á honum nú.

Hættumat: Hætta vegna skógræktar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-350:003 fjárhústóft 65°27.425 N 18°13.432 V



Um 50 m norðan við 001 og 40 m norðvestan við 002 má eru leifar fjárhúss sem sýnt er á túnakorti frá 1917.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar.

Heimild: Túnakort 1917.

Ey-350:004 hesthústóft

65°27.433 N 18°13.436 V

Um 55 m vestan við þar sem gamli bærinn stóð og örlítið sunnar eru leifar hesthús sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Vegarslóði er sunnan við íbúðarhúsið í Hálsi og er tóftin sunnan við hann. Í túni. Tóftin er tvö hólf en einungis stendur eftir allra nyrsti hluti tóftarinnar þ.e. norðurveggurinn og þrír veggstubbar (milli 1-2 m á lengd) til suðurs. Það sem




þó stendur uppi er mjög heillegt. Hins vegar virðist suðurhluti hússins hafa verið fjarlægður gersamlega, honum rutt í burtu eða sléttað út, því engin merki hans sjást.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar.

Heimildir: Túnakort 1917.

Ey-350:005 *Stekkjarsund* stekkjartóft 65°27.652 N 18°12.881 V



"Það mýrarsund, sem næst er túninu, er nefnt Mjóasund og norður af því og samfellt við það er Stekkjarsund, en yzt á því eða utan við það eru gömul gróin tóftarbrot, ..." segir í örnefnalýsingu. Norðvestarlega í Stekkjarsundi, líklega ca. 300 m frá bænum er ógreinilegt tóftarbrot. Mjög þýft er í kring og er tóftin að miklu leyti hlaupin í þúfur. Tóftin er tvö hólf.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar.

Heimild: Ö-Saur, 182.

Ey-350:006 *Gamlastekkjarlág* stekkjartóftir 65°27.121 N 18°14.187 V

"Örnefni eru engin í hólunum [milli Saurbrúarlág og Varmhaga] nema lág syðst í hólnum, sem nefnd hefur verið Gamlastekkjarlág. Liggja stekkjargötur um hana, og gamalt stekkjarbrot er þar." segir í örnefnalýsingu. Gamlastekkjarlág er við fjallgirðinguna í hlíðinni, ekki langt frá veginum sem liggur upp frá steyptri rétt sem er skammt suðvestan við Háls. Þar eru greinilegar tóftir líklega tæplega kílómeter sunnan við bæinn (001) í hlíðinni. Á þessum stað eru tvær tóftir. Sú stærri og greinilegri er 13 X 8 m að stærð og skiptist í 2 hólf. Sú minni er 6 X 6 m að stærð og mikið ógreinilegri. Hún er aðeins eitt hólf og mjög ferningslaga. Tóftirnar eru algerlega grónar enda sjást engar hleðslur.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 183.

Ey-350:007 heimild um sel

"Austan í hálsinum, austur af Skinnbrókarlág, er haldið að hafi einhvern tíma verið sel." segir í örnefnalýsingu. Engar tóftir fundust við leit 1998. Austan í hálsinum fyrir í fjallshlíðinni fyrir sunnan bæinn Háls. Á þessum slóðum er þýft fjalllendi.

Hættumat: ekki vitað.

Heimild: Ö-Saur, 183.

Ey-350:008 *Reiðgötur* heimild um leið 65°27.167 N 18°14.235 V

“Tvennar götur liggja vestur yfir ásinn og hólana. Þær nyrðri nefndar Reiðgötur, en þær syðri Stekkjargötur." segir í örnefnalýsingu. Göturnar liggja yfir hólanna milli Háls og Djúpadals. Ekki eru greinileg merki um Reiðgötur norðan við Stekkjargötur en á þessum slóðum er þó mikið um kindagötur og gætu Reiðgötur hafa verið á sama stað og einhverjar þeirra.

Hættumat: engin hætta.


Heimild: Ö-Saur, 183.

Ey-350:009 *Stekkjargötur* heimild um leið 65°27.105 N 18°14.194 V

"Tvennar götur liggja vestur yfir ásinn og hólana. Þær nyrðri nefndar Reiðgötur, en þær syðri Stekkjargötur." segir í örnefnalýsingu. Stekkjargötur liggja yfir hólanna (sem eru frá Saurbrúarlág að Varmhaga) og fram hjá stekknum (006) rétt vestan hans. Göturnar eru enn greinilegar. Stekkjargötur lágu frá Hálsi að stekknum.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 183.



Ey-351 Saurbær

Kirkjustaður, 1712: "Jarðadýrleiki óviss, því staðurinn hefur ei tíundast, so menn viti. En eftir yfirvaldanna tilsögn hefur staðurinn fyrir meir en 20 árum verið álitinn að vera verður fyrir Lx [hdr] ..." Landnámsjörð: « Helgi [magri] gaf Auðuni rotin, syni Þórólfs smjors, Þorsteinssonar skrofa, Gríms sonar kambans, Helgu dóttur sína, ok *land upp frá Hálsi til Villingadals [Þ(M) : landnám fyrir ofan Háls]; hann bjó í Saurbæ. Þeira born váru þau Einar, faðir Eyjólfs Valgerðarsonar, ok Vigdís, móðir Halla ens hvíta, föður Orms, föður Gellis, föður Orms, Föður Halla, föður Þorgeirs, föður Þorvarðs ok Ara, föður Guðmundar biskups. » Landnámabók (S231, H197) ÍF I, 266.

« [Halli hinn hvíti á Jórunnarstöðum] hafði fóstrað Einar Eyjólfsson, er þá var kominn byggðum í Saurbæ. » Víga-Glúms saga 17. kap (ÍS VI, 39 sbr. 45)

« Hlenni hinn skakki bjó í Saurbæ; þeir voru bræðra synir og Þorgeir goði. Hlenni var þá blindur og gamall. … Hlenni var úti og bjó ferð húskarls síns; en hann skyldi fara í Seljadal með kálfa. » Ljósvetninga saga 10. kap (ÍS VI, 210-11)

« Guðríður hét kona [Þorgeirs Ljósavatnsgoða] ; hún var dóttir Þorkels hins svarta úr Hleiðrargarði ; hans bróðir var Ormur töskubak, faðir Hlenna hins gamla úr Saurbæ. Þeir Þorkell voru synir Þóris snepils Ketilssonar brimilis Örnólfssonar Björnólfssonar Grímssonar loðinkinna Ketilssonar hængs Hallbjarnarsonaar hálftrölls úr Hrafnistu. » Njáls saga 105. kap, (ÍS VIII, 200).

« … norður í sveitum, er þeir [Þorvaldur víðförli og Friðrik biskup] fóru þar yfir, tóku rétta trú nokkrir göfgir menn … Hlenni af Saurbæ í Eyjafirði … » Þorvalds þáttur víðförla, 4. kap (ÍS IV, 403)

1178 : « En Guðmundur [Arason] fór inn í Saurbæ í Eyjafjörð til Ólafs Þorsteinssonar … » Prestssaga, Sturl, 109.

1217 : « Síðan sendi Sighvatur eftir Þorvarði í Saurbæ og fékk hann sætta þá [Þorvarð

Örnólfsson í Miklagarði og Sturlu Sighvatsson]. » Íslendinga saga, Sturl, 247.
1220 : « Finna þeir [Ögmundur pr. á Einarsstöðum] þar á veginum Þorvarð úr Saurbæ. » Íslendinga saga, Sturl, 260.
1234 : « Annan mann sendi Halldóra upp í hérað í Saurbæ. Safnaði Þorvarður þá mönnum hið efra um hérað. » Íslendinga saga, Sturl, 357 Þorvarður var í Örlygsstaðabardaga í brynju er Fulltrúi hét og gengu ekki spjótalög á hana – Sturl, 419-420.
1244 : « Kom norðan … Þorvarður Þórðarson úr Saurbæ … » Þórðar saga kakala, Sturl, 504.
1253 : « Þorvarður úr Saurbæ fór norðan [í brúðkaup á Flugumýri] » Íslendinga saga, Sturl, 631 sbr. 649.
1255 : « Orti Þorvarður [Þórarinsson] á um úrskurð við bændurna, Þorvarð úr Saurbæ … » Þorgils saga skarða, Sturl, 706. 1258 : « Þorvarður í Saurbæ var hinn mesti vin nafna síns af bóndum í Eyjafirði. Hafði Þorvarður Þórarinsson jafnan tal við hann. Hann þótti vera nokkuð óheill og illráður. » Þorgils saga skarða, Sturl, 733. 1262 er Þorvarður úr Saurbæ meðal þriggja Eyfirðinga er sverja konungi eiða – Íslendinga saga, Sturl, 751, 758

Hjáleigur voru 1712 Rauðhús, Melgerði, Keppsteigur í eyði í um 40 ár og Sandhólar. 1847: 60 hdr. Saurbær landnámsjörð og lengi var þar þingstaður. "Klaustur var í Saurbæ í nokkurn tíma um aldamótin 1200. ... Í Saurbæ var stór torfbær, einn sá stærsti í hreppnum. Þar voru haldnar margvíslegar samkomur, meðal annars voru sýndir þar sjónleikir. Þinghús var byggt á Kirkjuhólnum rétt fyrir aldamótin síðustu og síðar var reist félagsheimili neðan hólsins." Þinghúsið sem byggt hafði verið 1898 tók af grunni í heilu lagi í aftaka veðri árið 1900. Nú stendur þar steinsteypt hús sem var byggt 1934. Síðan hefur verið bætt við það og heitir það Sólgarður.BE 1990, 834, 836. 1318 átti kirkjan hálfan skóg í Kaldbak - DI II, 451 en 1394 átti hún auk þess hálfan Djúpadal og alla Þrjúgstungu og tvo skógarparta í Núpufellsskógi - DI III, 524. 15.5.1442 er Möðruvallaklaustri gefinn skógur í Öxnadal "millum Skuggagötu og almenningsgötu sudur ad skridu þeirri er vid heirdum eignad var Saurbæ …" DI IV, 626. 1461 er eitt kristfé í Saurbæ - DI V, 285. 12.5.1528 lýsir Jón Arason bp því að hann hafi selt Agli Hallssyni staðarhaldara í Saurbæ "til æfinligrar eignar vnder saurbæiarstad j eyiafirdi eina skipstodu og naustgiord vid naustabur. hier i mot gaf nefndur sira eigill klaustrinv [á Munkaþverá] iijc i þarfligum peningum. Skillde hauggvaast vidur i klaustursins skogi æfinliga at hallda vpp sogdv navsti." DI IX, 451.

1917: 9,2 ha. (túnauki 0,26 ha) garðar 140 m2. 1777: "Á prestsetrinu Saurbæ sá ég vel gerðan kálgarð; hann var 7 faðma langur og 6 faðma breiður, en garðurinn var 2 1/2 alin á hæð. Hann hafði verið gerður 1775, en 1777 var sáð í hann byggi, grænkáli, hvítum næpum og kartöflum. Leit vel út með sprettu í honum, þótt vorið hefði verið mjög kalt. En bezt voru þó hvítnæpur þær sprottnar sem staðið höfðu í garðinum yfir veturinn." ÓO II, 16. 1840: “Bújörðin er mannfrek fleytingsjörð, heyskapur seintekinn, þar sem jörð er bæði þýfð og sendin. Túnið er hálent og hólótt, svo í köldum og þurrum vorum brennur af þeim allt gras. Í meðalári fóðrar túnið frá 7-8 kýr, einnig geta í meðalári framfleytzt á útheyskap og hagbeit til samans hér um 200 sauðfjár og 16 hross. Þó er einn meinlegur annamarki við útbeit sauðfjárins, en það er skæður bráðdauði, einkum fyrripart vetrar, á ungum og feitum sauðpeningi, sem haldið er til beitar á

sendinni jörð og leirrunninni holtajörð, hvar ekki er gott hagkvisti." SSE, 198. 22.7.1858: … séra Einar [Thorlacius] sýndi mér akra sína, raunverulega akra, og nú sá ég í fyrsta sinn á Íslandi plóg og herfi. Hér er líka mikil kartöflurækt en hún er nú stunduð af kappi á Norðurlandi með góðum árangri. … Hafra og bygg hefur séra Einar ræktað í þrjú ár með þokkalegum árangri." K. Maurer, Íslandsferð 1858, 138-39. 1990:"Túnið nær frá Eyjafjarðará og lítið eitt upp í hálsinn sunnan bæjarins en norðan hans er það í brekkunum frá þjóðveginum að merkjum við Háls. Beitilandið er í hlíðinni og í svonefndum Varmhaga sem er austan Djúpadalsár gegnt Stóradal. Sneis og framanverður Djúpidalur eru afréttir frá Saurbæ. Norðan gamla túnsins var mikið mólendi, svokallað Saurbæjarhagi. Náði hann að norðurmerkjum jarðarinnar sem eru stutt norðan Stíflubrúar neðan Möðruvalla. Nyrsta hluta hagans hafa ábúendur Hríshóls á leigu til ræktunar. BE 1990, 834. "Neðan við Kirkjuhól er slétt flöt, nefnd Flag (Undirvöllur). Var þar plægt og herfað um 1880." Ö-Saur, 167.

Ey-351:001 *Saurbær* bæjarhóll bústaður 65°26.839 N 18°12.644 V
"Þar sem gamli bærinn stóð, stendur nú steypt íbúðarhúsið, fjós, hlaða og fjárhús, en nær aðeins lengra í suður og sem næst 7-10 m lengra norður." segir í örnefnalýsingu. Engin merki gamla bæjarins sjást á þessum stað og ekki er hægt að greina mikinn bæjarhól heldur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917 og Ö-Saur, 167.

Ey-351:002 heimild um kirkju 65°26.804 N 18°12.615 V
"Saurbær hefur frá fornu fari verið kirkjusstaður og lengi prestsetur. ...Núverandi Saurbæjarkirkja var byggð 1858 og er ein af örfáum torfkirkjum á landinu. Að innan er hún þiljuð í hólf og gólf. Rúmar kirkjan um 60 manns í sæti. Frá árinu 1963 hefur Saurbæjarkirkja verið í umsjá þjóðminjavarðar og kostar embætti hans viðgerðir á henni. ... Kirkjan stendur í kirkjugarðinum á Kirkjuhólnum austan bæjarins. Þar er steypt grafhýsi, það eina í kirkjugarði framan Akureyrar. Saurbæjarkirkja var helguð signaðri Ceceliu og heilögum Nikulási í kaþólskum sið." Kirkjugarðsveggurinn er að mestu steyptur en þó girtur að austan og að hluta að norðan með vírgirðingu. Kirkjugarðurinn var á fyrri hluta þessarar aldar stækkaður og þá aðallega til norðurs en til austurs. Saurbæjarkirkja stendur enn austan við íbúðarhúsið í Saurbæ og er í umsjón Þjóðminjasafns Íslands.
SAURBÆR Í EYJAFIRÐI (E) Ceciliu, Nikulási vorið 1200: Guðmundur Arason syngur messu; Prestssaga Guðmundar, Bsk I, 460.
1318: a heimaland medur aullum fridendum [og þrjú önnur]
Hier skulu vera ij. prestar og diakn
syngia messu heima huorn dag
Tekur prestur heima j leigu. vj. merckur. vtan gardz half[a] fimtu morck
af. ix. bæium lýsistollur og heýtollur
Tyund olokinn. ix. merkur
Dedicatio Ecclesiæ. iij. nottum epter festum Matthei; Máld DI II 451
1394: a allt heimaland. Sandhola. Hals. Vollu. halfann diupadal. alla þriugztungu [+skóga]
þar skulu vera. ij. prestar og diakn. tekur prestur vtann gardz halff fimtu morck.

Liostollur og heytollur af niju Bæium.
þar ä ad vera christzfiar omage. og standa fyrer honum xv. hundrud j heima landi.
kyrckiu tijund a þui ari hennar hluti. xij. aurar.
Dedicatio Ecclesiæ. iij. nottum effter festum Mathei.
yngra? Reyknadist sijdann herra petur gisti portio Ecclesiæ hundrad og ij. merkur; Máld DI III 524 525
8.12.1403: Testamenti séra Halldórs Loptssonar: kirkiu j saurbæ jord aa krinastaudum ok þuilika bot
sæm ek hefir aa stadnum. ok sua mikit j tidabokum vel færum sæm kirkian hefir æigi aadr
tolfmanada tidhir aa þann maata at aRliga syngiz þar artidardag minn saalutidir med commendacione ok messu ok gefiz vætt matar ok tiu aurar j vadmalum ok skæðum fatækum monnum;
DI III 685
[1429]: ij prestar ok diakn; DI IV 380
[1446]: Testamenti Þorvarðs Loptssonar
gef ec savrbæarkirkiu c.; DI IV 676
1461: Máld DI V 310 311
[1461]: 2 prestar og 1 djákni DI V 360
1484: Máld DI V 311
1525: Máld DI IX 328 329
[um 1560]: Máld DI XIII 556 557
1712: Kirkjustaður og beneficium; JbAM X: 242
30.6.1871: Miklagarðsprestakall lagt niður og Miklagarðs og Hólasóknir lagðar til Saurbæjarprestakalls; (PP, 283) [konungsúrskurður]
27.2.1880: Möðruvallasókn lögð undir Saurbæ; (PP, 281) [lög]
12.1.1884: Miklagarðssókn lögð til Saurbæjar; (PP, 281) [lög]
16.11.1907: Saurbæjarprestakall (Saurbæjar, Hóla, Möðruvalla og Miklagarðssóknir) sameinað
Grundarþingum; (PP, 281) [lög]
10.11.1922: Miklagarðskirkja lögð niður og sóknin lögð til Saurbæjarkirkju; (PP, 281) [stjórnarráðsbréf]
Hættumat: engin hætta.
Heimildir: Túnakort 1917 og BE 1990, 908.

Ey-351:003 heimild um þingstað 65°26.844 N 18°12.623 V
"Árið 1898 var lokið byggingu þinghúss í Saurbæjarhreppi. Stóð það fremst á Kirkjuhólnum í Saurbæ og var úr timbri. Um haustið 1900 gerði aftaka sunnanveður ... Tók þinghúsið af grunni í heilu lagi og eftir að hafa lent á kirkjugarðsveggnum fór það norður af hólnum og liðaðist í sundur. Haustið eftir var aftur reist þinghús á sama grunni og að miklu leyti úr sama efni. Var nú betur frá húsinu gengið enda stóð það í rúm þrjátíu ár og urðu endalok þess af manna völdum en ekki veðurguða. Árið 1934 var byggt samkomuhús úr steinsteypu austan Kirkjuhólsins. Stendur það enn, en breytingar hafa verið gerðar gegnum árin. Heitir samkomuhúsið nú Sólgarður." Þinghúsið var þar sem nú er afgirt hólf, um 8 m austan kirkjugarðsins.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917 og BE 1990, 836.

Ey-351:004 heimild um útihús 65°26.830 N 18°12.533 V
Í brekkunni fyrir neðan kirkjugarðinn var, á túnakorti frá 1917, útihús sem ekki sjást leifar af í dag. 55 m austan við kirkjugarðinn.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-351:005 heimild um útihús 65°26.840 N 18°12.635 V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús þar sem nú eru mörk heimreiðar og túns, um 18 m norðan við kirkjugarðs girðinguna og 10-15 m austar er steinsteypt útihús.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-351:006 heimild um útihús 65°26.874 N 18°12.647 V
Útihús stóð um 45 m norðvestan við kirkjugarðinn mitt á milli kirkju og íbúðarhússins en töluvert norðar. Útihúsið hefur verið á svipuðum stað (eða heldur norðar en hlað) og steypt útihús. Norður undan útihúsinu sem nú er, er sléttlendi en 10-15 m norðar kemur halli niður og því hafa bæði gamla og nýja útihúsið staðið í aflíðandi brekku.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-351:007 *Presthús* heimild um útihús 65°26.908 N 18°12.678 V
"Presthús,…stóð suður undir Læk og nær upp við túngarð. …Presthúsið dregur að sögn nafn af því, að prestur einn hengdi sig í tóftardyrunum, er hann varð þess áskynja, að sáning hans hjá einni vinnukonunni var farin að bera ávöxt." Hvorki sést lækur né tóftir á þessum slóðum en Presthús var um 80 m norðaustan við bæinn. Þar sem eru tún í dag.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimildir: Túnakort 1917 og Ö-Saur, 168.

Ey-351:008 *Langhús* heimild um útihús 65°26.947 N 18°12.609 V
"Langhúshólar heita hólarnir neðan við Langhús en það stóð nær því í vesturhorni túnsins." segir í örnefnalýsingu. Langhús var norðar en 025 og um 180 m norðvestan við 001. Á þessum stað sjást örlitlar leifar túngarðs vestan við þar sem fjárhúsið hefur staðið og má rekja hann á 20-30 m bili.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917; Ö-Saur, 168.

Ey-351:009 heimild um útihús 65°27.019 N 18°12.483 V
Útihús var 420-430 m beint norður af kirkjunni í Saurbæ, þar sem rennislétt tún eru. Engin merki þeirra sjást.
Hættumat: hætta vegna ábúða.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-351:010 heimild um brunn 65°26.851 N 18°12.603 V
"Suður við lækinn, norðan við Brunnhól var Brunnurinn. Þar var allt bæjarvatn halað

upp." segir í örnefnalýsingu. Brunnurinn var utan við bæinn, heldur neðar en hann. Brunnurinn var nálægt því til móts við kirkjugarðinn en heldur norðar. Engin merki brunnsins sjást lengur og hefur tún verið ræktað á þessum stað. Vatn var veitt úr þessum brunni í samkomuhúsið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: HH, 25.

Ey-351:011 *Skakkavað/Kvígavað* heimild um vað 65°26.662 N 18°12.479 V
"Skakkavað eða Kvíguvað var skammt norðan við Diskvað, á milli þess og Sandvaðs." segir í Vaðaskrá. Er á Eyjafjarðaránni. Fremur grýttur árbakki.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Vaðaskrá.

Ey-351:012 *Sandvað* heimild um vað 65°26.738 N 18°12.497 V
"Sandvað er skammt norðan við Skakkavað eða Kvíguvað." segir í Vaðaskrá. Sandvað var beint austan við Sandhús 016.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Vaðaskrá.

Ey-351:013 heimild um hof 65°26.812 N 18°12.669 V
"... hoftóftir fyrir sunnan kirkjuhólinn hér í Saurbæ, hvar mælt er, að Hlenni gamli, sem bjó hér og eftir 1000 p. Chr. hafi blóthús haft. Tóftin er aflangur (elliptiskur) hringur circa 30 faðmar í peripheri [ummáli]. Hún snýr austur og vestur, er nú mikið saman sigin sem vænta má, þar sem Hlenni var samtíða Gvendi ríka á Möðruv[öllum] ... og var með þeim fyrstu, sem tóku kristni, þá hún var lögtekin, ..." segir í sóknarlýsingu frá 1840.
FRIÐLÝSTAR MINJAR
22.7.1858: "Mér [var sýndur] staðurinn þar sem hof Hlenna hins gamla á að hafa verið. Það er dálítið austan við bæinn, nær ánni." K. Maurer, Íslandsferð 1858, 139. 1877: "Ikke des mindre vil man ved Saurbæ paavise tomterne af et hedensk gudehus, som skal have tilhört Hlenne den gamle. Tomten har form af en aflang kreds (30x22 al.) med temlig brede, stærkt sammensunkne vægge, maaske med indgang fra den östlige, ud mod aaen vendende side." (Kaalund II 1879-82,116) sbr. KK III, 87 Á grundvelli þessa friðlýsti Matthías Þórðarson rústina árið 1932. "Saurbær. 1) Forn tóft í túninu, sem er talin vera hoftóft. Í skrá um friðlýstar fornleifar frá 1990 kemur eftirfarandi fram "Sennilega horfin (Þjms. Könnun um friðlýstar fornleifar. Svar Sveinbjarnar Daníelssonar, Saurbæ, og bréf ÁG, dags 22.05.1981, til hans)." Fornleifaskrá, 49.
"Við komum að Saurbæ 5. ágúst 1991. Þar hittum við Gunnhildi Kristjánsdóttur sem hafði flutt þangað árið 1936 (eða 1939). Ekki kannaðist hún við að hafa heyrt um hofrúst þar. Eru nú allar líkur til þess að þessi rúst hafi horfið með öllu, a.m.k. má ætla að heitið og sögnin sé nú glötuð utan þess sem getið er í hinum ófullkomnu frásögunum í ritheimildum." Skýrsla AF um hof á Norðurlandi. Ekki er hægt að greina neinar misfellur

í sléttu túninu sunnan við Kirkjuhólinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: SSE, 200.

Ey-351:014 *Diskhólsmór* heimild um mógrafir 65°26.654 N 18°12.598 V
"Vegurinn til Akureyrar lá meðfram ánni, og í mónum norðan við Diskhól, er kallaður var Diskhólsmór, ..." segir í örnefnalýsingu. Diskhóll er mjög breyttur enda hefur hann verið notaður í malartöku. Norðan við hann eru sléttuð og ræktuð tún þar sem áður var Diskhólsmór en í honum voru mógrafir.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 164.

Ey-351:015 heimild um leið 65°26.659 N 18°12.605 V
"Vegurinn til Akureyrar lá meðfram ánni, og í mónum norðan við Diskhól, er kallaður var Diskhólsmór, mátti sjá fyrir 27 götuskorninga, er lágu hlið við hlið." segir í örnefnalýsingu. Diskhóll er mjög breyttur enda hefur hann verið notaður í malartöku. Norðan við hann eru sléttuð og ræktuð tún þar sem áður var Diskhólsmór. Gamall vegur malarvegur liggur þvert yfir móinn um 20 m austan við Eyjafjarðarbrautina.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 164.

Ey-351:016 *Sandhús* tóft 65°26.702 N 18°12.533 V

"Norðan við móinn [Diskhólsmó], austan brautarinnar, er húsatóftsbrot. Hét það hús Sandhús, og nesið norðan við það, sem er nú brotið af ánni, heitir Sandhúsnes." segir í örnefnalýsingu. Á þessum stað sést dæld í túninu um 25 m austan vegar og um 20 m vestan ár. Tóftin er mjög gróin og ógreinileg. Hún er eitt hólf og 8 X 12 m að stærð.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 164-165.

Ey-351:017 *Sandhólagötur* heimild um leið 65°26.811 N 18°12.951 V
"Frá suðvesturhorni túnsins liggja Sandhólagötur." segir í örnefnalýsingu. Lögun túnsins hefur breyst nokkuð frá 1917. Ekki sjást götur frá suðvesturhorni túnsins en skammt vestan við vesturhlið túnsins eru ógreinilegar kindagötur sem gætu verið leifar þessara gatna og liggja í átt að Sandhólum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur., 165.

Ey-351:018 heimild um kvíar 65°26.822 N 18°13.019 V
"Ofan við túnið, aðeins sunnar en bærinn, eru Kvíarnar. Holtið þar ofan við nefnizt Kvíholt, mýrin þar vestan við Kvíamýri og melhóll vestan við mýrina Kvíamelur." segir í örnefnalýsingu. Um 50 m vestan túnsins og heldur sunnar voru kvíarnar á hól. Þar er mela- og mýrarsvæði og mjög þýft en ekki er hægt að sjá greinilegar tóftir á þessum slóðum nema dæld á hól skammt fyrir ofan túnið. Dæld (15 X 6 m) gæti verið leifar kvíanna þó ekki verði það fullyrt. Kvíarnar voru orðnar mjög ógreinilegar fyrst þegar Sigtryggur Sveinbjarnarson (f. 1916) man eftir sér.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 165.

Ey-351:019 *Kvíagötur* heimild um leið 65°26.812 N 18°12.959 V
"Fjárgötur liggja frá kvíunum og vestur yfir háls hjá Klofasteini. Heita þær Kvíagötur." segir í örnefnalýsingu. Göturnar sjást ekki lengur en náðu frá kvíunum rétt suðvestan við bæinn, upp hlíðina og yfir hálsinn. Yfir mela- og móasvæði. Punktar voru teknir skammt frá Saurbæ þar sem kvíarnar hafa verið.
Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ö-Saur, 166.

Ey-351:020 *Ærgötur* heimild um leið 65°27.040 N 18.14.262 V
"Frá Kvíagötum, hjá Litla-Steinahjalla, lágu Ærgötur suður og upp hjá Hæðarsteini og upp á Breiðuskeið, þar sem Saurbæjarkvíærnar voru stundum setnar í tíð Thorlaciusarpesta." segir í örnefnalýsingu. Rétt ofan við fjallgirðinguna, liggja Ærgötur norður og suður í túninu og eru ennþá vel greinilegar.
Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ö-Saur, 166.

Ey-351:021 *Lambhús* heimild um fjárhús 65°26.747 N 18°12.722 V
"Suður á túninu sunnarlega er Lambhúshóll, brattur nokkuð og hár að austan. Þar á hólnum stóð fjárhús nokkuð fram yfir aldamót." segir í örnefnalýsingu. Lambhús var um 100 m suður af kirkjunni, þar sem nú er slétt tún. Lambhúshóll stendur enn og sunnarlega í honum sér í hleðslugrjót á stöku stað en engin lögun er á því enda er hóllinn rofinn á þessum stað. Lambhús þetta var rifið rétt eftir aldamótin.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Saur, 166.

Ey-351:022 álagablettur *Peningahóll* 65°26.835 N 18°12.674 V
"Um tuttugu metrum sunnan við vestanvert hlaðið er lítill hóll, nefndur Peningahóll. Dregur hann nafn sitt af peningakistu, sem þar er grafin. En óhamingja á að fylgja þeim, er reynir að taka kistuna, og því hefur enginn gert tilraun til þess, svo sögur fari af. En laut er rétt sunnan við hólinn, og bendir stærð hennar til þess, að þar hafi verið mokað upp efni til að mynda hólinn." segir í örnefnalýsingu. Þar er enginn hóll lengur, aðeins rennislétt tún. Hvorugur heimildamanna kannast við hólinn eða sögnina og ekki sjást nein merki hólsins lengur. Því er líklegt að alveg hafi verið sléttað úr honum fyrir allnokkru. Hnit voru tekin um 100 m suðvestan við bæinn, í túni.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Saur, 166.

Ey-351:023 *Vallarhús* heimild um útihús 65°26.759 N 18°12.644 V
"Í túnröndinni austur af Lambhúshól er lágur hóll. Hús var á hólnum, er nefndist Vallarhús, og sér fyrir tóftarbrotum." segir í örnefnalýsingu. Beint fyrir austan Lambhúshól, neðst í túninu um 10 m vestan vegar er mjög lágur og aflíðandi hóll þar sem Vallarhús stóðu. Hóllinn eða hæðin er í sléttuðu túni og greinilegt er að hóllinn hefur sjálfur verið sléttaður enda sjást engar leifar tófta á honum.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 167.

Ey-351:024 heimild um útihús 65°26.828 N 18°12.540 V
"Hústóftarbrot er [neðan við Kirkjuhólinn]" segir í örnefnalýsingu. Í brekkunni fyrir neðan kirkjuna en ofan við félagsheimilið Sólgarð hefur áður verið tóft. Merki hennar sjást þó ekki lengur.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Saur, 169.

Ey-351:025 frásögn um legstað 65°26.846 N 18°12.595 V
Norðan við heimreiðina að Saurbæ var komið niður á mannabein síðla á 8. Áratug 20. aldar. Þar fannst heil beinagrind af "litlum manni" eða konu og önnur af barni. Beinin fundust nálægt heimreiðinni eða milli 80-100 m norðan við kirkjugarð og nálægt því beint fyrir norðan félagsheimilið Sólgarð, á hól sem þar sést enn þó að hann hafi verið notaður sem efniviður í heimreiðina. Þar fundust 2 heilar beinagrindur en áður en nokkur hafði uppgötvað bein í hólnum hafði nokkuð af beinum verið rutt úr hólnum og í heimreiðina. "Einhver yfirvöld" voru látin vita um fundinn.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Ey-351:026 *Vörðuhús* tóft 65°27.054 N 18°12.920 V
"Vörðuhúshóll heitir melhóll nokkuð fyrir ofan túnið og ber nær í beina línu að Hálsi. Sunnar og ofar eru tóftarbrot. Hétu þau Vörðuhús, og öll þessi hæð er kölluð Vörðuhús." segir í örnefnalýsingu. Vörðuhúshóll er 20-30 m sunnan vegarins heim í Háls og örstutt austan við hliðið sem er á veginum. Efst á hólnum eru nokkrir steinhnullungar en hvorki er þó að sjá þar leifar vörðu né tóftar.
Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ö-Saur, 168.

Ey-351:027 *Hálsgötur* heimild um leið 65°27.029 N 18°12.942 V
"Upp sunnan við bæinn liggja reiðgötur, er beygja til norðurs móts við Kvíamel og liggja út á Vörðuhús og beygja þar til vesturs að Hálsi. Götur þessar voru kallaðar Hálsgötur." segir í örnefnalýsingu. Hálsgötur lágu frá Sandhólum, við Kvíamel og að Vörðuhúsinu sem þar stóð. Þar beygðu þær og lágu á svipuðum stað og vegurinn heim í Háls nú. Hnit voru tekin á Vörðuhúshólnum en gatan var ekki sjáanleg.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Saur, 168-169.

Ey-351:028 *Staðarrétt* heimild um rétt 65°27.881 N 18°12.789 V
Staðarrétt var norðvestan við Saurbæ í Saurbæjarholti austan við Borgarrétt, og mun hafa verið notuð við fráfærur. Fannst ekki þrátt fyrir töluverða leit.
Hættumat: ekki vitað.

Ey-351:029 heimild um klaustur 65°26.809 N 18°12.642 V
"Klaustur var í Saurbæ í katólskum sið. Ekki vita menn hvar það hefur staðið, en gizkað er á, að klausturhúsin hafi staðið beint suðar af kirkju…" segir í söguminjaskrá eftir Helga Hallgrímsson. Sunnan við kirkjuna er kirkjugarður en sunnan hans eru nú sléttuð

tún. Allt eins líklegt er að munkarnir hafi búið í bæjarhúsunum sem hafa þá sennielga verið á sama stað og síðar, þ.e. 001. Klaustrið var aðeins starfrækt í nokkur ár eftir aldamótin 1200. Hnit voru tekin sunnan við kirkjugarðinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.


Heimild: HH, 25.

Ey-351:030 *Rauðhúsgötur* heimild um leið 65°27.356 N 18°12.067 V
"Reiðgötur lágu út Hagann miðjan, yfir Langhúsholt vestan til, beint út Gamlastekkjarhól, austan í Miðvörðu, út fyrir ofan Jámund, og nefndust Rauðhúsagötur." segir í örnefnalýsingu. Göturnar lágu frá Saurbæ til norðurs miðsvæðis, austan við Skyrgerði. Tún eru nú þar sem göturnar lágu áður og sést hvergi til þeirra.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur,169.

Ey-351:031 *Nýistekkur/Skyrgerði* stekkjartóft 65°27.376 N 18°12.124 V
"Uppi í Haganum, beint vestur af [Jónasarhvammi] og vestan við Rauðhúsgötur, er Skyrgerði. Þar var býli eitt sinn með því nafni og síðan stekkur, er kallaður var Nýjistekkur. Standa tóftarbrot þessi í hvammi og kallazt holtið vestan og norðan við tóftarbrotin Skyrgerðisholt." segir í örnefnalýsingu. Tóftirnar eru í afgirtu hólfi sem er ekki lagt undir túnrækt eins og mest af svæðinu í kring. Sunnan við tóftina er fremur djúpur skurður sem gengur langt austur. Eru um 1 km norðan við Saurbæ en stendur svipað hátt í brekkunni. Tóftin er mjög gróin þó hún sé að meðaltali um 1 m á hæð og sé mjög greinileg. Hún er 25 X 9 m að stærð og skiptist í 2 hólf, það stærra 12 X 4 m. Inngangur er á tóftina vestanmegin, inn í stærra hólfið. Þýft holt þar sem byrjað var á skógrækt fyrir nokkrum árum sem hefur þó ekki gengið vel.



Hættumat: hætta vegna skógræktar.

Heimild: Ö-Saur,169- 170.

Ey-351:032 *Gamlistekkur* stekkjartóft 65°27.369 N 18°12.099 V
"Upp af Háaleiti er Gamlistekkur, tóftarbrot sunnan við melhól, er heitir Gamlastekkjarhóll. Allir móarnir milli Háaleytis og Gamlastekkjarhóls kallazt Gamlastekkjarmóar." segir í örnefnalýsingu. Gamlistekkur var sunnan við Nýjastekk/Skyrgerði (031) en á þessum stað eru nú sléttuð tún og merki stekkjarins sjást ekki.


Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 170.

Ey-351:033 örnefni *Miðvarða* 65°27.454 N 18°12.033 V
"Norður af Gamlastekkjarhól er melhóll hár, er Miðvarða heitir og sundið sunnan við Miðvörðusund." segir í örnefnalýsingu. Melhóllinn er skammt norðan við Nýjastekk (031). Hann er fremur grýttur en ekki sést varða á honum.

Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ö-Saur, 170.

Ey-351:034 *Varmhagagerði* býli 65°27.345 N 18°15.224 V



"Varmhagi í Djúpadal, móa- og mýrarfláki móti Stóradal, tilheyrir heimalandi Saurbæjar og voru kýr reknar, þangað á sumrin. Varmhagagerði, tóftarbrot eyðibýlisins, eru yzt og nær efst í Haganum. Sjást þar garðleifar enn. Sennilega hefur þetta býli farið í eyði nálægt miðri sautjándu öld." segir í örnefnalýsingu. Í Jarðabók Árna og Páls er getið um Harðamagagerði í landi Vallna og hlýtur það að vera sami staður: "Hardmagagerde kallast fornt eyðiból hjer í landinu framarlega, og má þar sjá garða og tóftaleifar, so sem þar hafi í fyrndinni bygð verið. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi." JÁM X, 241. Getið undir nafninu Varmhagi í eyðibýlaskrá Olavíusar frá 1777 og telur hann að það sé byggilegt ef hægt væri að ná í vatn. Hann telur einnig að býlið hafi lagst í eyði árið 1707 sem hlýtur að vera misskilningur - ÓO II, 39. Lágir grjóthólar fylla dalsmynnið sunnanmegin niður undan Hálsi. Sunnan við þessa hóla, um 0,5 km norðar en á móts við Stóradal tekur við mýri næst ánni sem teygir sig upp í fjallsræturnar og er það Varmhaginn. Varmhagagerði er í norðausturhorni hagans (þ.e. yst og efst), um 300 m frá Djúpadalsá, beint ofan (SA) við Rauðhól sem er stakur melhóll með vörðutyppi nyrst á Varmhaga. Neðst í melhólum ofan við mýrarfláka. Tveir grjóthólar eru innan gerðisins og er bæjartóftin á öðrum. SV-horn garðsins er hinsvegar sokkið í mýrina sem tekur við strax sunnan við. Norðan við er landið hálfgrónir grjóthólar með móum og mýrardrögum á milli en sunnan við er um 500x400 m þýft mýrarstykki en þar sunnan við er önnur melhólaröð, Langhólar. Bæjartóftin er austarlega í gerðinu. Hún er 28x7 m og skiptist í aðalatriðum í 3 hólf, en auk þeirra eru tvö minni og ógreinilegri á austurhlið. Aðalhólfin eru öll 4 m á breidd en 4, 7 og 6 m á lengd (talið frá N til S). Miðhólfinu hefur verið skipt með þvervegg og eru leifar af garða í nyrðri hlutanum. Fyrir því hólfi eru greinilegar dyr til vesturs og grjót í vegghleðslum þar. Þar er torfveggurinn um 1 m á breidd, en sama breidd er á veggjum milli hólfa. Miðhólfinu hefur sennilega verið breytt í fjárhús eftir að byggð lagðist af. Tóftin er á náttúrulegum hól en sennilega eru þó eldri byggingarstig undir. Suðaustan við bæjartóftina er tvíhólfa tóft undir garðinum en þó laus frá honum og gæti verið yngri en hann, sennilega rétt. Aðrar tóftir eru ekki greinilegar innan gerðisins en innan við norðvesturhlið þess er brún sem gæti verið garðleifar og þar innan við eru hvompur á tveimur stöðum sem gætu verið tóftir.

Hættumat: engin hætta.
Heimildir: Ö-Saur, 171; JÁM X, 241; ÓO II, 39.

Ey-351:035 *Sauðhúsahvammsvað* heimild um vað 65°26.908 N 18°12.332 V
Skammt norðan við heimreiðina, utan og neðan við Saurbæ, er lítill hvammur á

Eyjafjarðará þar sem Sauðhúsahvammsvað var.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Vaðaskrá.

Ey-351:036 *Keppsteigur* heimild um býli 65°26.916 N 18°12.357 V

"Sauðahús er norður af Melgerðisslætti, um 70 föðmum norðan við túnið, og er sennilegt, að býlið Keppsteigur hafi verið þar, ..." segir í örnefnalýsingu. Árið 1712 var Keppsteigur hjáleiga Saurbæjar "utanvert við staðartúnið, sem í eyði hefur legið undir eður yfir 40 (ár), en byggð um nokkurn tíma þar fyrir, sem nálægir minnast ekki so glöggt hvað mörg voru. Byggíngarkosti vita nálægir ekki að undirrétta. Ekki má hjér aftur byggja fyrir heyskaparleysi." Keppsteigur sem varð síðar Sauðahús, hefur verið norðan Saurbæjar og vestan Eyjafjarðarbrautar ekki langt norðan við þar sem heimreiðin beygir upp að Saurbæ.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 169 og JÁM X, 244.

Ey-351:037 *Diskvað* heimild um vað 65°26.690 N 18°12.490 V

"Sunnan við hólmann (Grænahólma) var lengi þrautavað á ánni, er nefndist Diskvað." segir í örnefnalýsingu. Diskvað var beint niður af Saurbæ en örlítið sunnar. Á þessum stað er áin óvenju straumhörð og grunn, en áin hefur breytt farvegi sínum nokkuð á þessum slóðum.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 164.

Ey-351:038 *Syðrisandur* heimild um vað 65°26.766 N 18°12.431 V

Við Sandhústún, "austur úr [Sandtúnsnesi] er kallað var "á Syðrasandi" og var lengi fært á vetrum þótt ófært væri annars staðar." segir í örnefnalýsingu. Rétt norðan við Sandhúsið 016 hefur verið vað á Eyjafjarðará.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 164.

Ey-351:039 *Ytrisandur* heimild um vað 65°26.757 N 18°12.581 V

"Norðan við [Sandhúsnes] rann áin í vestur, og var vað norður úr nesinu, kallað "á Ytrasandi"". segir í vaðaskrá. Vaðið á Ytrasandi var rétt norðan við Syðrisand (038).

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Vaðaskrá.

Ey-351:040 *Prestagötur* heimild um leið 65°26.834 N 18°12.595 V

"Þá Miklagarðsprestar þjónuðu Hólum, riðu þeir vanalega yfir Djúpadalsá hjá Völlum eftir reiðhúsagötum er lágu nokkru fyrir neðan og norðan Borgarrétt, vestan við Staðarrétt og ofan á tún í Saurbæ, sunnan við Langhús, um hlaðið og suður tún yfir Lambhúshól og suður ofanverða Suðurmýri. Reiðgötur þessar voru nefndar Prestagötur, og var að mestu hætt að nota þær, er Miklagarðsprestakall var sameinað Saurbæ 28. júní 1871." segir í örnefnalýsingu. Engin merki um þessar götur sjást lengur. Hnit voru tekin á hlaði í Saurbæ en merki götunnar sjást ekki á þessum slóðum

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 165.

Ey-351:041 garðlag túngarður 65°26.947 N 18°12.609 V
"Langhúshólar heita hólarnir neðan við Langhús en það stóð nær því í vesturhorni túnsins." segir í örnefnalýsingu. Langhús var norðar en 025 og um 180 m norðvestan við 001. Á þessum stað sjást örlitlar leifar túngarðs vestan við þar sem fjárhúsið hefur staðið og má rekja hann á 20-30 m bili.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Saur, 165.

Ey-351:042 heimild um fjós 65°26.845 N 18°12.607 V
"Fjósið og fjóshlaðan var fáa faðma norðan við kirkjugarðinn og Fjóshesthúsið við suðausturhorn Fjósins, svo að aðeins var hægt að ganga á milli." segir í örnefnalýsingu. Norðan kirkjugarðsins er nú hlað og heimreið og því sjást engin merki þeirra bygginga sem þar hafa áður staðið.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Saur, 167.

Ey-351:043 heimild um kálgarð 65°26.839 N 18°12.644 V
1777: "Á prestsetrinu Saurbæ sá ég vel gerðan kálgarð; hann var 7 faðma langur og 6 faðma breiður, en garðurinn var 2 1/2 alin á hæð. Hann hafði verið gerður 1775, en 1777 var sáð í hann byggi, grænkáli, hvítum næpum og kartöflum. Leit vel út með sprettu í honum, þótt vorið hefði verið mjög kalt. En bezt voru þó hvítnæpur þær sprottnar sem staðið höfðu í garðinum yfir veturinn.". Ekki er vitað hvar kálgarður þessi var, en sennilegt er að hann hafi verið á eða nálægt bæjarstæðinu.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: ÓO II, 16.

Ey-351b Djúpidalur

"Sneis og framanverður Djúpidalur eru afréttir frá Saurbæ." BE 1990, 834. "Djúpidalur heitir allt frá bænum Mælifelli vestan Mælifells, en austan Djúpadalsár, fram í botn." Ö-Saur, 191. Sá hluti Djúpadals sunnan ár sem tilheyrði Saurbæ var framan við Stóruskriðu. 1394 hafði Saurbæjarkirkja eignast hálfan Djúpadal og alla Þrjúgstungu - DI III, 524 en þess er ekki getið í máld . 1318. Einnig 1461 - DI V, 310.

Ey-351b:001 *Selskriða* seltóft 65°25.833 N 18°23.416 V
"Dálítið framan Skiphóls, eða á móti Kambfelli, er Selskriðan, sem kemur úr Selgili. Gamlar seltóftir eru á selskriðunni. Var þar haft í seli frá Saurbæ (á 18. öld)" segir í örnefnalýsingu. Engar tóftir sjást nú á skriðunni aðrar en grjóthlaðin rétt og hefur skriða runnið í gegnum hana. Réttin er framan í skriðunni, heldur sunnar en á móts við bæjarhólinn í Kambfelli, um 70 m ofan við Djúpadalsá. Á skriðu og eru skriðutaumar allt í kring en gróið á milli. Stutt er í næstu skriðu framan við (um 400 m) en graslendi er á milli, en utan við er hinsvegar samfelldur graslendisfláki allt að Stóruskriðu. Skriða hefur runnið í gegnum tóftina sem snýr þvert á hlíðina, sennilega ekki fyrir löngu síðan því hún

er ógróin með öllu. Aðeins sjást nú horn tóftarinnar og skammhliðar. Dyr hafa verið vestast á suðurvegg. Tvöföld grjóthleðsla er í veggjum, ekki vönduð að sjá.

Hættumat: mikil hætta vegna skriðufalla.

Heimild: Ö-Saur, 191.

Ey-351b:002 garðlag vörslugarður 65°25.544 N 18°24.019 V

"Æðilangt þar framar [en 001] er gamall vörzlugarður úr grjóti, sem var í lagi langt fram um aldamótin 1900. Skriða sú, sem garðurinn er á, heitir Garðskriða." segir í örnefnalýsingu. Garðurinn er um 500 m framan við Selskriðu 001, í fjallshlíðinni á mótsv við þar sem syðsta kvísl Hraunár rennur í Djúpadalsá. Fjallshlíð, utan í lítilli skriðu. Garðurinn er hlykkjóttur og nær alveg hruninn svo að eiginlega hleðslu er óvíða að sjá, en steinn er yfir steini á stöku stað og má vera að garðurinn hafi aldrei verið mjög vandaður. Hann nær ekki alveg niður að Djúpadalsá og heldur ekki upp í klettana ofan við en þar hefur hann sennilega skemmst af skriðum.

Hættumat: hætta vegna skriðufalla.

Heimild: Ö-Saur, 191.

Ey-351b:003 heimild um leið

"Greiðfært er úr botni Dalsins. Var þar stundum farið upp á hálendið og vestur í Egilsdal í Skagafirði." segir í örnefnalýsingu. Ekki skoðað 1998.

Heimild: Ö-Saur, 191.

4. FORNLEIFAKORT.
SANDHÓLAR, KRÓNUSTAÐIR OG HLEIÐARGARÐUR

Ey-352 Sandhólar

Hjáleiga Saurbæjar 1712, þa talin lögbýlisjörð að fornu. Fyrst getið 1318 og átti Saurbæjarkirkja þá allt landið - DI II, 451 sbr. 1394 - DI III, 524, 1461 - DI V, 310, 1525 - DI IX, 328. Á fyrri hluta þessarar aldar stóð bærinn Sólheimar í landi Sandhóla. 19[illegible]num er flatt er upprekstrarréttur á afrétt Saurbæjar. ... Austan árinnar er Sandhólahólmi, ræktað land sem tilheyrir Sandhólum. BE 1990, 838. "Hringhóll er flatur melur niður við Eyjafjarðará, þar sem brúin er á ánni yfir Sandhólahólma. Sunnan við hólinn er Hringhólsmór og nær suður að merkjum. Var hann áður þýfður en nú er búið að slétt hann." Ö-Saur, 161.

Ey-352:001 *Sandhólar*
Gamli bærinn í Sandhólum var um 150 m vestan við núverandi íbúðarhús í Sandhólum. Hann stóð uppi í brekkunni framan í bæjarhólnum. Þar er nú sléttað tún og sést ekkert til byggingaleifa.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-352:002 heimild um útihús 65°26.554 N 18°13.321 V
Um 70 m norðan við gamla bæinn var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Það hefur verið fast við Ærhólinn. Fram hjá honum liggur vegur og hafa útihúsin líklega verið vestan við hann. Í austurjaðri hólsins sjást steinaraðir sem gætu verið leifar þessa útihúss.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-352:003 *Hvammur* heimild um þvottastað 65°26.395 N 18°12.887 V
"Út og fram af Hringhól er hvammur, ætíð nefndur bara Hvammur, en þar var jafnan þvegin ull." segir í örnefnalýsingu. Hringhóll er við brúnna yfir Eyjafjarðará en norðan og austan við hann er Hvammur sem er stór og sléttur grasbali við árbakkann. Norðaustast í hólnum virðist vera geymsla eða ruslahaugur fyrir gamlar vélar og tæki.

Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ö-Saur, 162.

Ey-352:004 *Ferjubakki* heimild um ferju 65°26.574 N 18°12.768 V

"Litlu utar [en Hvammurinn 003] er hátt moldarbarð að ánni, en þýft að ofan. Hét það Ferjuholt, en bakkinn utan við Ferjubakki. Þar syðst við bakkann hjá holtinu var lengi ferjustaður frá Saurbæ. Áin hefur nú brotið mjög bakkann, ..." segir í örnefnalýsingu. Ferjubakki er norðar en Hvammurinn en sunnar en merkin sem eru þar rétt sunnar.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 162.

Ey-352:005 *Gerðið* heimild um hesthús 65°26.532 N 18°13.165 V

"Fyrir utan og neðan bæinn, er stakur grjótmelur. Voru þar skammt fyrir ofan tóftarbrot, sem nefnd voru Gerðið, og er sagt, að þar hafi verið hesthús." segir í örnefnalýsingu. Gerðið var um 20 m suðvestan við hlöðuna sem nú er. Gróinn vegarslóði liggur frá hlöðunni yfir þetta svæði sem er slétt og að mestu gróið illgresi. Þar er e.k. ruslahaugur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 162.

Ey-352:006 *Lambhúsið* heimild um fjárhús 65°26.515 N 18°13.328 V

"Hólar tveir eru fyrir ofan bæinn. Yrti hólinn er upp undan fjárhúsunum og heitir Ærhúshóll, en syðri hólinn Bæjarhóll. Milli þeirra er laut, er nefnizt Klauf. Sunnan og neðan við hana var Lambhúsið." segir í örnefnalýsingu. Lambhúsið hefur verið á milli gamla bæjarins og 002, 140-150 m vestan við núverandi íbúðarhús.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 162.

Ey-352:007 heimild um kvíar 65°26.498 N 18°13.433 V

"Upp af Bæjarhólnum syðst voru Kvíarnar. Voru þær notaðar til 1895." segir í örnefnalýsingu. Kvíarnar voru suðvestur af Bæjarhólnum 001. Þar sjást engin ummerki lengur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 162.

Ey-352:008 *Stekkjargrund* heimild um stekk 65°26.485 N 18°13.517 V

"Stekkurinn var nokkurn spöl fyrir ofan Bæjarhól. Var hann notaður fram yfir aldamót. Sunnan og neðan við er Stekkjargrund og upp af henni er vatnsgrafinn skorningur kallaður Stekkjargil. Fyrir ofan stekkinn er Stekkjarhallið, sem nær út fyrir merki." segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn var beint fyrir ofan Bæjarhól en talsvert vestar eða fyrir ofan fjallgriðingu. Ummerki um stekkinn eru horfin.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 162.

Ey-352:009 heimild um landamerki 65°26.655 N 18°13.212 V

"Merkjagarður milli Sandhóla og Saurbæjar lá úr Diskhvammi og upp í Merkjalaut, sem er norðan við Sandhólatún og sunnan við Sólheimatóft. Var garðurinn mjög hlykkjóttur og fallinn um 1900, en þó sá víðast fyrir honum." Nú er skurður á merkjunum en þau voru áður sunnar. Garðurinn var jafnaður út þegar merkjunum var breytt þó sést hafi móta fyrir honum allt til 1950. Þetta svæði er nú í landi Sandhóla.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 163.

Ey-352:010 *Sólheimar* heimild um býli 65°26.623 N 18°13.132 V
"Í landi Sandhóla norður við Saurbæjarmerki stóð í nokkur ár, á fyrri hluta þessarar aldar, bærinn Sólheimar. Engar grasnytjar höfðu íbúar Sólheima en stunduðu kaupavinnu hér og þar." segir í örnefnalýsingu. Býlið Sólheimar var byggt um 1920 en byggðin varaði aðeins í nokkur ár. Sólheimar voru beint norður af gamla bænum, norður við Saurbæjarmerkin, norður af fjárhúsunum. Þetta svæði sker sig mjög úr í landslaginu því það er grænna og grónara en umhverfið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.


Heimildir: BE 1990, 838.

Ey-352:011 *Hálsgötur* heimild um leið 65°26.5353 N 18°13.532 V
"Fyrir utan Sandhóla, utan við túnið, eru melhólar tveir. Lágu þar um götur frá bænum og um Litla-Steinhjalla að Hálsi, nefndar Hálsgötur." segir í örnefnalýsingu. Þessar götur sjást ekki lengur. Fyrir vestan melhólana tvo skiptast á tún og þýft mólendi og hefur leiðin verið á þessum slóðum og til norðurs.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 163.

Ey-355 Krónustaðir



20 hdr. 1712. Saurbæjarkirkjueign. Fyrst getið 8.12.1403 en þá gaf sr. Halldór Loptsson Saurbæjarkirkju jörð á Krýnastöðum - DI III, 685 og er hún talin í máldaga kirkjunnar frá 1461 - DI V, 310, 1525 - DI IX, 328. Nefndir bæði "Krynastader eður Kraunastader" JÁM X, 244. 1847: kallaðir Krýnastaðir.

1917: 4,3 ha. (túnauki 0,2 ha.) garðar 670 m2. 1990: "Tún austan þjóðvegarins er flatt og nær það að bökkum Eyjafjarðarár. Vestan vegar hallar öllu landinu og eru efstu túnspildurnar alllangt

upp í hlíðinni. Beitiland er í fjallinu og einnig fylgir jörðinni upprekstrarréttur á afrétt Saurbæjar." BE 1990, 840. "Fyrir utan og neðan gamla bæinn var hæð, sem kölluð var Hnúa, en var lækkuð mikið fyrir nokkrum árum, er landið var sléttað þar."Ö-Saur, 159.

Ey-355:001 *Krónustaðir* bæjarhóll bústaður 65°26.317 N 18°13.480 V
Gamli bærinn á Krónustöðum var þar sem nú eru aflíðandi tún, norðvestan við núverandi íbúðarhús, um 200 m beint norðan við Gerði. Bæjarstæðið er nú slétt tún og ekki er hægt að greina neinar leifar bæjarins en hann var endalega sléttaður út fyrir nokkrum árum.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-355:002 heimild um útihús 65°26.305 N 18°13.506 V
Um 20 m sunnan við gamla bæinn þar sem nú er aflíðandi tún var áður útihús.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-355:003 *Gerðið* heimild um fjárhús 65°26.173 N 18°13.674 V
"Beint suður af gamla bænum, utan við Gerðisholtið, er Gerðið, sem er fjárhús og hefur verið notað meira og minna frá ómunatíð." segir í örnefnalýsingu. Um 190 m sunnan við gamla bæinn var fjárhús á sama stað og núverandi fjárhús standa.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Saur, 159.

Ey-355:004 heimild um fjárhús 65°26.260 N 18°13.528 V
"Hús var á túninu, skammt ofan við þar, sem nýbyggði bærinn er nú. Var þar fjárhús og var það lagt niður á árunum 1895-1900." segir í örnefnalýsingu. Þetta útihús hefur líklega verið 20-30 m vestan við núverandi íbúðarhús.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Saur, 159.

Ey-355:005 heimild um fjárhús 65°26.337 N 18°13.679 V
"Önnur fjárhús voru efst á túninu, ofan við gamla bæinn, og lögðust þau efstu niður fyrir nokkrum árum." segir í örnefnalýsingu. Fjárhús þessi voru 60-80 m vestan við gamla bæinn í túnjaðrinum sem var. Ekki sjást nein merki þessara fjárhúsa í sléttuðu túninu.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Saur, 159.

Ey-355:006 frásögn um geitakofa
Geitakofabrot voru lengi á hólma í Eyjafjarðará beint fyrir neðan (austan) Krónustaði. Í hólmanum miðjum eru ógreinilegar upphækkanir sem gætu verið leifar bygginga en þetta hefur verið sléttað. Grösugur hólmi sem ekki var gangfært út í sumarið 1998 og því voru punktar að þessu sinni teknir á árbakkanum við hólman.

Ey-355:007 heimild um stekk 65°26327 N 18°13.929 V
"Stekkurinn var fyrir sunnan og ofan Háahólinn upp undan bænum. Var hann notaður fram yfir 1900." segir í örnefnalýsingu. Fyrir sunnan og ofan Háahólinn eru tún og sést

ekkert til stekkjarbrota á þessum slóðum.

Ey-355:008 heimild um sel

"Á Brúninni, fyrir ofan Blámel, eru gamlar selrústir. Er talið, að þar hafi verið Sel frá Krónustöðum." segir í örnefnalýsingu. Blámelur er beint fyrir ofan Gerðið. Selið á að hafa verið töluvert ofar í fjallinu en ekki fundust tóftir þar þrátt fyrir leit. Rætt var við Jóhann Þór Halldórsson sem lengi bjó í Hleiðargarði og Þór Jóhannsson ábúanda á Krónustöðum en hvorugur þeirra kannaðist við selið né gátu þeir gefið ábendingar um hvar það væri að finna. Þór hafði heyrt um selið og nokkuð svipast eftir því án árangurs. Hnit voru tekin beint fyrir ofan Gerðið efst í hlíðinni fyrir neðan klettabelti í fjallinu.

Hættumat: ekki vitað.

Heimild: Ö-Saur, 159.

Ey-355:009 heimild um tóft 65°26.374 N 18°13.534 V

"Gömul tóftarbrot eru utan og ofan við gamla bæinn, utan við lækjarsytru, sem venjulega er nefndur Bæjarlækur. Munu hafa verið peningahús þarna." segir í örnefnalýsingu. Tóftarbrot þessi voru norðan lækjarins, líklega svipað vestarlega og stór steinn í túninu. Á þessum stað eru sléttuð tún og engar leifar tóftarbrota.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 159.

Ey-355:010 frásögn um tóft 65°26.240 N 18°13.608 V

Algróin tóftarbrot voru um 60 m beint sunnan við gamla bæinn en þau eru horfin nú.


Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Ey-355:011 frásögn um kvíar 65°26.329 N 18°13.834 V

Kvíar voru áður fyrr á Bæjarhólnum eða við hann. Allt í kringum bæjarhólinn eru sléttuð tún og því hafa leifar kvíanna verið sléttaðar út enda er hvergi að sjá nein merki þeirra. Hnit voru tekin á bæjarhólnum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Ey-356 Hleiðargarður



30 hdr. 1712 Bændaeign, nefnist Hleiðargarður eða Hleinargarður. « Guðríður hét kona [Þorgeirs Ljósavatnsgoða]; hún var dóttir Þorkels hins svarta úr Hleiðrargarði ; hans bróðir var Ormur töskubak, faðir Hlenna hins gamla úr Saurbæ. Þeir Þorkell voru synir Þóris snepils Ketilssonar brimilis Örnólfssonar Björnólfssonar Grímssonar loðinkinna Ketilssonar hængs Hallbjarnarsonar hálftrölls úr Hrafnistu. » Njáls saga 105. kap, (ÍS VIII, 200)

« Móðir Þorkels háks hét Guðríður ; hún var dóttir Þorkels hins svarta úr Hleiðrargarði Þórissonar snepils Ketilssonar brimilis Örnólfssonar Björnólfssonar Grímssonar loðinkinna Ketilssonar hængs Hallbjarnarsonaar hálftrölls. » Njáls saga, 119. kap (ÍS VIII, 224)

8.12.1403 gefur Halldór Loptsson barni því er Gyða Salómonsdóttir gengur með hálfan Hleinargarð m.m. - DI III, 687. 21.10. 1412 selur Sigurður Jónsson Þorleifi Brandssyni hálfa jörðina Hleiðrargarð fyrir 30 hdr. vöru og sagði til bænhússkyldar á jörðinni - DI III, 748-49. 27.7.1471 er Hleidrargarður, 40 hdr, meðal þeirra eigna er Árni Höskuldsson reiknaði sér er hann sigldi af landi og skyldi Ragna dóttir hans fá jörðina ef hann dæi ásamt Gilsá - DI V, 625-26. 6.6.1520 telur Gottskálk bp Hleynargarð, 60 hdr, með 10 kúgildum, landskuld 2 hdr meðal þeirra jarða sem hann hefur eignast í bpstíð sinni og ánafnar stólnum - DI VIII, 728. 1525 er Hleinargarður meðal Hólakirkjujarða - DI IX, 301. 4.11.1532 selur Jón Arason bp Þorleifi Grímssyni Hleinargarð fyrir 40 hdr - DI IX, 635. 16.4.1543 selur Ormur Sturluson Ara Jónssyni Hleinargarð fyrir 40 hdr - DI XI, 209 sbr. 258 og 432. 5.12.1550 er Hleinargarður talinn meðal Hólastólsjarða með 6 kúgildum, landskuld 2 hdr og 2 tíundir - DI XI, 866. 1569 er Hleinargarður meðal Hólastólsjarða, landskuld 1 hdr og 5 ágildi, tíundir 2, leigukúgildi 4 - DI XV, 226. 1712: Hleinargarðskot hjáleiga, í eyði. Hleiðargarður II nýbýli 1940, í eyði 1973 og landið var keypt af ábúendum Hleiðargarðs I. Sumarbústaður á u.þ.b. 1 ha. norður við merki Krónustaða.

1917: 8,5 ha. garðar 965 m2. 1990: "Tún austan vegarins er flatt og nær það að bökkum Eyjafjarðarár. Á því svæði eru fornir farvegir árinnar. Vestan vegar eru tún að hluta í nokkrum halla. Beitiland er í fjallinu. Hleiðargarðsfjall er bratt og skriðurunnið. Hafa oft hlaupið úr því skriður en ekki til verulegs tjóns á síðari árum. ... Sunnan jarðfallsins er 25 ha. engjaland sem allt var heyjað fyrr á árum." BE 1990, 842.

Ey-356:001 *Hleiðargarður* bæjarhóll bústaður 65°25.658 N 18°14.038 V
"Upp við fjallsræturnar er gamli bærinn sem nú er aflagður." Í Hleiðargarði var oft margbýlt. Þar standa tveir bæir en Hleiðargarði II var til skamms tíma formlega skipt út úr jörðinni árið 1940. Gamli bærinn sem er notaður sem geymsla (flutt úr 1973) er suðvestan við steypta íbúðarhúsið sem í er búið í dag. Við gamla bæinn var margsinnis byggt við og standa yngstu viðbyggingarnar enn en þær eru steyptar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917 og BE 1990, 842.

Ey-356:002 heimild um fjárhús 65°25.669 N 18°14.072 V
35-40 m suðvestan við 001 var fjárhús á lítilli hæð í túninu. Á þessum stað er grjót á víð og dreif sem líklega er úr fjárhúsinu en önnur merki þess sjást ekki. Þessi bygging var fjögur hús, frá norðri: fjárhús, hlaða, fjárhús og hlaða. Hlaðan á norðurenda var sérkennilega hlaðin þar sem hún var hlaðin í hálfhring í endann.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917.

Ey-356:003 heimild um útihús 65°25.625 N 18°14.045 V
Útihús var 30-40 m suðvestan við 001 og suðaustan við 002. Á þessum stað var fjós með hlöðu, heytóft og hesthúskofa. Síðar var byggð þar bílaskemma úr torfi og önnur skemma til en nokkuð er síðan þessar byggingar voru endanlega sléttaðar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917.

Ey-356:004 *Kinnahús* heimild um fjárhús 65°25.543 N 18°14.077 V
"Utan og ofan við Langhús er Kinnahús, sem nú er ekki notað lengur fyrir fé." segir í örnafnalýsingu. Kinnahús var um 200 m beint suður af 001. Kinnarhús var fjárhús og hlaða, sléttað fyrir 30-40 árum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 154.

Ey-356:005 *Langhús* heimild um fjárhús 65°25.536 N 18°14.195 V
"Fjárhús á Suðurtúninu eru: Barðhús, niðri á barðinu, og Langhús fyrir ofan þau." Langhús voru um 250 m sunnan við 001 og um 50 m suðaustan við 004. Langhús var fjárhús, hlaða og hesthús en síðustu ummerki um þau voru sléttuð út um
1980.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnakort 1917 og Ö-Saur, 154.

Ey-356:006 *Barðhús* heimild um fjárhús 65°25.486 N 18°14.047 V

"Fjárhús á Suðurtúninu eru: Barðhús, niðri á barðinu, ..." Barðhús voru um 80 m austan við 005 og milli 270-280 m sunnan við 001. Barðhús var fjárhús með hlöðu og var sléttað um 1960.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917 og Ö-Saur, 154.

Ey-356:007 *Hleiðargarðslaug* heimild um þvottalaug 65°25.392 N 18°14.281 V

"Nokkurn spöl sunnan við fjárhúsið er mikill skriðuhryggur sem nefnist Jarðfall. Þar var laug sem notuð var til þvotta þar til hún grófst undir framhlaupi um aldamótin 1800." segir í Byggðum Eyjafjarðar en Helgi Hallgrímsson segir í söguminjaskrá sinni frá Laugarspildu "út við Jarðfallið, sunnan bæjar. Á 18. öld var þar laug og skáli eða kofi byggður við.." Jarðfallið er sunnan við túnið en ekki er vitað nákvæmlega hvar í því laugin var. Jarðfallið er nokkuð gróið. Hnit voru tekin fyrir miðju jarðfalli austarlega.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: BE 1990, 842 og HH, 23.


Ey-356:008 *Torfhóll* heimild um ristu 65°24.924 N 18°14.389 V

"Neðan við Merkjahól er annar hóll, nú stundum nefndur Svarðarhóll og stundum Torfhóll. Liggur vegurinn yfir hólinn." segir í örnefnalýsingu. Torfhóll er ekki langt norðan merkja við Nes, þar sem vegurinn liggur nú og austur af honum.

Hættumat: hætta vegna vegar.

Heimild: Ö-Saur, 151.

Ey-356:009 *Gamlistekkur* stekkjartóft 65°25.190 N 18°14.651 V



"Gamlistekkur er ofarlega í enginu, sunnan í hæð, nokkuð utan við Ytri-Kotshrygg og sunnan við Grófarlæk." segir í örnefnalýsingu. Stekkjartóftin er fyrir austan gömlu fjallgirðinguna, 200-300 m fyrir ofan Eyjafjarðarveginn, og um 100 m norðan við 024.

Tóftin er 10 X 14 m að stærð og 3 hólf. Hún er mjög gróin og um 0,4 m á hæð að jafnaði.

Fyrir vestan eru þýfðir hagar en fyrir austan mýrlendi en síðan taka við tún niður að Eyjafjarðarveg.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 152.

Ey-356:010 *Hesthúsvöllur* heimild um hesthús 65°25.435 N 18°14.115 V

"Syðsti og neðsti hluti túnsins heitir Hesthúsvöllur. Var þar hesthús, sem stóð fram yfir 1910." segir í örnefnalýsingu. Hesthúsið var 60-70 m vestur af 006. Þar er hæð í túninu en ekki sjást merki hesthússins.


Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Saur, 154.

Ey-356:011 *Gildruhóll* heimild um tófugildrur 65°25.950 N 18°14.149 V
"Gildruhóll er við Gildruhólsgil, út og upp með hlíðinni. Þar voru hafði tóugildrur og engt fyrir tóum." segir í söguminjaskrá. Gildruhóll er í nyrsta gilinu í landi Hleiðargarðs. Hann er skammt fyrir ofan fjallgirðinguna. Jóhann Þór Halldórsson man ekki eftir tófugildrum þar og ekki sjást nein merki um slíkt á hólnum.
Hættumat: engin hætta.
Heimild: HH, 24.

Ey-356:012 brunnhleðsla 65°25.621 N 18°13.893 V
Nokkrum metum beint austan við 003 var brunnur. Brunnur þessi var rétt vestan við vegarslóða sem liggur til norðurs neðan túnsins en ofan garðsins kringum íbúðarhúsið. Brunnurinn var notaður fyrir bæinn og var sýnilegur þar til rutt var ofan í hann fyrir skömmu. Örlítil dæld er á þessum stað og grjóthrúga þar. Brunnurinn var alveg hlaðinn að innan og ætti að vera sæmilega heill neðanjarðar.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Ey-356:013 þjóðsaga um *Hleiðargarðsskottu* 65°25.062 N 18°14.685 V
"Hleiðargarðsskotta, einn þekktasti draugur sýslunnar, var kennd við Hleiðargarð." segir í Byggðum Eyjafjarðar. Skottan tengdist ekki einum stað í landareigninni öðrum fremur nema gamla bænum og svo nátengd var hún honum að eitt húsa hans var kallað Skottukofi. Hnit voru tekin við bæjarstæði gamla bæjarins.
Heimild: BE 1990, 842.

Ey-356:014 fjárhústóft 65°25.678 N 18°14.045 V




"Á hólnum utan og ofan við bæinn voru Kvíar fyrir bæði bú, sem tóku hátt á annað hundrað ær, og voru þær notaðar fram yfir 1900. Árið 1927 var byggt fjárhús á tóftunum ..." segir í örnefnalýsingu. Um 30 m vestan við gamla bæinn eru leifar fjárhússins sem byggt var á tóftum kvíanna. Fjárhúsið var nefnt Pálmahús eftir manninum sem það byggði. Fjárhústóftin er 10 X 20 m að stærð og skiptist í þrjú hólf. Vesturhluti tóftanna er mjög óskýr.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Saur, 154.

Ey-356:015 túngarður 65°25.707 N 18°14.046 V
"Grjótgarður er um Úttúnið frá áðurnefndu húsi, út fyrir ofan og niður með túninu að utan." segir í örnefnalýsingu. Túngarðurinn byrjar skammt norðan við Pálmahús (014) og nær um 80 m til norðurs en beygir þá lítilsháttar í austurátt og nær þar í 20-30 m. Girðing er nú ofan á garðinum í norðvesturhorni túnsins.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Saur, 154.

Ey-356:016 *Hleiðargarðsrétt* réttartóft 65°25.788 N 18°13.713 V
"Utan við [Stórastein fyrir neðan Jarðfallið] er Hleiðargarðsrétt framan í barðinu." segir í örnefnalýsingu. Réttin er norðan við Hleiðargarð á brekkubrún, um 150 m vestan Eyjafjarðarvegar. Réttin er 20 X 18 m og skiptist í 2 hólf. Hún er töluvert gróin en hleðslur sjást þó að innan. Þær eru um 1,2 m háar að jafnaði.



Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 154.

Ey-356:017 garðlag landamerki 65°26.110 N 18°13.617 V
"Norðan í [Gerðisholti] sézt móta fyrir fornum garðleifum, og eru þar merkin milli Hleiðargarðs og Krónustaða" segir í örnefnalýsingu. Þessi garður var norðan við sumarbústað sem nú er og trjáreitinn hjá honum. Þar er nú skurður og girðing á merkjum en ekki er hægt að sjá greinilegar garðleifar nema smávægilegar upphækkanir á stöku stað undir girðingunni.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 154.

Ey-356:018 vegur leið 65°26.092 N 18°13.647 V
"Áður en vegurinn var lagður um Hólmana skömmu eftir 1920, lá hann af Gerðisholti neðst suður og upp á Smérhnattarhól efst. Voru í mónum utan við hólinn fjölmargir götutroðningar. Lá vegurinn þaðan suður og yfir Jarðfallið, ofan við Hleiðargarð og suður fyrir ofan Langhús og suður og fram Jarðfallið." segir í örnefnalýsingu. Hjá Gerðisholtinu hjá sumarbústaðnum sést móta fyrir greinilegum götuslóða. Hnit voru tekin þar, á nyrsta hluta leiðarinnar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 155.

Ey-356:019 *Vatnsstokkur* áveita 65°25.328 N 18°14.024 V
"Á hólmanum syðst, austan við Samvinnuna, er vatnsveituskurður, nefndur Vatnsstokkur, frá þeim tíma, er vatni var veitt úr kvíslinni á Hólmana og einnig út í Krónustaðaland og Hringhólsmó. Voru á Hólmunum víða garðar, hlaðnir fyrir uppistöðuvatn. Syðst á

Hólmunum var djúpur pyttur, er hét Grýta. Hvarf hann, er landið var brotið." segir í örnefnalýsingu. Vegarslóði liggur til austurs frá Eyjafjarðarveg á þessum slóðum. Greinileg merki vatnsstokksins sjást enn í óræktuðu landinu austan Eyjafjarðarvegar. Norðan við hverfur garðurinn hins vegar undir sléttuð tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 156.

Ey-356:020 heimild um sel 65°25.806 N 18°15.748 V

"Upp með [Syðra-Bæjargili á Hleiðargarðsfjalli] að sunnan, uppi á Brún, eru Seltóftir. Var þar fyrrum haft í seli. Sagt er, að smalinn hafi verið látinn bera strokkinn á bakinu heim að Hleiðargarði og var þá fullstrokkað, er heim var komið." segir í örnefnalýsingu. Brúnin er ofarlega í hlíðinni en þó fyrir neðan klettabeltið. Ekki sjást seltóftirnar lengur. Jóhann Þór Halldórsson segir að talað hafi verið um sel á þessum stað en tóftirnar hafi verið horfnar fyrir sitt minni.

Hættumat: ekki vitað.

Heimild: Ö-Saur, 156.

Ey-356:021 *Huldufólksklöpp* heimild um huldufólksbústað 65°25.394 N 18°16.041 V

"Norðanvert við [Svörtugjá í Hleiðargarðsfjalli] neðst er Hulldufólksklöpp. Er sögn um það, að kýr frá Hleiðargarði hafi farið rakleitt upp að þessari klöpp og verið þurrmjólkaðar af Huldufólki." segir í örnefnalýsingu. Svartgjá er bratt klettaskarð í fjallið. Norðan við það er Huldufólksklöpp, lítið klettabletti í þýfðri hlíðinni.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 156.

Ey-356:022 heimild um bænhús 65°25.046 N 18°14.042 V

"Bænhús var fyrrum í Hleiðargarði, en eigi vita menn hvar það hefur staðið." segir í örnefnalýsingu. Þetta er staðfest í sölubréfi frá 21.10.1412 þar sem Sigurður Jónsson sagði "til bænahvs skylldar a jordvnni." Ekki er vitað hvar bænhúsið var en líklegt verður að telja að það hafi staðið í námunda við gamla bæjarstæðið. Hnit voru tekin fyrir austan bæjarstæðið þar sem er hlað fyrir framan bæjarstæðið en það stendur á svolítilli hæð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Saur, 157 og DI III, 749.

Ey-356:023 *Stóristeinn/Kirkja* frásögn um huldufólksbústað 65°25.753 N 18°13.804 V

Rétt sunnan við Hleiðargarðsrétt (16) eru tveir stórir steinar sem hafa borist með skriðu. Sá austari heitir Stóristeinn og sá vestari Kirkja. Í þessum steinum var álitið að væri huldufólk. Í túni norðan bæjar og vestan Eyjafjarðarvegar.

Hættumat: engin hætta.

Ey-356:024 *Hleiðargarðskot* býlistóft 65°25.061 N 18°14.680 V

"Um Sturluflöt eru sagnir í Sópdyngju. Upp af Sturluflöt er Syðri-Kotshryggur, en nokkru utar Ytri-Kotshryggur. Á milli þessara hryggja er eyðibýlið Hleiðgarðskot, er fór í eyði árið 1705, vegna skriðufalla. Sjást enn bæjarrústir og fjárhúsatóftir, því að beitarhús voru þar frá Hleiðargarði fram yfir 1900. Rækt er enn í Kotstúni og töðugresi gott. Lifir sú sögn enn, að kona, sem Þórunn hét og bjó í Koti, hafi mælt svo um, að aldrei skyldi taðan af túninu hrekjast "meðan jaxlar sínir væru ófúnir". Hefir það þótt rætast. Sagt er, að Sturla héti frændi hennar,er Sturluflötur er við kenndur (sjá ritið Sópdyngju). Árið 1703 býr í koti Ásmundur Ingimundarson, og er 6 manns í heimili. Er líklegt, að það fólk hafi verið þar síðast." segir í örnefnalýsingu. Skriðuhryggir eru bæði norðan og sunnan við kotið, en það er beint fyrir ofan tún sem er í miðju þriggja túnbletta sem saman kallast Miðjustykki, 200-300 m ofan vegar. Á þessum stað er nú beitarhúsatóft. Hún er 18 X 11 m að stærð og um 0,8 m á hæð að meðaltali. Hún skiptist í 4 hólf og er garður í miðju eins þeirra. Hólfin eru öll greinileg og grjóthlaðin að innan.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 152.

Ey-356:025 *Sturluflöt* þjóðsaga 65°25.014 N 18°14.346 V

"Um Sturluflöt eru til þjóðsögur" (sbr. Ritið Sópadyngju). Sturluflöt á syðsta túnstykkinu af þremur, sunnan við Hleiðargarð. Það er næsta tún sunnan við Miðflöt. Vegurinn nær yfir austasta hluta Sturluflatar. Þórhallur Vilmundarson hefur fært rök fyrir því að örnefni með Sturlu- að fyrri nafnlið séu afbakanir á Stöðla- og gæti þetta því upphaflega hafa verið Stöðlaflöt og þar verið stöðull eða kvíar.

Heimild: Ö-Saur, 152.


Ey-356:026 *Grófarmór* heimild um álagablett 65°25.192 N 18°14.589 V

"Á þessum slóðum [hjá Gamla-Stekk og Sprettuþúfu] er einnig Grófarmór, nálægt Grófarlæk, er það gömul trú, að ætíð komi rigning, þegar hann er sleginn." segir í söguminjaskrá. Grófarmór er norðaustan við Gamla-Stekkinn (009).

Hættumat: engin hætta.

Heimild: HH, 23.

Ey-357 Nes



20 hdr. 1712. 6.5.1446 er Nes meðal þeirra jarða Þorvarðar Loptssonar er komu í hlut barna hans að honum látnum - DI IV, 678. 10.8.1447 skipar Kristófer konungur Nes og fleiri jarðir undir hirðmann sinn Pétur Pétursson nema að Margrét Vigfúsdóttir eða börn hennar sýni með lögum að Þorvarður Loptsson hafi átt þær - DI IV, 706. 5.8.1545 kvittar Ormur Sturluson Ara Jónsson af greiðslu fyrir Nes - DI XI, 432. 17.10.1557 galt Herdís Gísladóttir Valgerði Björnsdóttur dóttur sinni í föðurarf og til kaups við Benedikt Halldórsson jörðina Nes fyrir 20 hdr og þar með 10 málnytukúgildi - DI XIII, 241. 30.7.1672 selur Brynjólfur bp Sveinsson Birni Pálssyni Nes fyrir 20 hdr. - Jarðabréf, 247. 19.3.1689 selur Arngrímur Hrólfsson Guðbrandi Magnússyni Nes fyrir 20 hdr. - Jarðabréf, 251. Nesgerði hjáleiga í eyði 1712.

1917: 4,9 ha. (túnauki 0,6 ha.) garðar 80 m2. 1990: Túnið er að meginhluta suður frá bænum austan þjóðvegarins, flatt og samfellt. Beitiland er í Hleiðargarðsfjalli. Nokkrir hólar eru í fjallsrótunum vestan vegarins og frá þeim hólkollar alllangt upp í hlíðina."

Ey-357:001 *Nes* bæjarhóll bústaður 65°24.725 N 18°14.454 V

Gamli bærinn var á sama stað og núverandi íbúðarhús, á hól rétt austan við Eyjafjarðarveg. Suðurhluti bæjarins stóð lengur en var rifinn þegar byggt var við núverandi íbúðarhús til suðurs. Austan við íbúðarhúsið eru hestasteinar sem hafa staðið við hlaðið í Nesi um langan aldur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917.

Ey-357:002 heimild um útihús 65°24. 723 N 18°14.452 V

Um 15 m suðaustan við bæinn var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Nú er steypt hlaða og fjós á þessum stað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917.

Ey-357:003 heimild um útihús 65°24.793 N 18°14.377 V
Um 90 m austan við 001 var útihús. Enn sjást leifar síðustu byggingarinnar á þessum stað, steyptur veggjarstúfur en við hann er rabbarbarabeð.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-357:004 heimild um útihús 65°24.682 N 18°14.584 V
Um 80 m suðaustan við 001 var samkvæmt túnakorti frá 1917 útihús. Þar er nú reykkofi úr timbri, torfi og bárujárni.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-357:005 *Nesgerði* heimild um fjárhús 65°24.696 N 18°14.806 V
“Suður og upp frá bænum er mýrin, en ofan við hana og suður og upp frá bænum var Nesgerði. Var þar býli eitt sinn, en lagðist í eyði 1632. Síðan voru þar fjárhús um langan aldur, allt fram til 1945." segir í örnefnalýsingu. Nesgerði var um 130 m vestan við 004 og talsvert sunnar. Þar er dæld í túnið en ekki er hægt að sjá greinilegar leifar tófta. Í jarðabók Árna og Páls frá 1712 segir svo frá Nesgerði: "Nesgerde heitir forn hjáleiga fyrir sunnan og ofan túnið, þar sem nú eru fjárhús heimajarðarinnar. Hún hefur í auðn legið 80 ár eður lengur, og vita því ekki nálægir hennar byggíngarkosti að undirrjetta. Ekki má hjer aftur byggja fyrir landþröng." JÁM X, 247.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Saur, 149; JÁM X, 247.

Ey-357:006 *Stekkjareyri* heimild um stekk 65°24.541 N 18°14.213 V
"Fyrir ofan bakkann er Ytri-Fit og sunnan við, í túninu Syðri-Fit. Þar nokkru sunnar nefnizt sandur, en þar niður af, við ána, heitir Stekkjareyri. Hefur einhvern tíma verið stekkur ofan við eyrina." segir í örnefnalýsingu. Stekkjareyri er rétt norðan við merki Ness og Gilsár. Vestan við hana eru tún og sést ekkert til stekkjarins.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Saur, 149.

Ey-357:007 *Völvuleiði* heimild um legstað 68°24.793 N 18°14.549 V
"Út frá bænum er Lambhúsið. Milli þess og Lambhúshóls er blettur lítill, yzt við túnið, kallaður Völvuleiði, en ekki eru sagnir bundnar við það." segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar Völvuleiðið hefur verið. Samkvæmt örnefnaskrá var það beint norðan við bæinn en heimildamaður telur að það hafi verið alveg upp við þar sem Eyjafjarðarbrautin liggur nú, en aðeins vestar. Hann mundi að faðir sinn hafði haft áhyggjur af því að vegagerðin spillti staðnum. 5-10 m vestan vegar er þýflendi og þar er grjóthrúga og telur hann það vera staðinn sem um ræðir.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimildir: Ö-Saur, 150.


Ey-357:008 *Kvíadagslátta* heimild um hesthús 65°24.718 N 18°14.617 V
"Sunnan og vestan við bæinn er Tjörnin og liggur nú brautin gegnum hana. Sunnan og

ofan við tjörnina er hesthús og túnblettur í kring. Heitir það Kvíadagsslátta. Er líklegt, að kvíar hafi einhvern tíma verið þar. Kvíhólar heita hólarnir þar upp af." segir í örnefnalýsingu. Kvíadagslátta er sunnan og ofan við þar sem Tjörnin var áður og ofan við reykkofann sbr. 004. Um 20 m suðvestur af honum er lágur hóll með grjóti sem lítur út eins og þar hafi bygging hafi verið áður. Þar hafa kvíarnar og síðar hesthúsið líklega verið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 150.

Ey-357:009 stekkjartóft 65°24.623 N 18°15.090 V



"Suður og upp af [Kvíhól] var Stekkur, í dæld utan við Skíðagil."
Stekkjartóftin er nálægt merkjum við Gilsá, skammt vestan sumarbústaðar sem þar er, um 100 m vestan Skíðagils. Stekkurinn er 15 X 8 m að stærð og skiptist í tvö hólf en er dálítið siginn að vestan. Þar er mýrlent og hálfgert mýrarsvað í því hólfi. Grjóthleðslur í austara hólfinu eru mjög greinilegar. Þar er mýrlent og hálfgert mýrarsvað í því hólfi. Grjóthleðslur í austara hólfinu eru mjög greinilegar.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Saur, 150.

Ey-357:010 *Nesvað* heimild um vað 65°24.710 N 18°14.288 V
"Neðan við bæinn var þrautavað á Eyjafjarðará, svokallað Nesvað." segir í örnefnalýsingu. Beint austan við bæinn er greinilegt vað sem enn er notað.

Hættumat: engin hætta.


Heimild: BE 1990, 844.

Ey-357:011 *Brotnistekkur* heimild um stekk 65°24.839 N 18°14.693 V
“Út frá Kvíhólum eru deiglend sund, en utan við þau er Brotnastekkshóll og Brotnistekkur ofan við. " segir í örnefnalýsingu. Norðan við Brotnastekkjarhól eru sléttuð tún og sést ekki til stekkjarins af þeim sökum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 150.

Ey-357:012 *Nessel* seltóft 65°24.889 N 18°15.444 V



"Sel var í Langhólum í djúpri laut. Sjázt þar enn selrústirnar." segir í örnefnalýsingu. Seltóftin er efst í Langhólum í grasi gróinni laut. Skammt norðan við bæinn og um 600-800 m vestan við Eyjafjarðarbraut. Tvær tóftir samfastar. Sú vestari er þrjú hólf en sú eystri eitt. Samanlagt eru tóftirnar 20 X 13 m.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 150.

Ey-357:013 *Nautahjalli* heimild um huldufólksbústað 65°24.781 18°15.561

"Brún er slakki í fjallinu og nær frá Langhólum út á fjallsöxul. Upp á Brúninni fyrir ofan Nes er Nautahjalli, stundum nefndur Kúahjalli. Eru það klappir og sýnast ekki ósvipaðar húsi, enda sú trú á, að þar byggi huldufólk." segir í örnefnalýsingu. Nautahjalli er beint fyrir ofan bæinn, hátt upp í hlíðinni. Þar er 15-20 m langt klettabelti sem úr fjarlægð er ekki ólíkt burstabæ.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 150.

Ey-357:014 *Karlshús* heimild um fjárhús 65°24.685 N 18°14.587 V

“Fyrir ofan bæinn, vestan við veginn, var fjárhús á lágum, flötum hól, kallað Karlshús, kennt við mann þann, er hafði það lengi síðast. Ekki sést til hússins en ávöl og lág hæð er beint vestan við Eyjafjarðarbrautina og hefur húsið sjálfsagt verið áður.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 150.

Ey-357:015 vörslugarður 65°24.906 N 18°14.944 V

Garður var í hlíðinni fyrir ofan bæina Hleiðargarð, Gilsá og Nes en hefur sjálfsagt náð enn lengra þó að erfitt sé orðið að greina hann norðan við Hleiðargarð. Nú er hann undirstaða undir fjallgriðingu sem lögð var 1908-09. Garðurinn sést enn vel í landi Ness þó að í þar hafi fjallgirðingin verið færð 100 m ofar í fjallið. Garðurinn er líklega um 400 m fyrir vestan Eyjafjarðarveg.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 150.


Ey-357:016 hleðsla brunnur 65°24.755 N 18°14.652 V

Um 150 m vestan við bæinn og vestan við þar sem Tjörnin var áður (vestan Eyjafjarðarbrautar) er hlaðinn brunnur. Hann er ekki alveg hringlaga heldur er hann tæplega 1 m á breidd og tæpir 2 m á lengd. Hann er hlaðinn að innan. Hann er fremur grunnur og getur verið að á síðari tímum hafi verið rutt ofan í hann.

Hættumat: engin hætta.

Ey-358

Gilsá




20 hdr. 1712. 27.7.1471 er Gilsá, 25 hdr, meðal þeirra eigna er Árni Höskuldsson reiknaði sér er hann sigldi af landi og skyldi Ragna dóttir hans fá jörðina ef hann dæi ásamt Hleiðargarði - DI V, 625-26. 17.5.1488 er gefinn vitnisburður um að Árni Höskuldsson hafi gefið hálfa Gilsá kirkjunni á Gnúpufelli en hálfa syni sínum Indriða en Höskuldur Árnason skyldi eiga lausn á allri jörðunni - DI VI, 528. 6.6.1520 telur Gottskálk bp Gilsá, 20 hdr, með 6 kúgildum, landskuld 1 hdr meðal þeirra jarða sem hann hefur eignast í bpstíð sinni og ánafnar stólnum - DI VIII, 728. 1525 er Gilsá meðal Hólakirkjujarða - DI IX, 301. 25.12.1550 er Gilsá, 20 hdr, meðal þeirra Hólkakirkjujarða sem Jón Arason hafði burt lógað - DI XI, 873 sbr. 1552 - DI XII, 460. 8.9.1682 selur Jón Eggertsson Þorvaldi Gunnlaugssyni Gilsá fyrir 20 hdr, 10 ríkisdali fyrir hvert hdr - Jarðabréf, 224. Litla-Gilsá og Steinagerði hjáleigur í eyði 1712. Eftir 1847 var Gilsá skipt niður í Gilsá I og II. Gilsá II í eyði frá 1988.

1917: 8 ha. (túnauki 1.1 ha.) garðar 255 m2.

1990: Gilsá I "Tún vestan vegar er í halla en flatt og samfellt austan hans. Beitiland er í Hleiðargarðsfjalli og á Gilsárdal en það er vesturhlíð lítils dals sem gengur suðvestur í fjallgarðinn framan Gilsárbæjanna. Skriðuhætta er nokkur en ekki hafa skriður valdið miklum skaða hin síðari ár. Hafin er nytjaskógrækt á um 10 hektara svæði. ... Nyrst í Gilsárslandi nokkru vestan þjóðvegarins er sumarbústaður á leigulóð.BE. 1990, 846. Gilsá II Efri hluti túnsins er í nokkrum hjalla en neðan þjóðvegarins er það nær flatt og samfellt." BE 1990, 848. "Engi fyrir neðan veginn og utan lækjarins er kallað Flataengi.

Var það fleytingsþýft, allt grasgefið. Er nú búið að slétta það mest allt." Ö-Saur, 146-147.

Ey-358:001 *Gilsá* bæjarhóll bústaður 65°24.266 N 18°15.083 V




Gamli bærinn stendur enn að nokkru leyti, um 30 m vestan við íbúðarhúsið á Gilsá II. Bæjarhóllinn er fremur stór og er bærinn fremst á honum. Beint sunnan við bæjarhólinn er bæjarlækur. Sjö hólf eru greinileg en ekki var hægt að greina nákvæma lögun norðvestasta hluta tóftarinnar vegna þess að þakið var algjörlega hrunið ofan í. Mikið af rusli er í tóftinni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917.

Ey-358:002 fjóstóft 65°24.252 N 18°15.135 V


3-4 metrum vestan við gamla bæinn eru tóftir útihúss sem var fjós og fjóshlaða. Tóftin er nokkuð heilleg 19 X 9 m að stærð. Hún skiptist í 4 hólf.



Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-358:003 útihúsatóft 65°24.252 N 18°15.124 V

Um 15 m suðvestan við 002 of 22 m suðvestan við gamla bæinn standa enn tóftir fjárhúss. Tóftin er 17 X 17 m að stærð og skiptist í 4 hólf.



Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-358:004 *Miðhús*
heimild um lambhús
65°24.379 N
18°15.155 V

Útihús voru 160-170 m norðvestan við 001 þar sem nú er landareign Gilsár I. Þar er nú slétt tún og sést ekki til byggingaleifa.


Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimildir: Túnakort 1917.

Ey-358:005 *Efstuhús* heimild um útihús 65°24.369 N 18°15.162 V

150-160 m norðvestan við gamla bæinn var útihús 1917. Þessi staður er í landareign Gilsár I en ekki sjást merki útihússins í sléttu túninu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-358:006 *Kvíhús* fjárhústóft 65°24.233 N 18°15.374 V




"Upp frá bænum eru fjárhús, er nefnd eru Kvíhús, og þar voru kvíarnar. Túnið í kring heitir Kvíhúsvöllur og hóllinn utan við Kvíhúshóll. Mýrin utan og neðan við Kvíamýri." segir í örnefnalýsingu. Kvíhús eru um 200 m vestan við gamla bæinn. Tóftin er að mestu undir þaki. Hún er 17 X 17 m að stærð og skiptist í fjögur hólf.

Hættumat: hætta vegna ábúðar .

Heimild: Ö-Saur., 145.

Ey-358:007 *Gerðishús* útihúsatóft 65°24.120 N 18°15.365 V



Beint sunnan við Gerðið er Gerðishóll. Þar stendur útihús úr torfi, grjóti og timbri enn undir þaki. Það er 20-30 m suðvestan við 021. Hesthús var syðst, samfast við það var Syðra-hús og því næst Ytra-hús og nyrst hrútakofi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917.

Ey-358:008 *Litla-Gilsá* heimild um b

Í Jarðabók Árna og Páls er getið um eyðihjáleiguna Litlu Gilsá: "Litlagilsá hefur hjáleiga heitið fyrir framan túnið, þar sem nú eru fjárhús, en hver af er fallin fyrir meir en 80 árum, ..." JÁM X,248. "... Litla Gilsá. Hefur býlið annaðhvort verið þar sem Gerðið er nú, sem hefur verið fjárhús um langan aldur, eða sunnan og neðan við gerðið, skammt frá gilinu, en þar hafa til skamms tíma verið tóftarbrot nokkur. Hallazt fleiri að því, að bærinn hafi verið þar. Býli þetta fór í eyði um 1632." segir í örnefnalýsingu. Litla-Gilsá er í Byggðum Eyjafjarðar talin hafa verið í landi eyðibýlisins Gilsár II. Nú eru rennislétt tún austan og sunnan við Gerðið að Gilsárgilinu og engar tóftir að sjá lengur á því svæði. Hnit tekin um 170 m suðaustur af 007.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: JÁM X, 24, Ö-Saur, 144-145 og BE 1990, 848.

Ey-358:009 *Steinagerði* heimild um býli 65°24.583 N 18°15.262 V
Í jarðabók Árna og Páls frá 1712 er getið um eyðibýlið Steinagerði í landi Gilsár: "Steinagerði heitir önnur eyðihjáleiga fyrir utan og ofan túnið, hefur nú verið í eyði legið 5 eður 6 ár, en bygð þar fyrir um lítinn tíma, þar sem ekki hafði áður býli verið, og brúkaði þessi hjáleiga Litlugilsá sjér til slægna". Í örnefnalýsingu segir svo frá: "Túngarðurinn [í Steinagerði] sézt þar á parti, og hefur túnið náð upp að garðinum, sem lá fyrir ofan bæina ... Sagt er að nokkur hluti af Flataenginu hafi áður heitið Steingerðismór, sem bendir til þess, að bær þessi hafi átt engi þar. Einnig lifir sú sögn enn, að Steingerði hafi verið aðaljörðin, en ekki Gilsá. Í manntalinu 1703 er talað um Gilsárhjáleigu, sem mun vera sama býli og Steinagerði. Þar búa þá Jón Árnason og Oddný Ólafsdóttir, með eitt barn. Má ætla, að þar hafi verið síðustu ábúendur þar." Steinagerði var út og upp undan merkjum milli Ness og Gilsá á hæð út og suður með landamerkjagirðingunni sem kölluð er Steinagerðishæð. Neðan fjallgirðingar. Skammt frá á merkjunum er nátthagi 026 sem um er getið í örnefnalýsingu og eru merki hans greinileg en leifar býlisins sjást hinsvegar ekki.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimildir: JÁM X, 248 og Ö-Saur, 145.

Ey-358:010 *Neðstuhús* heimild um fjárhús 65°24.387 N 18°15.054 V
"Út á túninu hafa verið fjárhús á þremur stöðum. Neðst eru Neðstuhús, út við lækinn." segir í örnefnalýsingu. Þessi útihús hafa verið neðst og nyrst í túni en þeirra sjást engin merki lengur.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Saur, 145.

Ey-358:011 *Gamlistekkur* stekkjartóft 65°24.049 N 18°15.594 V
"Suður og upp frá Gerðinu er Gamlistekkur, sem var notaður þar til réttin var byggð niðri í Gilársgili seint á síðustu öld." segir í örnefnalýsingu. Stekkjarleifarnar eru við Gilsárgilið, rétt austan fjallgirðingarinnar. Lítið er eftir af stekknum. Litlar leifar sjást en þó má greina veggjarstúf frá klettunum að ánni á einum stað.
Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ö-Saur, 146.

Ey-358:012 heimild um leið 65°24.299 N 18°14.189 V
"Aðalvegurinn lá fyrrum um Nesbakka, suður með ánni í Neðstuspildu, um svokallað Móshorn í þeirri spildu syðst, suður Engjabakka um Gilsáreyrar og þaðan suður hólmanna og um Brekkunes" segir í örnefnalýsingu. Gilsáreyrar eru austan vegarins en ekki sést vegarslóði þar. Þar eru nú slétt tún og hefur sjálfsagt verið sléttað yfir öll ummerki um þennan veg.
Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ö-Saur, 147.

Ey-358:013 *Dýið* heimild um vatnsból 65°24.564 N 18°15.150 V

“Fyrir framan Steinagerðishæð er djúp laut upp og ofan, er nefnist Djúpalaut. Í henni er Dýið, uppsprettulind er aldrei þornar." segir í örnefnalýsingu. Djúpalaut er norðaustan við Steinagerði. Í lautinni er uppþornuð mýri.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 145.


Ey-358:014 *Öskuhaugur* heimild um öskuhaug 65°24.253 N 18°15.066 V

"Hóll eða hryggur er þar neðan við [Fjóshólinn], er það gamall samanburður af ösku, en er nú gróinn. Kallaður Öskuhaugur vanalega." segir í örnefnalýsingu. Öskuhaugurinn var beint sunnan bæjarins en honum hefur verið rutt niður og sést hann ekki lengur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 145.

Ey-358:015 *Sáðgarðslautin* garðlag 65°24.271 N 18°14.924 V




“Fyrir utan þann læk, neðst á túninu, er Sáðgarðslautin. Dregur hún nafn af því, að utan við lækinn í kinnungnum, en sunnan lautarinnar, voru 5 kartöflugarðar fyrir löngu, og voru sumir notaðir framyfir 1900." segir í örnefnalýsingu. Garðalaut var kölluð upp af görðunum. Garðarnir voru um 90 m norðaustan af 001. Þar sjást leifar garðs rétt norðan við merkjagirðinguna milli Gilsár I og II.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 145-146.

Ey-358:016 *Mylluhús* myllutóft 65°24.215 N 18°14.831 V



"Dálítið fyrir ofan lækjarósinn var eitt sinn mylluhús. Hefur sézt þar móta fyrir tóftum og er þar venjulega nefnt Mylluhús." segir í örnefnalýsingu. Mylluhúsið var neðst í túninu nálægt því beint austan við gamla bæinn en fyrir vestan Eyjafjarðarbraut.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 146.

Ey-358:017 *Skriðukofi* heimild um hesthús 65°24.229 N 18°16.161 V

"Suður og upp frá bænum, á gróinni skriðu var hesthúsakofi, er nefndist Skriðukofi og túnið í kring Skriðukofatún." segir í örnefnalýsingu. Skriðukofi stóð í túnjaðri suðvestan við bæinn og sunnan við 003. Þar er smá þýflendi en allt í kring er rennislétt tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 146.

Ey-358:018 frásögn um brunn 65°24.115 N 18°15.206 V

Í túni beint fyrir austan Gerðið var í minni Lilju Jóhannesdóttur (f. 1917) brunnur sem nú er horfinn undir tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Ey-358:019 *Heygarðsspilda* heimild um heygarð 65°24.482 N 18°14.589 V

"Engi fyrir neðan veginn og utan lækjarins er kallað Flataengi. Var það fleytingsþýft, allt grasgefið. Er nú búið að slétta það mest allt. Í miðju enginu voru rústir af heygarði, og spildan, sem hann var í, nefndist Heygarðsspilda." segir í örnefnalýsingu. Heygarðurinn var rétt sunnan við merki milli Gilsár I og II, á miðju túninu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 146-147.


Ey-358:020 *Selhóll* heimild um sel 65°24.356 N 18°16.221 V

"Hjallinn frá Gilsárgili og út að Bæjarlæk heitir Dalsbrekka. Þar fyrir utan og ofan er allhár grjóthóll, er heitir Selhóll. Var þar fyrrum haft í seli, og sézt móta fyrir tóftum sunnan og neðan við hólinn." segir í örnefnalýsingu. Selhóll er fyrir ofan gamla bæinn og örlítið sunnar, hátt í hlíðinni fyrir vestan. Hóllinn er sá langstærsti á svæðinu. Líklega milli 0,5-0,6 km frá bænum. Grýttur og lítt gróinn hóll en í kring er móa og mosavaxin hlíð en engin tóftarbrot sjást lengur við hólinn.

Hættumat: ekki vitað.

Heimild: Ö-Saur,147.

Ey-358:021 *Gilsárrétt* réttartóft 65°24.059 N 18°15.476 V




"...þar til réttin var byggð niður í Gilsárgili seint á síðustu öld." segir í örnefnalýsingu. Réttin er fremur austarlega í gilinu, austan við Gilsárfoss, en sést ekki nema gengið sé meðfram árbakkanum. Niðri í gili á mjóum árbakka.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur,146.


Ey-358:022 útihús 65°24.174 N 18°15.306 V
Um 20 m fyrir austan Gerðishús (007) eru útihús úr torfi og timbri sem enn standa undir þaki.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.




Ey-358:023 tóft
65°24.131 N 18°15.353 V
Um 20 m suðaustan við 022 og 40 m beint austur af 007 eru tóftaleifar. Tóftin er 6 X 4 m og skiptist í tvö hólf. Norðaustasta horn tóftarinnar er langskýrast.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.



Ey- 358:024 tóft
65°24.062 N 18°15.371 V
Rétt sunnan við Gerði og Gerðishól og um 100 m norðan við Gilsá eru fremur ógreinileg tóftarbrot í túni. Tóftin er 6 m að lengd en 2 m á breidd. Hún er mjög óljós tóft og algróin.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.



Ey-358:025 tóft
65°24.235 18°15.227
Nokkurn veginn mitt á milli 003 og 006 er vel gróin tóft . Hún stendur 50 m sunnar en áðurnefndar tóftir. Tóftin er 8 X 6 m, eitt hólf og hún er opin til austurs.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Ey-358:026 Nátthagi
65°24.583 N 18°15.243 V
"Sunnan við Skíðagil, neðantil var Nátthagi. Voru kvíær hafðar þar á sumrum um nætur" segir í söguminjaskrá. Nátthagi er á merkjum Gilsár og Ness. Beint vestan við sumarbústað og á svipuðum slóðum og Steinagerði 009 og er um hann talað í örnefnalýsingu eins og túngarð Steinagerðis.
Hættumat: engin hætta.
Heimild: HH 23.

Ey-359 Gullbrekka

40 hdr.1712, Bændaeign. 6.5.1446 er Brekka meðal þeirra jarða Þorvarðar Loptssonar er komu í hlut barna hans að honum látnum - DI IV, 678. 10.8.1447 skipar Kristófer konungur Brekku og fleiri jarðir undir hirðmann sinn Pétur Pétursson nema að Margrét Vigfúsdóttir eða börn hennar sýni með lögum að Þorvarður Loptsson hafi átt þær - DI IV, 706. 1698 er auglýst í lögréttu jarðagóss sem var arresterað í Munkaþverárklausturs eftirgjald, m.a. hálf Gullbrekka, 20 hdr. AÍ IX, 58 sbr. 109. 9.7.1698 Jón Eyjólfsson og Lárus Hansson Scheving sýslumenn fá hálfa Gullbrekku, 20 hdr, mm frá erfingjum Karenar Dobbeltsteen og Birni Magnússyni og erfingjum hans - Jarðabréf, 230-31 sbr AÍ IX, 77-78.
4.4.1713 selur Lauritz Hansson Scheving sr. Sæmundi Hrólfssyni hálfa Gullbrekku með 2 kúgildum, 20 hdr að dýrleika. AÍ X, 149.
11.5.1715 kaupir Scheving sýslumaður 20 hdr í Gullbrekku af Eyvindi Jónssyni. AÍ X,

276
16.9.1716 selur Halldór Jónsson Jóni Gunnarssyni 5 hdr í Gullbrekku. AÍ X, 324.
22.3.1719 selur Jón Gunnarsson Jóni Jónssyni 10 hdr í Gullbrekku. AÍ X, 457.
1917: 6,7 ha. garðar 530 m2. 1990: "Talsverður halli er á þeim hluta túnsins sem er vestan þjóðvegarins en milli hans og Eyjafjarðarár er það að mestu leyti flatt og samfellt. Beitiland er í hlíðinni upp frá bænum og á Brekkudal sem er afrétt." BE 1990, 850. "Neðarlega á túninu eru Langhús. Voru þetta fjárhús, en sunnan við þau var Langhúsþýft (nú sléttað). Upp af því er barr eitt og þar ofan við Brunnþýfið (nú sléttað)" Ö-Saur, 140.142.

Ey-359:001 *Gullbrekka* bæjarhóll bústaður 65°23.829 N 18°15.531 V
Gamli bærinn stóð á sama stað og syðra og efra íbúðarhúsið í Gullbrekku. Gamli bærinn náði þó lengra til vesturs en íbúðarhúsið. Bærinn stendur nokkuð ofarlega í hlíðinni á svæði sem er í töluverðum halla og þar eru hæðir og læðir en ekki er greinanleg nein afgerandi hólmyndun á staðnum þar sem hann hefur verið.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-359:002 heimild um fjós 65°23.830 N 18°15.520 V
Um 20 m suðaustur af bænum á brekkubrún beint sunnan við hlaðið var samkvæmt túnakorti frá 1917 útihús. Engin merki sjást um það lengur og hefur það verið sléttað undir tún.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-359:003 heimild um útihús 65°23.881 N 18°15.454 V
Útihús var á svipuðum stað og skemma er nú, um 70 m norðaustan við 001 og 50 m austan við Hesthúshól.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-359:004 heimild um hesthús 65°15.397 N 18°15.397 V
Hesthús var 140-150 m austan við gamla bæinn og 60 m sunnan við 005.
Hættumat:hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-359:005 *Langhús* heimild um fjárhús 65°23.885 N 18°15.296 V
"Neðarlega á túninu eru Langhús. Voru þetta fjárhús, en sunnan við þau var Langhúsþýft (nú sléttað)." segir í örnefnalýsingu. Langhús var 60 m norðar en 004 og um 160 m norðaustan við efra íbúðarhúsið í Gullbrekku, beint fyrir austan 003. Þar er nú steinsteypt fjós.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimildir: Túnakort 1917 og Ö-Saur, 142.

Ey-359:006 *Kirkjuhóll* heimild um útkirkju 65°23.844 N 18°15.511 V
"Á bænum var bænahús eða hálfkirkja og stóð hún fram á 18, öld, eða til bólunnar. Yzt á


bæjarhlaðinu eða út og fram af því var hóll, sem Kirkjuhóll hét. Hefur kirkjan sennilega staðið þar. Fyrir nokkrum árum var landið sléttað þar og hvarf þá hóllinn. Einhverjir þóttust hafa orðið varir við mannabein í hólnum, er hann var brotinn, en óvíst er, að þar hafi verið grafreitur, heldur aðeins fluttar messur í þessari hálfkirkju, sennilega af Saurbæjarpresti, einkum haust og vor, er fólk gekk til altaris." segir í örnefnalýsingu. Hálfkirkja er hjer og embætti flutt, þá heimafólk var til sacramentis, alt til bólunnar, en síðan ekki. JÁM X, 248 Kirkjuhóll er nú horfinn en hefur verið 20-30 m norðaustan við 001.

Hættumat: hætta vegna ábúðar. 1712:
Heimild: Ö-Saur, 140-141 og JÁM X, 248.

Ey-359:007 *Helguhóll* þjóðsaga um legstað 65°23.904 N 18°16.101 V
"Skammt norðan við bæinn fellur Gilsáin í samnefndu gili. Stutt fyrir sunnan gilið og utan og ofan við bæinn er hóll, sem Helguhóll heitir. Þar er sagt, að kona, er Helga hét, hafi verið grafin, og dregur hólinn nafn af því." segir í örnefnalýsingu. Helguhóll er sunnan við Gilsárgil, skammt austan við Olnboga. Helguhóll er lítt gróinn, fremur stór malarhóll.


Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ö-Saur, 141.

Ey-359:008 réttartóft 65°23.430 N 18°15.362 V
"Utan og neðan við [Háaleitismóa] er Fjárréttin, sem einnig var Stekkurinn ..." segir í örnefnalýsingu. Sunnan við efra íbúðarhúsið í Gullbrekku og ekki langt norðan við merki er réttin/stekkurinn. Hann er um 600-800 m vestan Eyjafjarðarvegar. Tóftin er greinileg. Hún er hlaðin úr grjóti en er mjög hrunin og gróin og aðeins eitt hólf. Að utanmáli er hún 12 X 10 m.



Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ö-Saur, 141.

Ey-359:009 *Grænutóftir* býlistóft 65°23.436 N 18°15.227 V



"Utan og neðan við [Háaleitismóa] er Fjárréttin, sem einnig var Stekkurinn og þar niður undan eru Grænutóftir. Þar er talið að hafi verið bær til forna og sjást þar enn tóftarbrot. Munnmæli herma að býli þetta hafi heitið Gulltunga. Eitt sinn féll skriða á bæinn. Fórst þar bóndinn og fannst hendi af honum síðar. Sagt er að bærinn hafi verið byggður aftur." segir í örnefnalýsingu. Suðaustan við íbúðarhúsin í Gullbrekku og ekki langt norðan við merki er tóft. Hún er um 400 m vestan Eyjafjarðarvegar, og nokkurn vegin beint austan við réttina 008. Getið er um Gullbrekkukot eða Gulltungu í eyðibýlaskrá Olaviusar frá 1777 - ÓO II, 39. Tóftin er 17 X 6 m og mjög gróin. Hún skiptist í 3 hólf en norðurhluti hennar er svo gróinn að erfitt er að greina nákvæma lögun. Um 15 m norðvestan við tóftina er svæði sem er einkennilega grænt og gróið og sker sig úr fjallshlíðinni. Engar tóftir er þó hægt að greina þar.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Saur, 141; ÓO II, 39.

Ey-359:010 *Torfsund* heimild um ristu 65°23.441 N 18°15.339 V

"Norður frá réttinni er Torfasund. Þar hefur torf verið rist." segir í örnefnalýsingu. Torfsund nær beint norður frá réttinni (008) og að Vörðuhólnum (011).

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 141.

Ey-359:011 varða *Vörðuhóll* 65°23.460 N 18°15.313 V

"Norður frá réttinni er Torfasund. Þar hefur torf verið rist. Fyrir neðan það er Vörðuhóll, en Vörðuhólsgrund fyrir ofan og þar hjá Vörðuhólssund." segir í örnefnalýsingu. Vörðuhóll er norðan og aðeins neðar en Torfasund (010), beint fram af því. Á Vörðuhólnum eru grónar vörðuleifar.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 141.

Ey-359:012 *Gamlistekkur* stekkjartóft 65°23.975 N 18°14.879 V

"Sunnan við lautina [Djúpulaut], nokkru ofar vegarins, er Gamlistekkur. Hafa enn sést rústir af honum." segir í örnefnalýsingu. Gamlistekkur er um 10 m sunnan við heimreiðina og tæpa 100 m vestan við Eyjafjarðarveginn. Tóftin er greinileg og 7 X 14 m að stærð. Hún skiptist í 2 hólf og er það syðra grjóthlaðið en nyrðra hólfið er í verra ástandi, hleðslur sjást ógreinlega og kindagötur liggja þvert yfir norðurvegg þess.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 142.

Ey-359:013 *Vatnsstokkur* vatnsveita

65°24.012 18°15.215

"Utan og neðan við túnið er steinn, er Prófastur heitir, en nokkru utar er Vatnsstokkur. Hann hefur verið hlaðinn upp til að veita vatni úr Gilsánni." segir í örnefnalýsingu. Vatnsstokkurinn lá úr Gilsánni rétt sunnan við sumarbústað og yfir þar sem nú eru tún suðvestan við bústaðinn og áfram til móts við neðra íbúðarhúsið í Gullbrekku. Efst í áðurnefndu túni sjást örlítil merki um stokkinn en ekki er hægt að greina nákvæma lögun hans.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 142.

Ey-359:014 heimild um legstað 65°23.987 N 18°14.689 V

"Í júníbyrjun var Sigurjón Kristjánsson frá Brautarhóli í Svafaðardal í vegavinnu fyrir neðan bæinn á Gullbrekku í Eyjafirði. Hann hallaði sér eftir mat við tvær gamlar þúfur fast neðan við veginn, sunnan í gamalli skriðu. Varð þá eitthvað hart undir höfði hans, og þegar hann þreifaði eftir, fann hann, að þetta var neðri kjálki úr manni. Lá hann þar ofan á annarri þúfunni, vafinn grasi. Hafði, að því er virtist legið þar nokkur ár. - Hinn 10. júní fór ég með Sigurjóni á þennan stað. Við hreyfðum þúfurnar, en þar voru sýnilega engin mannaverk. Kjálkinn hlýtur að vera aðkominn þarna, enda ekkert eðlilegt kumlstæði í næstu grennd. Ég gizka á, að kjálkinn hafi borizt með ofaníburði, verið gripinn úr mölinni og lagður á þúfuna. Malargryfjur eru á bökkum skammt frá staðnum, og gæti það verið eðlilegt kumlstæði. Ég gæti trúað, að þaðan hefði kjálkinn borizt, en nú var þar reyndar ekkert að sjá, sem benti til kumla."Mannskjálki fannst við vegavinnu fyrir neðan Gullbrekku í júní 1957. Ekki er vitað hvaðan þessi kjálki kom nákvæmlega og ekki fundust fleiri bein. Hnit voru tekin skammt frá Eyjafjarðarbrautinni fyrir neðan Gullbrekku.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar.

Heimild: KE í Árbók 1965, 53.

Ey-359:015 *Hesthúshóll* örnefni 65°23.876 N 18°15.541 V


"Út og upp undan bænum er túnpartur, kallaður Horngrýti, en þar utan við er Hesthúshóllinn." segir í örnefnalýsingu. Hesthúshóll er ávalur hóll 50-60 m norðan við íbúðarhús. Hann er afgirtur og er á honum trjágróður. Á hólnum má sjá hleðsluvott á

stöku stað sem gætu verið leifar hestshússins. Austan við hólinn er heimreiðin heim að Gullbrekku en vestan hólsins eru sléttuð tún. Lilja Jóhannesdóttir (f. 1917) man ekki eftir hesthúsi við þennan hól. Það útihús næst hólnum sem heimildir eru til um stóð um 50 austan hans (003) en ekki var það hesthús eftir að hún fór að muna eftir sér.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 142.

Ey-359:016 garðlag 65°23.894 N 18°15.473 V



Norðan við Hesthúshól er laut milli hólsins og annars hóls norðar. Í lautinni eru garðleifar. Austurendi garðsins er um 15 m vestan vegaslóðans að íbúðarhúsinu. Gæti verið leifar kálgarðs en e.t.v. er líklegast að þar hafi verið nátthagi.

Hættumat: engin hætta.

Ey-359:017 varða *Kóngsvörður* 65°23.786 N 18°16.358 V

"Brekkudalur:..á hálsinum eru melhólar þrír, sem heita Kóngsvörður." segir í örnefnalýsingu. Kóngsvörður voru ofan við bæinn,og örlítið sunnar, hátt uppi í hlíðinni. Leifar algjörlega hruninnar vörðu sjást á vestasta hólnum en ekki eru vörður á eystri hólunum.


Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur., 142.

Ey-359:018 kvíatóft 65°23.830 N 18°15.592 V


Um 80 m beint vestur af efra íbúðarhúsinu í Gullbrekku eru tóftir alveg í túnjaðrinum. Austan við tóftina eru rennislétt tún heim að bæ en vestan við taka við mýrar upp fjallshlíðina. Tóftin er aðeins eitt hólf og er 4 X 14 m að stærð. Inn í henni er mikið að timbri og rusli.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.



Ey-359:019 eldhússtóft
65°23.887 18°15.583

Tóft er á milli efra íbúðarhússins og skógarreitsins en um 80 m vestar (ofar) í brekkunni, 40-50 m norðan við 018. Austan við tóftina eru rennislétt tún heim að bæ en vestan við taka við mýrar upp fjallshlíðina. Eldhúskofinn var byggður eftir að Haukur Magnússon (f. 1937) fór að muna eftir sér. Tóftin er eitt hólf sem er 3 X 3 m að innanmáli, töluvert rofið og fullt af rusli.



Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Ey-359:020 *Bjarnahall* þjóðsaga um fjársjóð 65°23.829 N 18°15.186 V
"Utan og neðan við Vörðuhólinn er hall, sem Langahall heitir. Ofan við það er Bjarnahall. Er sagt, að maður, er Bjarni hét, hafi grafið þar peninga sína." Bjarnahall er nokkurn vegin miðja vegu milli efra íbúðarhússins í Gullbrekku og Eyjafjarðarvegar en töluvert sunnar. Hallirnar eru tveir mjög aflíðandi hólar. Á Bjarnahalli, þeim vestari er með töluvert af grjóti.

Hættumat: engin hætta.

Ey-359:021 *Brekkurétt* heimild um rétt 65°23.835 N 18°15.653 V
Brekkurétt stóð sunnan við gamla bæinn, fast upp við hann, en er nú horfin. Réttin var mjög löng og mjó og snéri frá austri til vesturs. Hún var jöfnuð út um leið og nýja húsið var byggt.


Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Ey-359:022 *Brekkunesbreiða* heimild um vað 65°23.823 N 18°14.115 V
Brekkunesbreiða var vað fram af Gullbrekku og fram af Arnarstöðum. Smá slóði virðist upp af bakkanum hinum megin en önnur merki vaðsins sjást ekki.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Vaðaskrá.

Ey-359:023 *Selið* seltóft 65°44.501 N 18°16.979 V




"Brekkudalur:..Nokkuð fram á dalnum er Selið. Var þar haft í seli áður og sjást þar tóftarbrot. Selið er á móti Mýrunum á Gilsárdal." segir í örnefnalýsingu. Selið er innar en Olnbogi, þar sem dalurinn beygir til suðurs. Það er í lægð talsvert ofan við ána, 100-200 m austan við árgilið. Þýfð lægð. Lægðin eða balinn er um 20-30 X 100 m að stærð. Fyrir austan tóftirnar er þýfð fjallshlíð en fyrir vestan þær er snarbratt gil niður að Gilsá. Tóftin er vel gróin en greinileg. Ekki er hægt að greina neinar aðrar tóftir í kring enda er þar mjög þýft. Tóftin er 14 X 10 m að stærð og skiptist í fjögur hólf en það fimmta ógreinilegra. Grjóthleðslur sjást á einstaka stað.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 144.

Ey-360 Kolgrímsstaðir



12 hdr.1712. 2.6.1546 gefur Þorleifur Grímsson Grími syni sínum Kolgrímastaði með 6 kúgildum - DI XI, 465. 2.9.1560 er Kolgrímastöðum, 20 hdr, skipt í hlut Sigríðar heitinnar Þorleifsdóttur af arfi Þorleifs Grímssonar og Gríms sonar hans - DI XIII, 521. 24.12.1564 selur Jón Marteinsson, með jáyrði konu sinnar Guðbjargar Erlendsdóttur, Oddnýju Magnúsdóttur Kolgrímastaði - DI XIV, 322. 2.7.1696 fær Magnús Björnsson Gunnari Jónssyni hálfa jörðina Kolgrímustaði, 6 hdr að dýrleika fyrir 12 hdr í lausafé - Jarðabréf, 229. 12.10.1697 selur sr. Páll Ásmundsson kaupmanninum Jacob Níelssyi m.a. Kolgrímsstaði 16 hdr, AÍ IX, 59. 1698 er auglýst í lögréttu jarðagóss sem var arresterað

í Munkaþverárklausturs eftirgjald, m.a. hálfir Kolgrímsstaðir, 6 hdr. AÍ IX, 58 sbr. 109. 9.7.1698 fengu Jón Eyjólfsson og Lárus Hansson Scheving sýslumenn hálfa Kolgrímustaði, 6 hdr frá erfingjum Karenar Dobbelsteen og Birni Magnússyni og erfingjum hans - Jarðabréf, 230-31.
24.10.1732 selur sr. Hans Scheving Sigfúsi Þorlákssyni 6 hdr. í Kolgrímastöðum AÍ XII, 195. Í eyði síðan 1959. 1917 3,3 ha. garðar 400 m2. 1990: "Er nær allt land jarðarinnar í einhverjum halla. Túnið er báðu megin vegarins og nokkuð mishæðótt. Beitiland er í fjallinu. ... Árið 1919 féll snjóflóð á fjárhús og hlöðu. Eyðilagði það hlöðuna og braut húsin að miklu leiti niður. Kolgrímsstaðir eru nytjaðir frá Skáldastöðum." BE 1990, 923.


Ey-360:001 *Kolgrímastaðir* bæjarhóll bústaður 65°22.747 N 18°15.301 V
Kolgrímastaðir fóru í eyði 1959. Gamli bærinn var á svipuðum stað og núverandi íbúðarhús. Hlaða var vestan við bæinn og vestan við íbúðarhúsið er hlaðinn veggjarstúfur úr henni. Bærinn stendur í töluverðum halla en ekki er hægt að greina mikla hólmyndun á þessum stað. Fjós var sambyggt við bæinn og hlaða vestan við það.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-360:002 heimild um útihús 65°22.715 N 18°15.314 V
Um 20 m sunnan við bæinn var útihús 1917. Það var rétt sunnan girðingar sem umlykur bæjarstæðið í túni.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-360:003 heimild um fjárhús 65°22.707 N 18°15.333 V
"Næsta gil er Syðra-Bæjargil, stundum kallað Húsagil. Var þar eitt sinn fjárhús, syðst og efst á túninu, nálægt gilinu." segir í örnefnalýsingu. Engar tóftir eru lengur suðvestast í túninu, skammt frá gilinu.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Saur, 138.

Ey-360:004 heimild um fjárhús 65°22.804 N 18°15.367 V
"Upp undan bænum er Bæjarhólinn og Ytra-Bæjargil norðan hans. Fjárhúsin stóðu þá utan við Bæjarlækinn, norðan bæjarins. Um páskana, þ.e. annan páskadag 1919, féll snjóflóð á fjárhúsið, sem tók sig upp í Bæjarlæksgilinu. ... Voru húsin ekki byggð þar aftur." segir í örnefnalýsingu. Fjárhús þessi voru norðan við íbúðarhúsið og rétt norðan við lækinn.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Saur, 138-139.

Ey-360:005 *Stekkjareyri* stekkjartóft 65°23.079 N 18°15.216 V



"Neðan vegarins er hvammur við ána og kallazt Stekkjareyri." segir í örnefnalýsingu. Fleiri stekkjarörnefni eru ofan vegar og þar er stekkjartóftin einnig. Hún er um 300 m sunnan við merki við Gullbrekku og rúmum 100 m vestan Eyjafjarðarbrautar. Í þýfðum haga. Tóftin er 10 X 16 m að stærð og 0,8 m á hæð að meðaltali. Hún skiptist í tvö hólf og er það eystra grjóthlaðið að innan en vestara hólfið er mun grónara og ekki sjást hleðslur þar nema í veggnum sem lengst er til austurs.


Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ö-Saur,139.

Ey-360:006 útihús 65°22.773 N 18°15.324 V

"Þjóðvegurinn liggur gegnum túnið og norður Höllin. ... Þar ofan vegarins í Höllunum er Magnúsarmór." segir í örnefnalýsingu. Í Magnúsarmó, 20-30 m norðvestan við 001 og rétt sunnan lækjarins stendur tveggja bursta útihús út torfi og timbri. Útihúsið stendur enn. Það er 12 X 8 m að flatarmáli og er tvær burstir. Á hvoru þilinu fyrir sig er hurð og gluggi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Saur,139.

Ey-360:007 *Nýi-Stekkur* stekkjartóft 65°22.570 N 18°15.420 V



"Þriðja gilið sunnan við bæinn heitir Litluskriðugil og í því er Nýjistekkur." segir í örnefnalýsingu. Stekkjartóftin er í hlíðinni vestan vegarins en þó ekki nema 200-300 m vestan Eyjafjarðarvegar. Í fremur sléttum og grösugum gilkjafti.

Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ö-Saur,139.

Ey-360:008 *Höfðavað* heimild um vað 65°22.587 N 18°15.032 V

Höfðavað á Eyjafjarðará var sunnan og neðan við Kolgrímastaði. Þar eru hólmar á ánni og þar sem vaðið er er mikið um stóra steina.

Hættumat: engin hætta.
Heimild: Vaðaskrá.


Ey-360:009 *Stekkjarvað* heimild um vað 65°23.196 N 18°14.887 V

Stekkjarvað á Eyjafjarðará var rétt sunnan við merki Gullbrekku og Kolgrímastaða, fram af stekknum sem er vestan vegar.

Hættumat: engin hætta.
Heimild: Vaðaskrá.


6. FORNLEIFAKORT. SKÁLDSTAÐIR, JÓRUNNARSTAÐIR OG LEYNINGUR

Ey-361 Skáldstaðir



30 hdr. 1712. « Sá maður bjó á Jórunnarstöðum, er Halli hét og var kallaður Halli hinn hvíti ; hann var Þorbjarnarson … hans synir voru þeir Ormur og Brúsi skáld, og bjuggu þeir í Torfufelli, en Bárður [Hallason] bjó á Skáldsstöðum. » Víga-Glúms saga 17. kap (ÍS VI, 39). 6.5.1446 eru Skallastaðir meðal þeirra jarða Þorvarðar Loptssonar er komu í hlut barna hans að honum látnum - DI IV, 678. 2.6.1546 gefur Þorleifur Grímsson Grími syni sínum Skallstaði með 6 kúgildum - DI XI, 465. 2.9.1560 er Skaldsstöðum, 30 hdr, skipt í hlut Hallóttu Þorleifsdóttur af arfi Þorleifs Grímssonar og Gríms sonar hans - DI XIII, 521. 28.8.1732 selur Páll Hákonarson sr. Scheving Skáldstaði, 30 hdr, fyrir 110 rdl, AÍ XII, 196. Á hálfu Skáldastaðalandi var byggður bærinn Ártún og var flutt þangað 1938. 1917: 5,1 ha. garðar 235 m2. 1990: "Meginhluti túnsins er á flatanum frá Eyjafjarðará að fjallsrótum en ræktuð hefur verið nokkur spilda neðst í hlíðinni. Beitiland er í fjallinu. Við merki Skáldastaða og Ártúns er göngubrú á Eyjafjarðará. Var hún byggð 1948 og nefnist í daglegu tali Hólabrú. Miklar skriður hafa fallið á Skáldastaðarland, bæði að fornu og nýju, og urðu stundum verulegar skemmdir á túni og engjum. Ýtt hefur verið upp görðum til varnar túninu. ... Eyðibýlið Kolgrímsstaðir er norðan Skáldastaða og nytjað þaðan." BE 1990, 852.

Ey-361:001 *Skáldstaðir* bæjarhóll bústaður 65°22.222 N 18°15.317 V




Bærinn stóð vestan við túnið og er ekki merktur á túnakorti frá 1917. Bæjartóftin er í afgirtum skógarreit vestan við túnið en nálægt því í suðausturhorni hólfsins. Bæjarstæðið er mun vestar og sunnar en núverandi íbúðarhús. Skógarreiturinn er milli íbúðarhúsanna á Skáldstöðum og í Ártúni, en þó nær Skáldstöðum enda í landi þeirra. Hólfið er tæpum 500 m vestan Eyjafjarðarvegar og 200-300 m sunnan við Skáldstaði. Á túnakorti stendur Skálksstaðatún. Tóftin skiptist í 2 greinileg hólf og það 3ja virðist vera vestan við. Veggir eru stæðilegir, 2 m á hæð þar sem þeir eru hæstir. Í tóftinni er geymt ýmislegt rusl, timbur, gömul eldavél ofl.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar.

Heimild: Túnakort 1917.

Ey-361:002 útihúsatóft 65°23.275 N 18°15.532 V




Útihústóft er 30-40m norðan við 003, Rétt neðan við afgirta hólfið þar sem gamli bærinn stendur og um 20 m norðvestan við 014. Tóftin er eitt hólf 5 X 5 m að utanmáli. Þakið er hrunið ofan í tóftina.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Túnakort 1917.

Ey-361:003 útihúsatóft



65°22.202 N 18°15.532 V

Um 15 m suðaustur af 001, austan afgirta hólfsins er tóft þar sem útihús er merkt inn á túnakort frá 1917. Tóftin er eitt hólf 6 X 3,5 m að stærð og er niðurgrafin. Því sjást útveggir ekki en hleðslur að innan sjást vel.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Túnakort 1917.

Ey-361:004 *Stekkjarskriða* örnefni 65°21.964 N 18°15.891 V

"Oftar voru þessi örnefni, talin frá suðri til norðurs: ... Stekkjarskriða, ..." segir í örnefnalýsingu. Stekkjarskriða er fyrir ofan Ártún og Bollablett, norðan við langan skurð í túninu. Tóftir voru á þessum stað en fyrir nokkrum árum var endanlega jafnað yfir þær.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 135.

Ey-361:005 *Kot* heimild um býli 68°21.910 N 18°15.473 V
"Um nafnið Kot skal það tekið fram, að þar er sagt að hafi verið býli, og sást þar glögglega fyrir garði, sem umlukti um þrjár dagsláttur lands, einnig nokkrar húsatóftir, áður en land var brotið. Mun þetta kot hafa verið fyrir sunnan eða sunnan og neðan Skáldastaði." segir í örnefnalýsingu. Einnig er getið um Kot í jarðabók Árna og Páls frá 1712: "Í kríngum fornt stekkjarstæði suður frá hér í landinu er girðing forn ei ólík túngarði, og eru munnmæli að þar hafi í fyrndinni bygð verið, þó það muni nú enginn. Ekki má hjer bygð setja, því túnstæðið er yfirfallið af skriðu, og því var stekkurinn burt færður að hún fylti hann upp af grjóti." Kot var aðeins utar og ofar en Ártún, þar sem nú eru fjárhús. Túngarður var í kringum býlið en skriða féll á garðinn og e.t.v. á húsið líka. Ummerki um garðinn hafa sést til skamms tíma.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Saur, 136 og JÁM X, 250-251.

Ey-361:006 frásögn um áveitu 65°21.882 N 18°15.190 V
Vatnsstokkur lá skammt norðan Eyjafjarðará. Upphaf hans var því vestan Eyjafjarðarbrautar þar sem hann lá fram (norður) fyrir bæ en þar beygði hann yfir þar sem Eyjafjarðarbrautin er og lá síðan norður tún. Hnit voru tekin austan vegar en vestan ár en vatnsstokkurinn er ekki merkjanlegur.


Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 136.

Ey-361:007 frásögn um útihús 65°22.216 N 18°15.462 V
Útihús var beint framan við (eða austan) við gamla bæinn en það er löngu horfið og sjást þess engin merki í rennisléttu túninu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Ey-361:008 garður 65°22.252 N 18°15.560 V




Í norðvesturhluta afgirta hólfsins sem gamli bærinn er í (sbr. 001) eru leifar mjög gróins garðs. Reyndar eru leifar túngarðs hér og hvar um allt svæðið en umræddur garður er mun grónara og skiptist í 2 hólf. Stærð hans er 22 X 10 m en hefur örugglega verið lengri.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar.

Ey-361:009 stekkjartóft 65°22.332 N 18°15.880 V

Í fjallshlíðinni fyrir vestan íbúðarhúsið í Ártúni eru þrjú gil sem sameinast milli 700-000 m fyrir vestan bæinn Í nyrsta gilinu af þessum þremur, norðan megin eru leifar af stekk. Hann er svolítið norðar en Ártúnsbrekka. Tóftin er grjóthlaðin, 9 X 4 m að stærð. Hún er í miklum halla, er eitt hólf með dyr í austur.

Hættumat: engin hætta.




Ey-361:010 fjárhústóft

65°22.178 N 18°15.464 V

Fjárhústóft er mitt á milli Ártúns og Skáldstaða og um 500 m vestan við Eyjafjarðarveg. Tóftin er af útihúsi sem ekki er langt síðan hætt var að nota. Þakið er að miklu leyti hrunið ofan í tóftina sem er 15 X 20 m að stærð. Þrátt fyrir það er hægt að greina tvo garða inni í tóftinni. Við suðaustur horn hennar eru garðleifar í suðaustur sem fjara fljótlega út.

Hættumat: engin hætta.




Ey-361:011 útihúsatóft

65°22.239 N 18°15.541 V


12 m austan við 012 er útihús úr torfi sem er að miklu leyti undir þaki. Húsið er beint norðan við gamla Skáldstaðabæinn í afgirta hólfinu norðaustast. Húsið er 16 X 14 m á stærð og við suðurhlið þess gengur 3 m hleðsla. Það er L-laga.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar.



Ey-361:012 tóft


65°22.246 N 18°15.559 V



Skógarreitur þar sem gamli bærinn (001) stendur meðal annars er milli íbúðarhúsanna á Skáldstöðum og í Ártúni. Er þó nær Skáldstöðum enda í landi þeirra. Hólfið er líklega tæpum 500 m vestan Eyjafjarðarvegar og 200-300 m sunnan við Skáldstaði. Um 8-10 m suðaustan 001 er tóft útihúss. Tóftin er nýleg og 13 X 7 m að stærð. Hægt er að greina tvö hólf en það þriðja hefur líklega verið nyrst. Þakið er að mestu hrunið ofan í tóftina.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar.

Ey-361:013 tóft 65°22.213 N 18°15.452 V



Um 20 m suðaustan við 002 og um 35 m neðan við afgirta hólfið er tóft. Þessi tóft er langmest gróin og ellilegust af þeim tóftum sem þar eru. Hún er 12 X 12 m að stærð og hægt er að greina eitt hólf og gang en ekki er ólíklegt að annað hólf hafi verið í austurhluta hennar. Lítill veggjar- eða garðstúfur er austan við tóftina.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar.

Ey-361:014 *Gantatrésvað* heimild um vað

Gantatrésvað var út og fram af Ártúni, rétt norðan við göngubrúna á Eyjafjarðará. Vaðið er greinilegt og að því liggur bílslóði vestan ár og einnig upp úr henni að austan.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Vaðaskrá.


Ey-361:015 *Skáldstaðavað* heimild um vað 65°22.230 N 18°14.916 V

Skáldstaðavað er á Eyjafjarðará fram af Skáldstaðabakka, niður undan Skáldstöðum.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Vaðaskrá.

Ey-362 Jórunnarstaðir



40 hdr. 1712, « Einar Auðunarson [rotins í Saurbæ] átti Valgerði Rúnólfsdóttur, þeira son Eyjólfr átti Hallberu Þóroddsdóttur hjálms, ok bjoggu þau á Jórunnarstöðum langa ævi, en síðan á Möðruvöllum. » Landnámabók (Þ(M) viðbót úr Esphælingasögu – ÍF I, 266, nmgr. 5

« Sá maður bjó á Jórunnarstöðum, er Halli hét og var kallaður halli hinn hvíti ; hann var Þorbjarnarson ... » Víga-Glúms saga 17. kap (ÍS VI, 39) 2.6.1546 gefur Þorleifur Grímsson Grími syni sínum Jórunnarstaði með 6 kúgildum - DI XI, 465. 2.9.1560 er Jórunnarstöðum, 40 hdr, skipt í hlut Sigríðar heitinnar Þorleifsdóttur af arfi Þorleifs Grímssonar og Gríms sonar hans - DI XIII, 521. 1.7.1621 selur Jón Sigurðsson Eyjólfi Eiríkssyni Jórunnarstaði fyrir 40 hdr - Jarðabréf, 217. 1712: Nunnugerði hjáleiga í eyði í vel 30 ár. 11.10.1733 selur Eyjólfur Guðmundsson Jón Flóventssyni 20 hdr í Jórunnarstöðum, fyrir 4,5 rdl fyrir hvert jarðarhundrað. AÍ XII, 245

1917: 5,9 ha. garðar 240 m2. "Tún í nágrennini bæjarins er flatt en vestan þjóðvegarins eru aflíðandi brekkur til fjalls og ná efstu túnspildurnar upp í fjallsræturnar. Hafin er nytjaskógarækt á um 10 hektara svæði. Beitiland er í Skáldastaðafjalli. Jórunnarstaðir eiga afrétt á vestanverðum Eyjafjarðardal, frá Sandá norður fyrir fremri-Stangarlæk. ... Við Eyjafjarðarbraut vestan bæjarins er Jórunnarstaðarétt sem er ein af skilaréttum hreppsins. Að henni er gengið svæði sem markast af Gilsá að norðan og Nautá í Villingadal að sunnan. .. Á merkjum Jórunnarstaða og Leynings, austan þjóðvegarins, reisti Blindrafélagið Dalbúinn bragga haustið 1945 og nefndist hann Dalakofinn.... Norðan við grunn Dalakofans er Dalakofsreiturinn. Þar er lítill

skógarreitur sem Dalbúinn hafði til umráða þar til félagið var lagt niður árið 1979." BE 1990, 856."

Ey-362:001 *Jórunnarstaðir* bæjarhóll bústaður 65°21.449 N 18°15.251 V
Gamli bærinn var á svipuðum slóðum og steypta íbúðarhúsið sem nú er á Jónunnarstöðum en þó bæjarlengd lengra til suðurs. Engin hólmyndun er á þessum stað.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-362:002 heimild um útihús 65°21.502 N 18°15.233 V
Tæpum 30 m norðvestur af gamla bænum (001) var útihús en þar er nú aðeins slétt tún.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.


Ey-362:003 heimild um útihús 65°21.509 N 18°15.222 V
Um 18 m norðan við gamla bæinn (001) var útihús sem nú er komið undir norðurhluta núverandi íbúðarhúss.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-362:004 heimild um útihús 65°21.417 N 18°15.321 V
Um 180 m suðvestan við 001, skammt frá árbakkanum voru áður útihús austan Kvíhóls.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-362:005 heimild um útihús 65°21.588 N 18°15.272 V
160-170 m norðvestan við 001 og um 70 m norðan við Fjóshólinn (013) var útihús sem nú er horfið.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-362:006 frásögn um tóftir 65°21.119 N 18°15.568 V
Norðan við skógarreitinn [sem er skammt norðan við merki Jórunnarstaða og Leynings, austan við Eyjafjarðarbraut] voru áður tóftabrot í dýpstu lautinni. Tóftarbrotin sjást ekki lengur og hafa verið jöfnuð undir tún.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Saur, 133.

Ey-362:007 *Gamli-Stekkur* stekkjartóft 65°21.361 N 18°15.840 V



"Út og fram af Selgilinu er Himneskibollinn og Himneskabollahóll norðan hans. Selbrekkurnar eru út, ofan við Himneskabollann, en í þeim miðjum er Stóralaut .... Gamli-Stekkurinn er í slakka utan við Selbrekkurnar, en Stekkjarhóll norðan við hann." segir í örnefnalýsingu. Tóftin er við Stekkjarhól í suðvesturhorni afgirts hólfs. Stekkjarhóll er ca 1,0-1,5 km suðvestan við Jórunnarstaði. Tóftin er 7 X 15 m að stærð. Hún skiptist í tvö hólf og að miklu leyti grjóthlaðin.


Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 131-132.

Ey-362:008 *Nunnugerði* heimild um býli 65°21.382 N 18°15.799 V "Býlið Nunnugerði var sunnan og neðan við stekkinn, á Höllunum. Var það hjáleiga frá Jórunnarstöðum og lagðist í eyði um 1682." segir í örnefnalýsingu og er þar byggt á jarðabók Árna og Páls frá 1712: "Nunnugerðe kallast hjáleigunefna suður og upp frá túninu, en hefur verið í eyði vel 30 ár, en bygð um eitt ár þar fyrir, og so voru hjer kellíngar við húsnæði í nokkur ár með fáeinar ær. Byggingarkostir undirrjettast ekki af nálægum, en meinast alllitlir, nema hvað vera hefur mátt það eina ár, því þá hafði hjáleigumaðurinn af heimatúninu nokkur(n) part. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskap og túnstæðisleysi." Nunnugerði hefur verið vestan við veginn, 200-300 m fyrir austan Gamla-Stekk, þar sem nú eru tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Saur, 132 og JÁM X, 251.




Ey-362:009 *Nýi-Stekkur* stekkjartóft 65°21.372 18°15.815 "Nýi-Stekkurinn er framan undir Stekkjarhólnum, en norðan við hólinn er Stekkjargilið." segir í örnefnalýsingu. Stekkjartóftin er 20-30 m sunnan við Stekkjargilið, austan við Stekkjarhólinn, efst í túni. Nokkur hundruð metrum vestan Eyjafjarðarbrautarinnar. Stekkurinn er alveg grjóthlaðinn, 11 X 11 m, og hefur aðeins eitt hólf.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 132.

Ey-362:010 *Selbrekka* beitarhúsatóft 65°21.277 N 18°16.284 V



"Beitarhúsin voru upp á Selbrekkunum, en þau hafa ekki verið notuð síðan einhverntíman fyrir aldamótin 1900." segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsatóftin er norðan við Selgil, rétt austan við þar sem Jórunnarskriða kemur ofan úr fjallinu. Ofan fjallgirðingar, í mýrlendi. Að sögn Hjalta Finnssonar voru þessi beitarhús líklega áður sel. Tóftin er 9 X 11 m á stærð og skiptist í fjögur hólf. Hún er vel gróin en hægt er að greina grjóthleðslur.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 132.


Ey-362:011 *Lambhúshóll* örnefni 65°21.571 N 18°15.196 V

"Vestan við Jórunnarhól er Lambhúslautin og Lambhúshóllinn ..." segir í örnefnalýsingu. Lambhúshóllinn er horfinn en hann og þau fjárhús sem á honum voru hafa verið beint suður af fjárhúsinu sem þar stendur norðan bæjar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 132.

Ey-362:012 kvíatóftir 65°21.474 N 18°95.359 V



"Vestan við Jórunnarhól er Lambhúslautin og Lambhúshóllinn og Fjóshóllinn sunnan við hann. Þá er Kvíalaut og Kvíar í henni. " segir í örnefnalýsingu. Kvíatóftin eru í lítilli laut milli Fjóshólsins og Lambhús (Fjárhúshólsins), skammt vestan við bæinn. Kvíarnar eru mjög greinilegar. Þær skiptast í þrjú hólf, saman 14 X 12 m að stærð. Nyrðra hólfið er alveg gróið en það syðra er mun greinilegra og er grjóthlaðið að innan.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild:Ö-Saur, 132.

Ey-362:013 örnefni

Fjóshóll

fjós 65°21.524 N 18°15.251 V

Fjóshóll er 30-40 m vestur af bænum. Þar var fjós sem notað var allt fram til 1970 en á þeim stað stendur nú reykkofi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 132.

Ey-362:014 *Hesthúsbakki* örnefni 65°21.419 N 18°15.483 V
"Kvíahóllinn er syðstur af hólunum, en vestur frá suðurenda hans er Hesthúsbakkinn og nær upp að þjóðvegi." Hesthús var í Hesthúsabakkanum vestarlega og fremur sunnarlega en yfir það hefur verið sléttað.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Saur, 132.

Ey-362:015 vegur 65°21.452 N 18°15.353 V
Gamli vegurinn lá vestan við túnið og sést enn. Hann liggur vestan í bæði Fjós- og Fjárhúshólnum. Hann er um 2 m breiður og upphlaðinn en alveg gróinn.
Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ö-Saur, 132-133.


Ey-362:016 garðlag 65°21.113 N 18°16.232 V
Grónar garðleifar eru í landi Jórunnarstaða og Leynings, á milli Básgils og Stekkjargils. Garðurinn er mikið hruninn og gróinn og víða alveg fallinn inn í landslagið. Hann er um 400 m á lengd og 2-3 m á breidd. Er rúmlega kílómetra vestan við Eyjafjarðarbraut nálægt merkjum við Leyning.
Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ö-Saur, 132.

Ey-362:017 frásögn um lambhús 65°21.682 N 18°15.244 V
Norðarlega í túni, um 60-70 m norðaustan við 005 var áður lambhústóft sem nú er búið að slétta yfir.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Saur, 133.

Ey-362:018 *Torfhóll* heimild um ristu 65°21.657 N 18°16. 058 V
"Helsulækjarósinn er upp af Grundunum yzt, en norðan, við þær er Torfnabalinn og Torfhóll þar norður við merkin,..." segir í örnefnalýsingu. Torfnabalahólar eru í hlíðinni fyrir vestan Eyjafjarðarveg þar sem nú er skógrækt. Þar var rist torf í kring.
Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ö-Saur, 133.

Ey-362:019 frásögn um landamerki 65°21.768 N 18°15.283 V
Merkjagarður var milli Jórunnarstaða og Skáldstaða (nú Ártúns), beint vestur af Eyjafjarðarveginum þar sem merkin eru. Þar er nú skurður á merkjum og sjást engar leifar garðsins.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Ey-362:020 *Selhóll* seltóft 65°21.572 N 18°16.355 V



"Á að giska 150 m ofan við Grófirnar, er Kollhóll. Norðan við hann er Kollhólsskriða, Selhóll og Selhólsskriða." segir í örnefnalýsingu. Tóft er á Selhól, rétt sunnan við skógarreitinn í hlíðinni og svo til beint vestur af lítilli rétt úr tré sem er vestan við Eyjafjarðarveg. Tóftin er mjög gróin og 16 X 6 m að stærð. Hún skiptist í þrjú hólf og eru grjóthleðslur sjáanlegar á stöku stað.

Hættumat: engin hætta.


Heimild: Ö-Saur, 133.

Ey-362:021 *Jórunnarstaðavað* heimild um vað 65°21.644 N 18°15.140 V Jórunnarstaðavað er á Eyjafjarðará rúmum 100 m norðan við Jórunnarstaði. Þar sést slóði upp úr ánni austan ár.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Vaðaskrá.

Ey-363 Leyningur



60 hdr. 1712. Bændeign. 1199: “Þá fóru þeir [Þorgrímur alikarl] upp í Goðdali ok it efra inn til Eyjafjarðar ok kómu á þann bæ, er á Leyningi heitir. Sá maður hét Bersi er þar bjó. Þar ræntu þeir ok tóku þaðan mat ok léreft ok vaðmál til klæða sér.” SturlR I, 204. 14.3.1375 er þess getið í sölubréfi Hóla að sú jörð eigi skógar part í Leynings jörð og Vatnsendi átti áttfeðmingsskurð í Leyningsjörð - DI II I, 295. 13.9.1437 selur Þorvarðr Loptsson Gunnsteini Jónssyni hálfan Leyning fyrir Voga við Mývatn – DI IV, 571. 30.4.1446 er hálfur Leyningur meðal þeirra peninga er Margrét Vigfúsdóttir kjöri í fjórðungsgjöf sína eftir Þorvarð Loptsson mann sinn - DI IV, 677. 6.5.1446 er L. meðal þeirra jarða Þorvarðar Loptssonar er komu í hlut barna hans að honum látnum - DI IV, 678. 25.12.1550 á Hólakirkja 1 kúgildi hjá Þorsteini í Leyningi - DI XI, 870. Saurbæjarkirkja átti skógarhögg í Sesseljuhöfða og einnig átti hálfkirkjan á Æsustöðum skógarhögg í Leyningshólum en skógur þessi var eyddur 1712. Tjarnargerði og Klaufargerði voru hjáleigur, báðar í eyði 1712 en Tjarnargerði mun hafa byggst á ný á 18. öld. Leyningshólar nýbýli á þriðjungi landsins 1940 en þar var ekki búið lengi.

1917: 7.6 ha. 1990: "Túnið er á milli hólanna og neðan við þá meðfram þjóðveginum." BE 1990, 858

Ey-363:001 *Leyningur* bæjarhóll bústaður 65°20.630 N 18°15.972 V
Gamli bærinn stóð á svipuðum stað og fjósið nú en þó örlítið suðvestar og náði að læknum. Ekki er hægt að greina hólmyndun þar en á þessum stað er hlað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917.


Ey-363:002 heimild um útihús 65°20.670 N 18°15.868 V
Um 10 m austan við 003 og rétt sunnan við gamla bæinn, á lækjabakkanum, var útihús.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-363:003 heimild um útihús 65°20.660 N 18°15.956 V
Rétt sunnan undir bænum (vestari hluta hans) var útihús samkvæmt túnakorti. Útihús þetta hefur verið á lækjarbakkanum, um 10 m vestan við 002. Ekki sést til tóftar á þessum stað.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-363:004 heimild um útihús 65°20657 N 18°15.965 V
Um 20 m sunnan við gamla bæinn var útihús. Ekki sést til þess lengur en þar er slétt tún og moldarflag sunnan lækjar.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-363:005 *Þembhús* útihúsatóft 65°20.695 N 18°16.991 V



Tóft Þembuhúsa er 60-70 m vestan við gamla bæinn, beint vestur af núverandi fjárhúsum. Á svolítilli hæð í brekkurótum. Sunnan við er trjáreitur en austan við tún og vestan brekka. Tóftin skiptist í tvö hólf, 23 X 8 m að stærð og er garði í því nyrðra.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-363:006 *Efstahús* heimild um útihús 65°20.668 N 18°15.839 V
Efstahús var útihús kallað er stóð rúmum 100 m austur af gamla bænum. Ekki sjást merki þess lengur enda búið að slétta tún yfir.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-363:007 *Miðhús* heimild um útihús 65°20.620 N 18°15.794 V
Miðhús hét útihús sem stóð rétt sunnan vegarins og um 160 m suðaustan við 01. Þar er áberandi hæð í túninu en tóftir sjást ekki.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.


Ey-363:008 heimild um hesthús 65°20.565 N 18°15.769 V
Hesthús var um 20 m frá túnjaðrinum og rúmum 200 m suðaustan við 01.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-363:009 *Skúlhús* útihúsatóft 65°20.538 N 18°15.911 V

Skúlhús var útihús kallað sem stóð um 200 suðaustan við 001 í túnjaðri en um 140 m suðaustan við 008. Sléttað hefur verið yfir mestan hluta tóftanna en einn veggur sést þó greinilega í túnjaðrinum. Um 20 m langur veggur sést suðvestarlega í túninu. Veggurinn er 20 m langur og 1,5 m breiður og með greinilegum grjóthleðslum.


Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917.



Ey-363:010 *Byrgisgeiri* smalakofatóft 65°20.552 N 18°17.648 V

"... norðan við [Rauðaklett, sem er á merkjum í fjallinu] eru Rauðuskriðugeirarnir og Byrgisgeirinn, en klettur ofan við hann heitir Byrgisgeirahaus. Fyrir löngu er talið að hann hafi heitið Seti, en Byrgisgeirinn Setgeiri." segir í örnefnalýsingu. Byrgistóft er neðst á Syðstafleti, norðan við Urðarbrekku. Er langt fyrir vestan Leyning og Leyningsskóg í fjallsrótum. Norðan við tóftina eru melhólar en sunnan við er þýflendi.



Hættumat: engin hætta.


Heimild: Ö-Saur, 123.

Ey-363:011 smalakofatóft 65°20.499 N 18°27.619 V

Smalakofi er við rætur hæðar, sunnan við 033, skammt norðan við landmerki við Ytri-Villingadal sem eru á Sjónarhól.

Hættumat: engin hætta.

Ey-363:012 *Tjarnargerði* heimild um býli 65°19.760 N 18°15.474 V



"Tjarnargerði var býli á hól norðan [Tjarnargerðisvatns]. Þar er nú sumarbústaður Bílstjórafélags Akureyrar. Tjarnargerði fór í eyði 1682. Þó var þar búið aftur, og mun það hafa farið síðast í eyði um 1800. Þá bjó þar gamall maður, sem Sigurður hét og hafði hjá sér dóttur sína, unglingsstúlku, sem Þorgerður hét. Hún dó síðan háöldruð á Sigtúnum í Eyjafirði." segir í örnefnalýsingu. 1712: "Tiarnargerde hefur hjáleigunefna heitið suður frá heimatúninu, sem nú hefur í eyði legið hjer um 30 ár, en bygð um fáein ár þar fyrir. Landskuld xl álnir í landaurum til heimabóndans. Leigukúgildi ii. leigur í smjöri til heimabóndans. Kvaðir öngvar. Fóðrast kunni, seinast bygt var, I ungneyti, en nú ekkert, því kotið er óslægt, og í holt uppblásið, og má því ekki aftur byggja." JÁM X, 253 Sbr. KK III, 88 sem taldi að Tjarnargerði gæti verið það sama og í Víga-Glúmssögu er kallað Tjörn í Eyjafirði. Um 150-200 m vestan Eyjafjarðarvegar og um 50 m austan við Tjarnargerðisvatn var Tjarnargerði þar sem sumarbústaðurinn er nú. Á þessum sama stað var Tjarnargerðisrétt.Nokkrum metrum suðvestan við sumarbústaðinn er gömul, algróin tóft. Akvegur heim að húsinu er ofan á vesturvegg tóftarinnar. Er líklegt að þetta séu tóftaleifar frá tímum Tjarnargerðis. Býlið og réttin eru sögð hafa verið á þeim stað sem sumarbústaðurinn stendur nú. Sumarbústaðurinn stendur um 50 m austan við vatnið á sléttuðu svæði. Í kring er allt skógi vaxið. Tóftin er mjög gróin og fornleg, 13 X 9 m að stærð. Hún skiptist í tvö hólf.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Saur, 127-29 og JÁM X, 253.

Ey-363:013 *Völvuleiði* legstaður 65°19.818 N 18°15.540 V

"Völvuleiðið er í Völvuleiðishvamminum, norðan [Tjarnargerðisvatns]. Engin sögn fylgir því, en rúnasteinn er á leiðinu." segir í örnefnalýsingu.

1833:"Nordamtet. Øefjords Syssel. Ved en afsides liggende indsøe er en Række Bakker og Høie, kaldet Leyningshólar (Skjulhøiene, de skjulte eller skjulende høie), tildeels begroede med Krat; der sees endnu et Hedenholds Gravsted, kaldet Vølfuleiði (Valaens Gravhøi), og Folkesagnet foregiver, at en Vala eller hedensk Spaakvinde er bleven begravet der. Præsten til Søirbø (Saurbæ) i Øefjorden, Hr. Einar Hallgrimsen Thorlacius, hørte 1833 Rygtet fortælle, at en Runesteen laae paa den ommeldte Grav. Han begav sig derfor, i Selskab med Hr. Capellan Krøyer, til Stedet, og forfandt der vel Gravstedet, men forængst aldeles forstyrret, formodentlig af Skattegravere, som havde ventet at finde Penge der. Graven var nu halv opfyldt med grobt Gruus og Sand; aflange flade Stene, henved 2 1/2 Alen lange, laae ved den, og syntes før at have udgjort et Slags Steenkiste omkring Liget. Virkelig fandt de og sammesteds, kort fra Dyssen, Levningerne af en trrekantet Runesteen, omtrent af samme Længde som Sidestenene, men knap 1 Alen bred. Den Deel af Stenen, som havde bedækket Hovedet, var afbrudt, men Stumpen fandtes dog. Ved at sammenføie disse Brudstykker, faae man, at en kort Linie af

Runebogstaver (men ingen andenslags Skrift) havde staaet derpaa; den har vel udgjort tre til fire Ord, men de vare nu dog fuldkommen ulæselige. En fornuftig gammel Bonde i Nabolaget, Gunnar paa Holum, havde længe lagt Mærke til at Runeskrift stod paa Stenen, uden dog at være i Stand til at læse den." C.O.O. (1833) "Antiquariske Efterretninger - Island", Nordisk Tidsskrift for Oldkyndighed, II, pp. 311-313, bls 312.
1840: "Við Tjarnargerðisvatn norðanvert, á litlum grasbala, er svonefnt Völvuleiði, hvers getið er í Nordisk Tidskrift for Oldkyndighed 2 B á bls. 312, það einasta Antik Monument í þessum sóknum. Á líkkistumynduðum steini, sem hefur legið yfir dysinni, sjást rúnamyndir mikið óglöggvar, sem svarar mannsnafni, og er nú steinninn brotinn sundur um þvert rétt um stafina, sem eru annarsvegar á hallhliðinni, er upp vissi. Dysinni hefir verið rótað af mönnum ei fyrir alls löngu, og hefir þá steinninn verið fluttur úr stað og líklegast brotinn; var hann í núlifandi manna minnum óbrotinn. Herra Jónas Hallgrímsson skoðaði stein þennan á nærstliðnu sumri, en gat þó ekki lesið úr rúnamyndunum."SSE,180-81.
1876: "[En femkanted Basaltsten med en kort Linie af tre til fire Ord med Runebogstaver blef funden paa "Valaens" eller Spaa- (bls 100) kvindens Gravhöj ved en afsides liggende Indsö i Öfjordsbygden i Nordamted (nmgr*). Stenen, som blev sönderslaaet, var 3 Alen lang; ens Sider fra 8 til 17 Tommer brede. Gravsteded syntes at være en Kiste dannet af aflange, flade Stene.]" C. Engelardt (1876) 'Kong Gorms og Dronning Thyras Mindestene I Jellinge. Archæologiske Bemærkninger um Runestene og deres Oprindelse', Aarböger for Nordisk Oldkyndighed og Historie, pp. 99-100, bl. 99
1877: "Í svonefndum Leyningshólum nálægt Leyningi hafa menn viljað benda á gamla gröf, svonefnt 'völvuleiði'; ... Nánar má sjá um þetta í Nordisk. Tidskr. for Oldk. II, 312-13; sjá einnig Árb. for nord Oldk. 1876, 99-100. Jónas Hallgrímsson kom á staðinn 1839 og segir í bréfi til Finns Magnússonar að rúnirnar séu ólæsilegar fyrir ofan áletrunina á þó að vera lítill kross. - Presturinn frá Saurbæ segir í bréfi til Finns Magnússonar 1833, að gröfin sé einnig kölluð 'nunnuleiði.' " nmgr. 2 í KK III, 88
Völvuleiði er ofan við sumarbústað Bílstjórafélagsins (012), um 50 m upp með vatninu, 15-20 m norðan við það. Þar er lítið rjóður í skóginum því í kringum leiðið er lítill grasbali. Félagar í Bílstjórafélagi Akureyrar hafa gróðursett blóm í kring. Steinninn er um 1,8 X 0,30-35 m. Hann er þríhyrningslaga og rúnirnar sem eru orðnar mjög ógreinilegar á þeirri hlið sem snýr í vestur. Steinninn er allur þakinn gráum (þurrum) mosa.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Saur, 128.

Ey-363:014 *Gatnalág* leið 65°20.121 N 18°15.324 V
“Neðan [Neðri-Flóa] eru nokkrir hólar, sem einu nafni heita Hestvatnshólar. Gatnalágin liggur norður og suður milli þeirra." segir í örnefanlýsingu. Gatnalág er sunnan og vestan við Hestvatn. Grónar götur liggja um lágina en þær eru nokkuð greinilegar og liggja í átt að geitakofatóftinni (029).

Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ö-Saur, 128.

Ey-363:015 *Torfhóll* örnefni 65°20.205 N 18°15.279 V
"Vestan Hestvatns er Torfhóllinnn, ..." segir í örnefnalýsingu. Svarðartekja var á þessum slóðum, 200-300 m utan og ofan við Hestvatn. Þar sem torfrista var eru nú tún vestan

vegar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 128.

Ey-363:016 *Beinalág* örnefni 65°19.914 N 18°15.233 V

"Vestan Hestvatns er Torfhóllinn, en Beinalág er milli hans og Sesseljuhöfða." segir í örnefnalýsingu. Beinalág er 60-70 m vestan við Eyjafjarðarbraut. Melhólar eru allt í kring en í láginni miðri er akvegur. Hjalti Finnsson (f. 1919) telur að örnefnið Beinalág sé tilkomið vegna þess að lágin sé bein en ekki af því að nokkur sögn sé til um að bein séu fólgin þar.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 128.

Ey-363:017 *Vaðhóll* örnefni 65°20.282 N 18°15.043 V

“Vaðhóllinn er við Eyjafjarðará, norðan Stórhólmans, en Hestvatnssíkið rennur í ána sunnan við hólinn. Vaðhólsbollinn er utan til í Vaðhólnum." segir í örnefnalýsingu. Vaðið er rétt sunnan við brúna þar sem vegurinn liggur til austurs. Á þessum slóðum eru hólmar í ánni.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 128.

Ey-363:018 *Stekkjarhóll* heimild um stekk 65°20.327 N 18°15.309 V

"Vestan við Vaðhólinn [017] var Stekkjarholtið og Stekkjarmórinn. Þar er nú tún. Þá kemur Stekkurinn á litlum hól, sem er norður úr Stekkjarhólnum. Stekkjarsundið er norðvestan við Stekkjarhólinn, en þá tekur Bjarnarhóll við ..." segir í örnefnalýsingu. Stekkjarhóllinn er vestan vegar á móts við þar sem hann beygir til austurs. Greinilegt er hvar stekkurinn hefur verið í norðurjaðri hólsins en þar er nú búið að slétta og virðist tóftinni hafa verið rutt upp í aflanga hrúgu á Stekkjarhólnum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 128.

Ey-363:019 *Klaufargerði* heimild um býli 65°20.541 N 18°15.590 V

"Fornt eyðibýli, sem Klaufargerði hét (eða Klaufastaðir), var norðaustan við Skúlhólinn." segir í örnefnalýsingu. 1712: "Klaufargerde, forn eyðihjáleiga niður frá túninu og hefur hún í eyði legið undir eður yfir 60 ár, og vita því nálægir [ei] hennar byggíngarkosti að undirrjetta. Ekki má hjer aftur byggja, því túnstæðið er í melholt uppblásið." JÁM X, 253. Klaufargerði var milli tveggja hóla í túni, rétt norðan við veginn heim í Leyning eða jafnvel undir honum. Engin merki býlisins sjást lengur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 128 og JÁM X, 253.

Ey-363:020 *Sundpollur* örnefni 65°20.695 N 18°15.996 V

Sundpollur var örnefni í túni ofarlega, norðan bæjarlækjar. Líklegt er að Sundpollurinn hafi verið rétt norðan við lækinn, ofarlega í túni, fyrir vestan þar sem gamli bærinn stóð. Ekki sjást nú nein merki um Sundpollin og örnefnið er gleymt.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.


Heimild: Ö-Saur, 129.

Ey-363:021 *Fjósbali* örnefni 65°20.670 N 18°15.902 V
Fjósbali er örnefni í túni, sunnan bæjarlækjar. Hefur líklega verið á svipuðum slóðum og íbúðarhúsið er nú en ekki sjást neinar tóftarleifar þar í kring. Gæti átt við útihús (002) eða 004.


Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Saur, 129.

Ey-363:022 *Tóftirnar* tóftir 68°20.806 N 18°16.379 V
"... var Litlahólslæknum stundum fyrr veitt í Holulækinn. Var hann þá látinn renna niður í Tóftagilið, en Tóftirnar eru utan og neðan við það." segir í örnefnalýsingu. Tóftirnar eru suðvestan við Leyningsbæinn. Suðvestan við tóftirnar er garðleifar upp með bæjarlæknum. Á þessum stað eru 2 tóftir og mjög grónir garðar um 50 m suðvestan við. Til garðsins sést ekki nema á um 10 m svæði og er hann alveg gróinn. Tóftirnar skiptast báðar í þrjú hólf. Austari tóftin er 15 X 7 m að stærð en sú vestari 22 X 8 m.

Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ö-Saur, 129.



Ey-363:023 *Réttarbolli* réttartóft 65°20.745 N 18°15.944 V



"Fjármelurinn liggur upp frá Leyningstúni yzt upp í Ytri-Hólinn, sunnan Réttarbollans."

segir í örnefnalýsingu. Réttin er utan og ofan við túnið, um 120 m norðvestan við fjárhúsið. Hún er enn mjög greinileg. Í fremur sléttum grasbala. Réttin er grjóthlaðin en örlítið gróin syðst. Hún er 30 X 12 m að stærð og er 5 hólf. Sum hólfin eru gerð með timburveggjum en grjóthleðslur eru samt uppistaða réttarinnar. Vestan við hana er fremur brött hlíð.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 129.

Ey-363:024 frásögn af myllu 68°20.675 N 18°15.980 V

Sunnan við bæjarlækinn þar sem nú er afgirtur skógarreitur var áður myllutóft. Ekki er hægt að greina tóft á þessu svæði enda er það á kafi í gróðri. Í reitnum er þó dæld á kafi í gróðri sem gæti verið leifar af þessari tóft. Bæjarlækurinn rennur þar norðan við.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar.

Ey-363:025 hleðsla hesthús 65°20.676 N 18°15.980 V

Hesthús var 20-30 m vestan við íbúðarhúsið sem stendur. Hætt var að nota þetta hús eftir að Hjalti Finnsson (f. 1919) fór að muna eftir sér. Gæti e.t.v. verið það sama og 003 eða 004 en hefur þó líklega verið aðeins vestar. Hefur verið á svipuðum stað og akvegur liggur nú við austurhlið skógarreitsins. Þar er um 1 m löng grjóthleðsla.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-363:026 garðlag 65°21.079 N 18°16.291 V

Á milli Básgils og Stekkjargils í landi Jórunnarstað og Leynings er garður. Hann er mikið hruninn og algróinn og víðast alveg fallinn inn í landslagið. Hann er um 400 m á lengd og 2-3 m á breidd.

Hættumat: engin hætta.

Ey-363:027 frásögn af garðlagi 65°20.767 N 18°15.454 V

Þar sem nú er slétt tún austan Eyjafjarðavegar og um 300 m sunnan Vaðhóls var áður garður. Hann náði vestur með túninu og beygði svo að ánni. Ekkert sést til hans lengur. Á þessum sama stað sprungu tvær sprengjur á hernámsárunum fyrir slysni. Lengi vel var mikil dæld í túnið sökum þessa en nú sjást þess lítil merki.

Hættumat: engin hætta.

Ey-363:028 *Bjarnastekkur* stekkjartóft 65°20.411 N 18°15.504 V

Bjarnahóll er hóll vestan við Stekkjarhól (018) og efst á honum eru stekkjarleifar. Tóftin er 15 X 7 m að stærð en mjög ógreinileg. Hægt er að greina 3 hólf en eitt í

viðbót gæti hafa verið norðanvið. Tóftin er algróin og sér hvergi í grjóthleðslur.


Hættumat: engin hætta.

Ey-363:029 geitakofatóft

65°20.184 N 18°15.972 V

Stök tóft er um 50 m norðan við Geitavatn í norðurenda dalsins sem vatnið er í. Stígur liggur úr Gatnalág inn dalinn og að tóftinni. Þessi tóft mun vera af geitakofa. Tóftin stendur í fremur sléttu graslendi nyrst í dalnum. Tóftin er grjóthlaðin, 10 X 6 m. Hún skiptist í tvö hólf og dyr vísa í austurátt

Hættumat: engin hætta.



Ey-363:030 smalakofatóft 65°20.656 18°18.100

Annar smalakofi er í efri jaðri Efstaflatar. Beint neðan við Byrgisgeira. Beint fyrir ofan er Byrgisgeirahaus. Kofinn er alveg hlaðinn og er 2,5 X 1,5 m að stærð og að meðaltali 0,5 m á hæð. Fremur stæðilegur af smalakofa að vera.

Hættumat: engin hætta.


Ey-363:031 *Hesthólsvað* heimild um vað 65°20.029 N 18°15.038 V

Hesthólsvað er á Eyjafjarðará sunnan við Hesthól sunnan við Hestvatn. Á þessum stað rennur áin í mörgum kvíslum.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Vaðaskrá.

Ey-363:032 garður 65°20.391 N 18°17.647 V



Um 200 m norðvestan við Sjónarhól er garður sem er eins og hálfhringur í laginu og gæti verið nátthagi. Garðurinn er rétt sunnan við Urðabrekku. Hann er hálfhringur og lítið op er á austurhlið hans. Það er um 37 X 25 m að stærð.

Hættumat: engin hætta.

7. FORNLEIFAKORT. LEYNINGSDALUR, YTRI- OG SYÐRI VILLINGADALIR, TORFUFELLSDALUR, TORFUFELL, HÓLSGERÐI, ÚLFSÁ OG EYJAFJARÐARDALUR

Ey-363b Leyningur (Leyningsdalur)


1712: "Selstöðu með tilliggjandi landi á jörðin á Leyningsdal, sem liggur fram frá Villingadalslandi fyrir framan Svartá, en hefur ekki brúkast í marg[t] ár, nem fyrir hross og geldfje á sumur." JÁM X, 252 1802: afrétt er tekin verða í lömb frá tveimur bæjum - JJ, 302 1885: "Líka fylgir jörðinni afrjett, svokallaður Leyningsdalur. Takmörk hans að neðan er Torfufellsá, og fjallsbrúnin að ofan, Galtá að framan og Svartá að heiman." LM E I, 80

Ey-363b:001 *Hestasteinn* heimild um áfangastað
68°18.457 N 18°21.018 V

"Skammt norðan Votahvamms er Hestalautin og Hestasteinninn á gróinni skriðu efst í lautinni. Gangnamenn á Leyningsdal skilja hesta sína venjulega eftir í Hestalautinni og láta reiðtygin á steininn og ganga þar beint upp í Heimari-Skálina yzt." segir í örnefnalýsingu. Um 1,5 km frá Svartá og 100 m vestan við Torfufellsá er Hestalaut og Hestasteinn. Steinninn er að vísu sokkin í jörð að miklu leyti og mjög gróinn, en sést þó enn.

Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ö-Saur, 112.

Ey-363b:002 *Gamla-Sel* seltóftir 65°18.840 N 18°20.288 V



"Gamla Selið er á barði norðan við [Leynings] eyrarnar og Svartáreyrarnar út og upp frá því." segir í örnefnalýsingu. Rétt vestan við Torfufellsá og 300-400 m sunnan Svartár eru miklar seltóftir. Á þessu svæði er tóftaþyrping. Syðst er tóft sem er 10 X 12 m að stærð og skiptist í þrjú hólf. Hún er fremur gróin og sjást engar grjóthleðslur í henni en að jafnaði er hún 0,3-0,4 m á hæð. 5 m norðaustan við þessa er önnur sem er löng og mjó eða 20 X 3 m. Grjóthleðslur sjást í miðhólfinu en samtals eru hólfin þrjú. Þessi tóft er fremur greinileg og 0,7-0,8 m á hæð. 4-5 m beint norðan hennar er svo sú tóft sem stærst og greinilegust er í tóftarþyrpingunni. Hún er 30 x 18 m og samanstendur af 5 greinilegum hólfum sem öll snúa eins og svo því sjötta sem er ógreinilegra og að baki hinum. Grjóthleðslur eru í þessari tóft og er hún að jafnaði um 0,8 m að hæð. Lítil og gróin tóft er svo 5 m vestan við hana. Sú tóft er eitt mjög gróið hólf sem að innanmáli er 1 X 2 m. Um 20 m norðan við stóru tóftina er svo önnur minni, 15 X 12 m að stærð. Hún skiptist í 3-4 hólf og er að miklu leyti hlaupin í þúfur. Nyrsta tóftin er svo 5 m norðvestar, með eitt hólf.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 112.


Ey-363b:003 frásögn um legstað 65°18.913 N 18°20.091 V
"Leyningur á afrétt uppi á Villingadal, sunnan við svonefnda Svartá, sem kemur af Svartdal og rennur í Torfufellsá.[ ] Á þessum slóðum, einkum þó á Torfufellsdal, sem liggur samhliða Leyningsdal hinum megin Torfufellsár, segja þjóðsagnir að háður hafi verið bardagi milli Eyfirðinga og Skagfirðinga út af afréttarlandi suður á öræfunum. Eyfirðingar unnu sigur enda mannmeiri og felldu þar allmarga Skagfirðinga,…[sem flestir] voru dysjaðir á orrustuvellinum, þar sem þeir féllu og var svæðið eftir það nefnt Draughólar og víst ekki að ástæðulausu. En nú heitir það Smáhólar síðan draugagangurinn rénaði, eða hvarf með öllu. Þetta örnefni er á Torfufellsdal."60-90 m sunnan við Svartá og 30-50 m vestan við Torfufellsá segir sagan að sé dys. Á þessum stað er þýfður hagi en þar sem dysin á að vera er dæld í jörðina. Dæld er í jörðina þar sem dysin á að vera en grjót er í börmum hennar. Tilraunir hafa verið gerðar til að grafa í dysina en án árangurs.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Súlur 1979, JH, 150-152.


Ey-363b:004 réttartóft 65°18.928 N 18°19.885 V
Rétt er upp við Torfufellsá, þ.e. vestan hennar, á grasbala þar sem Torfufellsá og Svartá koma saman. Réttin er 13 X 8 m á stærð. Hún var notuð til rúnings að sumarlagi og var seinast notuð 1970.

Hættumat: engin hætta.



Ey-363b:005 3 tóftir
65°18.578 N 18°21.132 V
Um 1 km sunnan við Svartá og um 600 m sunnan við 002 eru tóftir, 30-40 m vestan við Torfufellsá. Á þessum stað eru þrjár tóftir. Sú stærsta er 12 X 9 m og skiptist í 2 hólf. Austan við hana er önnur hringlaga tóft 6 X 6 m að stærð og enn austar sú þriðja sem er 4 X 5 m metrar. Austasta tóftin er ógreinilegust.

Hættumat: engin hætta.



Ey-363b:006 *Nýjabæjarfjall* heimild um leið 65°18.535 N 18°21.204 V
Leið var frá Ytri-Villingadal, um Leyningsdal og yfir fjallið í Austurdal.


Hættumat: engin hætta.

Ey-363b:007 heimild um leið 65°18.529 18°21.193
Hestaleið lá úr Skagafirði og farið yfir vað hjá Syðri-Villingadal.

Hættumat: engin hætta.

Ey-363b:008 garðlag 65°18.465 N 18°21.633 V
Garðbrot er norðan í Hestlautinni (001) og snýr austur-vestur í átt að Torfufellsá. Það nær upp í fjallshlíðina í átt að skriðu og í hina áttina að ánni (um 100 m austar) því samtals um 100 m.

Hættumat: engin hætta.



Ey-364 Ytri-Villingadalur

10 hdr. 1712. Nefndur bæði Ytri og Nyrðri- Villingadalur. « 1235 : « Sighvatur tók þá til orða : « Þú skalt ríða ekki til Gása. Vil eg að þú ríðir vestur Skjálgsdalsheiði eða Villingadalsheiði … » Íslendingasaga, Sturl, 375

6.5.1446 eru Villingadalir tvennir hálfir meðal þeirra jarða Þorvarðar Loptssonar er komu í hlut barna hans að honum látnum - DI IV, 678. 18.9.1501 lætur Þorvarður Erlendsson Villingadalina báða fyrir 20 hdr ásamt fleirum í skiptum fyrir jarðir Gríms Pálssonar - DI VII, 583, sbr. DI VIII, 322. 2.6.1546 gefur Þorleifur Grímsson Grími syni sínum Villingadali tvo með 6 kúgildum - DI XI, 465. [1560] afsver Jón Marteinsson að hafa tekið á móti nokkrum peningum með Hólakirkju nema jarðirnar Úlfá og Villingadal sem voru kirkjunni eignaðar en gengu síðan til skipta með erfingjum Þorleifs Grímssonar - DI XIII, 555-556. Nytja jörðina að Syðri-Villingadal sem fór í eyði 1934.

1917: 3,3 ha. garðar 145 m2. 1990: "Leyningshólar eru mikil hólaþyrping sem nær þvert fyrir mynni dalsins. Innan þeirra er mikið flatlendi og stendur bærinn þar á gilbarmi. Túnið er umhverfis bæinn, marflatt en skipt í þrennt af bæjargilinu. Beitiland er í þeim hluta Leyningshólanna sem ekki er friðaður og í fjallinu vestan dalsins. Afrétt er á norðanverðum Svardal sem er hluti af Syðri-Villingadal. Svæðið milli Svartár og Galtár er afrétt frá Leyningi. ... Nokkur hluti skógarins í Leyningshólum tilheyrir Villingadal. Villingadalsrétt er heim undir bæ og er gengið að henni svæðið milli Nautár og Galtár." BE 1990, 860.

Ey-364:001 *Ytri-Villingadalur* bæjarhóll bústaður 65°19.690 N 18°17.604 V
Frá bæjarhlaðinu liggur vegaslóði í átt að útihúsum en bak við þau er reykkofi og ruslahaugur á þeim stað sem gamli bærinn stóð. Á bæjarstæðinu stendur nú reykkofi.

Ekki er hægt að greina mikla hólmyndun á þessum stað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917.

Ey-364:002 heimild um útihús 65°19.676 N 18°17.583 V

Um 35 m norðaustur af 001 þar sem nú er fjárrétt var, samkvæmt túnakorti frá 1917, útihús.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917.

Ey-364:003 *Hlöðukofinn* heimild um útihús 65°19.712 N 18°17.636 V

Um 70 m norðaustur af 001 og um 40 m norðvestur af 002 var, samkvæmt túnakorti frá 1917, útihús þar sem nú er lítil hæð í sléttu túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917.

Ey-364:004 heimild um útihús 65°19.589 N 18°17.604 V

Útihús var 60-70 m suðaustan við 001 og 80-90 m suðaustan við núverandi íbúðarhús.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917.

Ey-364:005 *Sundpollurinn* heimild um sundlaug 65°19.670 N 18°17.639 V

Sundpollurinn var rétt norðan við hlöðuna sem stendur í dag rétt austan við þar sem gamli bærinn stóð áður. Sundpollurinn hvarf þegar hlaðan var byggð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar


Heimild: Ö-Saur, 116.

Ey-364:006 frásögn um brunn 65°19.678 N 18°17.639 V

Brunnur var u.þ.b. 20-30 m vestan gamla bæjarins (001). Var í sporðinum þar sem vegarslóðinn sem liggur frá bænum greinist í tvennt. Ekki sést nú til brunnsins en þegar Ingibjörg Jónsdóttir (f. 1943) man fyrst eftir var á þessum stað ógreinilegur hringur sem talað var um sem brunn en hefur þá verið búið að byrgja hann.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Ey-364:007 *Stekkjarhóll* stekkjartóft 65°19.523 N 18°16.997 V



"Hvammurinn upp af [Ytri-Fossi] heitir Stekkjarhvammur. Stekkurinn er þar á gilbarminum og Stekkjarlautin norðan við Stekkinn. Stekkjarhóll er suður og upp af Stekknum,..." segir í örnefnalýsingu. Stekkjarhóll er í raun vestan við stekkinn en hann er mitt á milli Stekkjarhóls og næsta hóls fyrir norðan. Er á túnsvæði austan hólanna en suðvestan lækjargilsins.

Um 5 m norðan við er ógreinilegur vegarslóði og um 5 m sunnan við eru sléttuð tún. Tóftin er mjög heilleg og greinileg í sléttri flötinni. Hún er 12 X 8 m að stærð og skiptist í tvö hólf sem bæði eru grjóthlaðin að innan.

Hættumat: hætta vegna túnræktar.

Heimild: Ö-Saur, 120.

Ey-364:008 *Hesthúshóll* örnefni 65°19.799 N 18°17.216 V

"Hesthúshóll er lítill, stakur hóll upp við Hamragilsá, suður og upp af Mjóahól. Þessi hólaröð er næst Mónum og túninu." segir í örnefnalýsingu. Hesthúshóll er í túninu sem er sennilega um 200 m norðan við gamla bærinn. Grasi gróinn hóll en nokkuð grýttur. Hesthús hafa líklega verið á hólnum eða þar sem nú eru slétt tún umhverfis hólinn. Engar tóftir sjást þó á þessum slóðum lengur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 120.

Ey-364:009 *Skiplág* örnefni 65°19.995 N 18°16.811 V

"Stóralágin er norðan undir Stórulágarmelum. ...Neðan og austan Stóruláginnar er Skiplág ..." segir í örnefnalýsingu. Skiplág er í Leynishólum austarlega í landi Ytri-Villingadals. Þar er djúp dæld í hólana. Hún er aflöng og ekki ólík skipi að lögun og þaðan er nafnið líklega komið. Er í Leynisskóg, rétt vestan (innan) við girðinguna um Leynisskóg. Lágin er fremur þýfð. Skógur er í kring en lágin sjálf er alveg trjálaus.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 121.

Ey-364:010 *Löngugötur* heimild um leið 65°19.975 N 18°17.421 V

"Norðan við Klaufina er Ytri-Kartínuhóll, en vestur af honum og norðan Ketils er Stórulágarmelurinn. Er hann lágur vestan til, þar sem göturnar liggja yfir hann. Þar sem göturnar liggja suðvestur af melnum er Krókurinn." segir í örnefnalýsingu. Þessar götur lágu bæði frá Syðri- og Ytri-Villingadal og voru austar en 017 Göturnar eru greinilegar á stöku stað, t.d. á melnum. Göturnar sameinast 017 fyrir vestan Leyning en eru ógreinilegar í Leyningsskógi bæði vegna skógar og vegagerðar en náðu áður alla leið að Leyningi. Hnit voru tekin á melnum vestanverðum.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 121.

Ey-364:011 *Þjófalág* örnefni 65°19.857 N 18°16.500 V

"Langidalur er að mestu í Leyningsstaðalandi, því merkin eru syðst í Langadalshöfðanum, neðan Langadals, en norðan Þjófalágar. ... Sunnarlega úr Langadalnum gengur Þjófalágin niður í Miðdalinn. Hún er þröng, svo að munnmæli herma, að skógurinn, sem óx í báðum hlíðum hennar, hafi teygt krónur sínar saman yfir láginni. Í skjóli þessa skógar hafi svo þrír sakamenn hafist við vetrarlangt og lágin hlotið nafn sitt af því. Sagt er, að bóndinn í Torfufelli hafi komið vistum til þeirra yfir veturinn. Þjóflágarhöfðinn er sunnan við Þjófalágina." segir í örnefnalýsingu. Þjófalág er þröng lág eða dalur austan afleggjarans í Leyningsskóg, en samsíða honum. Í láginni er gisinn skógur.

Heimild: Ö-Saur, 121.

Ey-364:012 réttartóft 65°19.744 N 18°17.679 V

Gömul rétt er sunnan og ofan við Hesthúshólinn 008. Hún er um 20 m austan við vegarslóðann sem liggur frá íbúðarhúsinu og rétt norðan við bragga. Réttin er 12 X 18 m og skiptist í 2 hólf. Veggur nær um 10 m lengra meðfram hæðinni að bragganum sem er þar sunnan við. Réttin var aflögð þegar riða kom upp á bænum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Ey-364:013 vatnsveita 65°19.883 N 18°17.484 V

Vatnsrás var meðfram Hesthúshólnum 008. Hún hófst við Hamragilsá en hverfur í tún þegar komið er nær bænum en sést aftur neðan við Hesthússléttuna. Vatnsstokkur kemur norðan úr hólnum og sést aftur rétt norðan við Krók. Hnit voru tekin þar sem miðja vatnsstokkanna er.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Ey-364:014 frásögn um útihús 65°19.700 N 18°17.692 V

Tóft var um 20 m norðvestan við 017 og um 5 m austan við vegarslóðann sem liggur frá íbúðarhúsinu, 80-100 m sunnar en gamla réttin.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Ey-364:015 frásögn um vatnsveitu 65°19.949 N 18°17.807 V

Vatnsrás var suður með hlíðarbarminum allt frá landamerkjum og inn meðfram þar sem nú eru tún vestan við bæinn. Hnit voru tekin fyrir vestan tún, í norðurhorni þess.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Ey-364:016 kolagrafir 65°19.998 N 18°16.824 V


Í miðri Skipalág (009) eru 5-6 litlar kolagrafir. Þær eru líklega 30-40 cm í þvermál.
Hættumat: engin hætta.

Ey-364:017 Háadalsvegur leið 65°20.038 N 18°17.333 V
Háadalsvegur var efsta leiðinn niður í Leyning. Gatan lá frá gamla bænum fram hjá réttinni 012 í gegnum hlið á hæðinni þar norðan við og þaðan til austurs yfir Stóralágarmel, niður Háadal og áfram niður Langadalsbrekku. Því næst lág vegurinn niður Hestlág fyrir ofan Krókinn og þaðan niður Krókhólinn og niður hjá Leyning. Á þessum slóðum sést móta fyrir götum á stöku stað.
Hættumat: engin hætta.

Ey-364:018 *Grámannsklettur* heimild um huldufólksbústað 65°19.679 N 18°15.670 V
"Torfufellsgil: Þar hafa ýmsir orðið varir við huldufólk, og séð híbýli þess..." segir í söguminjaskrá. Torfufellsgil er mjög langt gil og er Grámannsklettur í því sunnanlega en það er sá staður sagnir um huldufólk tengjast. Hnit voru þó líka tekin nyrst í gilinu.
Heimild: HH, 19.

Ey-364:019 smalakofatóft 65°20.052 N 18°19.579 V
Uppi á Bungu, suður undir Fálkagili eru leifar byrgis í litlu dalverpi sem gengur norður-suður í fjallinu, í um 800 m hæð yfir sjávarmáli. Byrgið er svo til alveg hrunið en virðist hafa verið um 2 X 2 m að stærð.
Hættumat: engin hætta.

Ey-365 Syðri-Villingadalur




10 hdr.1712, nefndur bæði Fremri- og Syðri-Villingadalur. « 1235 : « Sighvatur tók þá til orða : « Þú skalt ríða ekki til Gása. Vil eg að þú ríðir vestur Skjálgsdalsheiði eða Villingadalsheiði … » Íslendingasaga, Sturl, 375
6.5.1446 eru Villingadalir tvennir hálfir meðal þeirra jarða Þorvarðar Loptssonar er komu í hlut barna hans að honum látnum - DI IV, 678. 18.9.1501 lætur Þorvarður Erlendsson Villingadalina báða fyrir 20 hdr ásamt fleirum í skiptum fyrir jarðir Gríms Pálssonar - DI VII, 583, sbr. DI VIII, 322. 2.6.1546 gefur Þorleifur Grímsson Grími syni sínum Villingadali tvo með 6 kúgildum - DI XI, 465. 2.6.1556 gefur Grímur Þorleifsson Þórði bróður sínum Torfufell í Eyjafirði með eyðikoti er þar liggur til og Hólkot er kallað í Hólakirkjusókn og þar til 10 hdr jörð Villingadal í sömu sókn, til kvánarmundar við Steinunni Ólafsdóttur - DI XIII, 132.

Þórður fékk svo aðrar jarðir og hefur Grímur haldið Torfufelli og Villingadal - DI XIII, 197-98. [1560] afsver Jón Marteinsson að hafa tekið á móti nokkrum peningum með Hólakirkju nema jarðirnar Úlfá og Villingadal sem voru kirkjunni eignaðar en gengu síðan til skipta með erfingjum Þorleifs Grímssonar - DI XIII, 555-556. 5.5.1595 selur Jón Björnsson sr. Birni Gíslasyni Syðra- Villingadal - Jarðabréf, 207. 28.5.1653 selur sr. Jón Arason með samþykki konu sinnar Hólmfríðar Sigurðardóttur, bróðursonum Jóns Sigurði og Guðbrandi Magnússonum Villingadal fremra fyrir 12 hdr - Jarðabréf, 180-181. 28.1.1688 selur Magnús Björnsson Jóni bróður sínum Villingadal fremra fyrir 10 hdr - Jarðabréf, 225. Í eyði síðan 1934, landið nytjað frá Ytra-Villingadal.

1917: 2 ha. 1990: Túnið var við bæinn, flatt og samfellt og sléttar grundir vestan þess. Slétt engi var norður við merkin milli Villingadalsjarðanna. Beitiland var í fjallinu og á norðanverðum Svardal sem var afrétt." BE 1990, 923.

Ey-365:001 *Syðri-Villingadalur* bústaður bæjarhóll 65°19.281 N 18°18.291 V




Um 1 km sunnan við Ytra-Villingadal og 60-80 m norðan við Torfufellsá eru leifar bæjarins í Syðra-Villingadal. Bærinn stendur fremur austarlega á grassléttu við ána. Ekki er greinanleg hólmyndun á þessum stað. Bæjartóftin er í sléttu túni. Hún er fremur heilleg en þó er rof á nokkrum stöðum þannig að erfitt er að greina lögun hólfanna. Samtals er tóftin 32 X 22 m að stærð og skiptist í 7 greinileg hólf og 2-3 til viðbótar sem eru fremur ógreinileg.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Túnakort 1917 og BE 1990, 923.

Ey-365:002 *Lambhús* lambhústóft 65°19.311 N 18°18.363 V



5-10 m suðvestan við 001 er tóft Lambhúss. Tóftin er 18 X 12 m og skiptist í tvö hólf. Garði er í suðurhluta en norður- eða norðvestur hluti er algróinn og engar grjóthleðslur að sjá þar.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Túnakort 1917.

Ey-365:003 *Miðhús* útihúsatóft 65°19.223 N 18°18.526 V

"Syðsti hluti túnsins heitir Dagslátta. Afmarkazt hún af fjárhústóftum, sem hétu Syðstahús og Miðhús." segir í örnefnalýsingu. Tóftir Miðhúss eru tæpum 60 m norðaustan við 004 og um 200 m suðvestan við gamla bæinn (001). Tóftin er 30 X 10 m og skiptist í fjögur hólf.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Túnakort 1917 og Ö-Saur, 116.

Ey-365:004 *Syðstahús* fjárhústóft 65°19.221 N 18°18.688 V

"Syðsti hluti túnsins heitir Dagslátta. Afmarkazt hún af fjárhústóftum, sem hétu Syðstahús ..." segir í örnefnalýsingu. Tóft Syðstahúss er 30-40 m fyrir vestan réttina (010). Tóftin er 14 X 7 m og er mjög gróin. Hún skiptist í tvö hólf.

Hættumat: engin hætta.


Heimildir: Túnakort 1917 og Ö-Saur, 116.

Ey-365:005 *Sverrishaugur* þjóðsaga um legstað 65°19.102 N 18°22.056 V

"Afrétt Villingadals, sem er Svarfdalur norðanverður, hefur alltaf í daglegu tali verið nefndur Svardalur. Málfræðilega mun það óskiljanlegt, svo að menn hafa hallazt að því að kalla hann Svarfdal í seinni tíð. Sumir hafa auk heldur álitið, að dalurinn héti Sverrisdalur eftir skagfirzkum manni, sem flúði úr bardaga milli Eyfirðinga og Skagfirðinga. Ætlaði hann að flýja vestur Svarfdal, en Eyfirðingar náðu honum og drápu hann, um miðjan dalinn. Þar er hann heygður í hól við ána, og nefnist sá hóll síðan Sverrishaugur." segir í örnefnalýsingu. Sverrishaugur er norðan megin í dalnum, um 20 m vestan við Svartá. Haugurinn er nálægt dalnum miðjum. Hann er gróinn neðst en efst í honum er mikið stórgrýti. Hann er á.a.g. 8 m á hæð.

Hættumat: engin hætta.


Heimild: Ö-Saur, 113-114.



Ey-365:006 tóftir
65°19.965 N 18°20.393 V
Á Selhæð sem er fyrir vestan og sunnan Selið (007) eru grænar tóftaleifar. Tóftin er 9 x 9 m að stærð og 0,3 m að hæð að meðaltali.

Hættumat: engin hætta.


Ey-365:007 *Selbrekkur* seltóft 65°18.964 N 16°19.839 V



"Út með Svartánni, frá Stóruskriðu, er Sveigurinn og Sveigshornið utan hans, gegnt norðurenda Leyningsaxlarinnar. Selbrekkurnar taka við heiman Sveigshorns og Selhæð uppi á þeim, hallfleyttar, skriðurunnar grundir. Selið er rétt norðan við Svartána, þar sem hún fellur í Torfufellsá." segir í örnefnalýsingu. Selið er um 20 m norðan við Svartá og 30 m vestan við Torfufellsá. Tóftin er 13 X 11 m og skiptist í 3 hólf. Grjóthleðslur sjást enn vel en þó síst í nyrsta hólfinu.

Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ö-Saur, 114-115.

Ey-365:008 vörslugarður 65°19.017 N 18°19.522 V



"Garðurinn er sunnan við Nautá. Er það gamall vörzlugarður fyrir gripi og sæmilega stæðilegur enn." segir í örnefnalýsingu.

Garður þessi er 20 m sunnan við Nautá og liggur þvert á hlíðina. Bílslóði liggur frá Syðri-Villingadal í gegnum hann. Er þar sem Nautárskriða er. Garðurinn er samtals um 200 m langur og nær frá austri til vesturs með litilli beygju til suðurs ofarlega í hlíðinni.


Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ö-Saur, 115.

Ey-365:009 *Stekkurinn* stekkjartóft 68°19.315 N 18°18.985 V

"En út og upp af[Snjóflauðsmýri] er Stekkjarskriðan og utan og ofan við skriðuna er Stekkjarflöturinn. Sunnan við Stekkjarlækinn, beint suður af Stekkjarfletinum, er Stekkurinn. Stekkjargilið er beint upp af Stekkjarskriðunni. Nær það upp í fjall og endar þar í Stekkjargilsfláanum." segir í örnefnalýsingu. Stekkjartóftin er 20-30 m sunnan við Stekkjarlækinn, fyrir vestan grasflötina en þó austar en fjallshlíðin. Tóftin er 8 X 4 m og skiptist í tvö hólf. Hólfið sem er norðvestar er heldur greinilegra en tóftin er í heild sinni mjög gróin og ekki mjög skýr.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 115.




Ey-365:010 *Réttarbörð*

réttartóft 96°19.218 N 18°18.582 V

“Niður undan Stekkjarskriðu eru Réttarbörðin, út frá Hökunum og út að túni." segir í örnefnalýsingu. Réttin er 150-200 m sunnan við 011.


Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 116.




Ey-365:011 smiðjutóft 65°19.281 N 18°18.325 V

Smiðjutóft er 20-30 m nær ánni en bærinn og um 40 m norðan (eða norðvestan) við réttina 010. Tóftin er 4,5 X 4,5 m að stærð og er eitt hólf alveg hlaðið. Garðar liggja að



smiðjunni úr tveimur áttum.

Hættumat: engin hætta.



Ey-365:012 smiðjutóft 65°19.268 N 18°18.570 V

Önnur smiðjutóft er í grösugu túni um 50 m norðvestan við Miðhús (003). Tóftin er mjög gróin og óljós. Stærð 12 X 8 m og skiptist tóftin í 2 hólf.

Hættumat: engin hætta.

Ey-365:013 heimild um áveitu 65°19.254 N 18°18.632 V

"Áður fyrr var Nautánni veitt um túnið að vorinu og voru því vatnsveituskurðir í því." segir í örnefnalýsingu. Áveituskurði má greina á nokkrum stöðum í túninu. Þeir liggja frá Syðstuhúsum norður fyrir ofan Miðhús. Greinast þar í tvennt og liggja til norðurs eftir túninu fram fyrir bæinn.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 116.


Ey-365:014 *Sundpollurinn* heimild um sundlaug 65°19.266 N 18°18.286 V

"Sundpollurinn er í túninu, skammt utan við bæinn. Var hægt að veita bæði Nautánni og Fálkalæknum í hann." segir í örnefnalýsingu. Ekki sjást nú merki sundpollsins en hann hefur líklega verið um 60 m norðan við bæinn þar sem dæld er í túnið.


Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 116.


Ey-365:015 smalakofatóft
65°19.098 N 18°21.407 V
Smalabyrgi er um 200 norðan við Sverrishaug á Stóruskriðu. Er á Stórgrýtisskriðu en í kring eru lyngivaxnar fjallshlíðar. Byrgið er grjóthlaðið (4 X 3 m) og er op á suðurhlið þess.
Hættumat: engin hætta.




Ey-365:016 smalakofatóft
65°19.095 N 18°22.040 V
Annað smalabyrgi er rétt norðaustan við Sverrishól í Sverrisdal. Uppi við hólinn norðan megin. Um miðjan dal í grösugri fjallshlíð norðan við Sverrisdal. Smalabyrgið er 3 X 2 m að stærð og grjóthlaðið að innan.
Hættumat: engin hætta.



Ey-365:017 smalakofatóft
65°19.256 N 18°13,261 V
Smalabyrgi er syðst, í botni Sverrisdal. Þetta er stundum kallað Svardalbotn. Dalurinn liggur austur til vesturs. Í botni dalsins eru hólar og við vestasta hólinn er hlaðið smalabyrgi. Er við vestustu kvísl Svartánnar á lækjarbakka. Faðir Ingibjargar Jónsdóttur notaði þetta byrgi sem er hlaðið úr hraunhellum og á því er þak.
Hættumat: engin hætta.



Ey-365:018 *Grámannsklettur* þjóðsaga 65°19.339 N 18°17.705 V
"Grámannsklettur er niður við Torfufellsánna, á merkjum Syðri- og Ytri-Villingadals. Örnefnið er merkilegt, það bendir til sérstakra þjóðtrúarvera er nefndust grámenn (e.k. huldufólk). Þar hafa menn orðið fyrir skynvillum." segir í örnefnalýsingu. Gráklettur er tvískiptur klettur hár og mjór fast upp við árbakka Torfufellsár. Skrásetjari varð ekki var við neinar skynvillur að þessu sinni! Um 6 m hár klettadrangi á árbakkanum.
Heimild: Heimild: Ö-Saur, 116.




Ey-365:019 kvíatóft
65°19.262 N 18°18.311 V
Um 20 m norðaustan við gamla bæinn (001) eru kvíar á sléttum, grasi grónum árbakka. Tóftin er 15 X 8 m að stærð og er skipt í tvö hólf með grjóthleðslu. Garður liggur í norðurátt að læknum. Annar garður nær frá kvíunum að smiðjunni norðar en hann er um 40 m.
Hættumat: engin hætta.

Ey-365:020 garðlag túngarður 65°19.281 N 18°18.295 V
Túngarður liggur skammt frá bænum (001) í norðausturátt að læknum. Hann liggur svo að kvíunum (019) og þaðan að smiðjunni (011) norðar. Garðurinn hættir að sjást skammt fyrir norðan smiðjuna. Garðurinn sést líklega á tæplega 10 m svæði þar til hann kemur að kvíunum. Þar beygir hann og nær í um 40 m að smiðjunni en þar beygir hann aftur og nær í 12-15 m áður en hann fjarar út. Hnit tekin hjá smiðju og kvíum en þeir punktar sem hér eru notaðir eru teknir hjá kvíunum.
Hættumat: engin hætta.

Ey-366 Torfufell

50 hdr. 1712. Bændaeign. « Sá maður bjó á Jórunnarstöðum, er Halli hét og var kallaður halli hinn hvíti ; hann var Þorbjarnarson … hans synir voru þeir Ormur og Brúsi skáld, og bjuggu þeir í Torfufelli, en Bárður [Hallason] bjó á Skáldsstöðum. » Víga-Glúms saga 17. kap (ÍS VI, 39).
« Torfi hét maður, er bjó í Torfufelli, auðugur, en ekki stórættaður. Þá bjó Eyjólfur á Möðruvöllum, og Guðmundur sonur hans var þar með honum. [Hreðu-Halli Sigurðarson drap hann]» Valla-Ljóts saga 1. kap (ÍS, 153)



6.5.1446 er T. meðal þeirra jarða Þorvarðar Loptssonar er komu í hlut barna hans að honum látnum - DI IV, 678. 18.9.1501 lætur Þorvarður Erlendsson T. fyrir 50 hdr ásamt fleirum í skiptum fyrir jarðir Gríms Pálssonar - DI VII, 583, sbr. DI VIII, 322. 2.6.1546 gefur Þorleifur Grímsson Grími syni sínum Torfufell með 6 kúgildum - DI XI, 465. 2.6.1556 gefur Grímur Þorleifsson Þórði bróður sínum Torfufell í Eyjafirði með eyðikoti er þar liggur til og Hólkot er kallað í Hólakirkjusókn og þar til 10 hdr jörð Villingadal í sömu sókn, til kvánarmundar við Steinunni Ólafsdóttur, og reiknuðust þær samtals 60 hdr með Hólkoti - DI XIII, 132. Þórður fékk svo aðrar jarðir og hefur Grímur haldið Torfufelli og Villingadal - DI XIII, 197-98. 2.9.1560 er Torfufelli með Villingadal, 60 hdr, skipt í hlut Einars og Þórunnar Grímsbarna af arfi Þorleifs Grímssonar og Gríms sonar hans - DI XIII, 520. 29.5.1584 fær Guðbrandur bp Nikulási Þorsteinssyni jörðina Torfufell í Eyjafirði Sigríði Sigurðardóttur til eignar. BG, 421. 7.7.1601 setur Björn Benediktsson þann skilmála í jarðakaupum við Ara Magnússon að allt væri gjört klárt við Sigríði Sigurðardóttur og hennar arfa um tiltal hennar til jarðar einnar, ef jörðin Torfufell kynni af að ganga - Jarðabréf, 110. 21.7.1672 setur Helga Magnúsdóttir Elenu Hákonardóttur dóttur sinni til ágóða Torfufell, 50 hdr, er kaupmáli var gerðu milli Elenar og sr. Guðbrands Jónssonar - Jarðabréf, 168 sbr. 16 en þar kemur fram að Torfufell hafði verið eign Helgu Magnúsdóttur og vildi hún að Elen erfði hana eftir sig. 25.9.1677 selja sr. Guðbrandur Jónsson og Elen Hákonardóttir Gísla bpi Þorlákssyni Torfufell, 50 hdr - Jarðabréf, 171. 1712 var Hólsgerði partur af Torfufelli. Bygt fyrir manna minni í úthögum fram frá, afdeilt að túni og útslægjum, en öðrum landsnytjum óskift." JÁM X, 255. "... að norðan og vestan ræður Torfufellsá landamerkjum fram að svonefndri Galtá, sem er framan við Leyningsdal, frá henni á Torfufell dalinn beggja vegna og fram á fjöll þangað til vötnum hallar vestur til Skagafjarðar." LM E I, 176 (Suðurmörk ekki skilgreind)

1917: 5.0 ha. 1990: "Tún er beggja vegna vegarins og ná efstu spildurnar upp í fjallsrætur." BE 1990, 862 "Grundirnar taka við norðan Lautarinnar og ná heim að túni. Annars má heita, að Grundirnar séu líka orðnar að túni. Túnið, sunnan og neðan við bæinn, heitir Sandur, en áfram þar suður og ofan er nú alltaf kallað Nýrækt og Nýræktarhvammur þar neðan við ... Syðsti hluti gamla túnsins heitir Gerðistún. Þar er hesthús, sem alltaf er kallað Gerði. Gerðistún er skilið frá Suðurtúninu með Grófinni ... í henni er Grófarlækurinn. Norðan undir bænum er Lautin og Brekkan upp úr henni. Yzt á

túninu er Sauðhúsflöturinn. ... Miðflatarbrekkan var ofan við Sauðhús- [106] flötinn, þá kom Miðflötur og Efstiflötur suður og upp af honum. Brekkurnar og fletirnir eru nú minni en áður því búið er að jafna það nokkuð með jarðýtu." Ö-Saur, 105-106.

Ey-366:001 *Torfufell* bæjarhóll bústaður 65°19.318 N 18°15.595 V
Þar sem gamli bærinn stóð áður er nú áhaldaskemma, en bærinn náði þó lengra til suðurs. Gamli bærinn var um 130 m sunnan við núverandi íbúðarhús í Torfufelli I. Sunnan við skemmuna eru nokkrir steinar sem líklega hafa verið úr gamla bænum en önnur merki bæjarins sjást ekki lengur. Áhaldaskemman stendur á aflíðandi hæð.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-366:002 heimild um bænhús 65°19.314 N 18°15.565 V
1957: "Bænhús er talið hafa verið fyrr á öldum í Torfufelli. Stóð það út og fram á hlaðinu. Fyrir nokkrum árum var þar grafið fyrir súrheystóft. Kom þá upp beinagrind af manni. Hleðsla úr grjóti var þar einnig." segir í örnefnalýsingu. "Munnmæli eru að hjer hafi að fornu bænhús verið." - JÁM X, 254 Talið er að bænhúsið hafi staðið norðaustan við gamla bæinn og beint austan við áhaldaskemmuna. Beinin voru grafin aftur niður hjá Súrheystóftinni. Tóftin var fremur stutt í notkun en síðan var rutt yfir hana. Þegar beinin fundust sást einnig hleðsla sunnan við, alveg á brekku brúninni. Þar er vegaslóði.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Ö-Saur, 110 og JÁM X, 254.

Ey-366:003 heimild um fjárhús 65°19.283 N 18°15.638 V
Útihús var um 35 m vestan við gamla bæinn. Þar er nú fjós.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-366:004 heimild um hesthús 65°19.254 N 18°15.829 V
70-80 m vestan við gamla bæinn var hesthús samkvæmt túnakorti frá 1917. Þar er nú lítil hæð þar sem geymdar eru vinnuvélar og austarlega á henni er reykhús þar sem hesthúsið stóð. Á lágum hól undir byggingu.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: Túnakort 1917.

Ey-366:005 *Gerðið* hesthústóft 65°19.223 N 18°15.690 V

"Syðsti hluti gamla túnsins heitir Gerðistún. Þar er hesthús, sem alltaf er kallað Gerði." segir í örnefnalýsingu. Gerði er 160-180 m suðvestan við 001, lítið eitt vestar en 003 en töluvert sunnar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnakort 1917 og Ö-Saur, 105.

Ey-366:006

Sauðshús heimild um fjárhús

65°19.361 N

18°15.568 N

"Yzt á túninu er Sauðhúsflöturinn. Fjárhúsið, sem stendur á brún hans, hefur þá væntanlega heitið Sauðhús." segir í örnefnalýsingu. Sauðhús hefur verið þar sem íbúðarhúsið í Torfufelli I er nú, um 130 m norðan við 001.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnakort 1917 og Ö-Saur, 105.

Ey-366:007 sundlaug 65°18.429 N 18°15.294 V

"Sundpollurinn er vestan við Hornið, þar sem kennt var sund fyrir 35 árum (fyrir 1920). Vatnið fékkst úr Hólsgerðislaug." segir í örnefnalýsingu. Fyrir norðaustan hlöðnu þvotta og baðlaugina (Ey-367:007) er sundpollurinn. Hann er nú minni en áður en þó greinilegur og vel volgur. Sundpollurinn er náttúrulegur og er á óræktuðu og röku svæði.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 104.

Ey-366:008 *Gamli-stekkur* stekkjartóft 65°18.516 N 18°15.616 V

"Ytri- og Syðri-Járnhryggslækurinn sameinast hjá Nefinu, en Járnhryggsskriðan er út og upp frá því, og Gamli-Stekkurinn er norðan hennar. Flóinn er neðan Gamla-Stekksins ..." segir í örnefnalýsingu. Gamli-Stekkur er norðan við bæði Ytri- og Syðri-Járnskriðuhrygg, um 30 m norðan við Ytri-Járnhryggsskriðu og 20-30 m vestan vegar. Tóftin er 10 X 10 m að stærð og skiptist í 2 hólf.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 104-105.

Ey-366:009 *Kerlingarvað* heimild um vað 65°19.317 N 18°95.211 V "Kerlingarvað er utarlega í Hvamminum" segir í örnefnalýsingu. Kerlingarvað er á Eyjafjarðará, rétt við suðurmörk túnsins sem er austan vegarins og Torfufells I. Greinilegt vað er á ánni á þessum stað.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 105.

Ey-366:010 *Lambhúsvað* heimild um vað 65°19.580 N 18°14.976 V "Lambhúsvaðið er þar sem Syðsti-Farvegurinn kemur í Eyjafjarðarána." Lambhúsvað á Eyjafjarðará er ennþá nokkuð greinilegt en götur liggja upp frá því austan meginn árinnar. Vaðið er um 100 m sunnar en þar sem Torfufellsá rennur í Eyjafjarðará.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 105.

Ey-366:011 *Kvíavöllur* örnefni 65°19.297 N 18°15.749 V "Kvíavöllurinn og Kvíaklöppin eru suður og upp af Efstafleti ..." segir í örnefnalýsingu. Kvíarnar voru sunnan við Kvíaklöpp en ekki sjást þeirra merki enda er búið að slétta allt á þessum stað. Langt er síðan túnið var sléttað og það eina sem minnir á Kvíarnar er Kvíaklöpp sem enn stendur upp úr túninu miðju.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 106.

Ey-366:012 áveita 65°19.341 N 18°15.774 V Vatnsveituskurður var fyrir ofan tún neðan við Efstaflöt en ofan við Miðflöt og líka með túninu til suðurs. Ekki sjást merki um áveituskurð og er búið að slétta túnin.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.


Heimild: Ö-Saur, 106.

Ey-366:013 *Akurhóll* örnefni 65°19.405 N 18°16.009 V "Akurhóllinn er út og fram af Mýrdalnum og Balinn neðan við hann." segir í örnefnalýsingu. Akurhóllinn er norðvestan við Torfufell og sunnan við hann er nú sumarbústaður. Sunnan í hólnum (en það er sá hluti sem er óraskaður) má enn greina leifar garðlaga. Akurhóllinn er malarhóll og malarnám hefur verið í honum norðanverðum. Að sunnan er hann gróinn. Allt í kringum hólinn eru gróin tún. Garðlögin eru fremur ógreinileg en syðst í Akurhólnum má rekja það frá austri til vesturs í um 30 m.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 106.

Ey-366:014 *Réttarhorn* réttartóft 65°19.516 N 18°16.042 V



"Réttin stendur á Réttarhorninu við kjaft Torfufellsgilsins. Þar liggur Réttargjáin niður í gilið, en Réttarhvammur er þar niðri í gilinu." segir í örnefnalýsingu. Réttin er um 100 m norðan við Akurhól (013) og um 80 m sunnar (og mikið hærra) en Torfufellsá. Hún er á grasbala ofan við gilið. Réttin er 17 X 17 m að stærð. Hún er grjóthlaðin en timbur er einnig notað. Réttin skiptist í 7 hólf.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 106.

Ey-366:015 *Garður* vörslugarður 65°19.392 N 18°17.114 V

"Garðurinn er utan við Jarðfallið." segir í örnefnalýsingu. Garður þessi var stundum nefndur Heimari-Garður. Hann er þar sem hlið á girðingu er inn á Torfufellsdalinn og vegurinn liggur í gegnum hann. Garðurinn er ekki langt frá því að vera til móts við Ytri-Villingadal. Hann nær frá Torfufellsgilsbarminum til austurs að veginum og síðan áfram upp í fjallshlíðina en beygir svo til suðurs þegar hærra er komið. Á þeim stað er sylla í hlíðina. Garðurinn er misgreinilegur í hlíðinni.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 107.

Ey-366:016 *Draughólar* þjóðsaga um legstað 65°18.831 N 18°19.961 V


Stóruskriðulækur rennur út og fram af Stóruskriðu og breiðist um Smáhólana. "Smáhólarnir eru nefndir Draghólar í Þjóðtrú og þjóðsagnir (sögn eftir Hannes Jónsson). Talið er, að Smáhólarnir séu dysjar manna, er féllu í bardaga milli Eyfirðinga og Skagfirðinga, er þeir börðust þar út af eignarrétti yfir Galtártungum. Sögn Hannesar segir, að barizt hafi verið út af fjöllunum fram af Eyjafirði og Skagafirði, en önnur munnmæli herma, að sá bardagi hafi farið fram á Ófriðarstöðum í Austurdal í Skagafirði." segir í örnefnalýsingu. Draughólar eru sunnan við Fremra-Sel og Syðstu-

Skriðu. Draughólar eru margir fremur smáir hólar. Hnit voru tekin í hóli fremur norðarlega sem var dældaður og gæti hafa verið hreyft við honum einhvern tíma.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 108.

Ey-366:017 *Fremra-Sel* seltóftir 65°18.932 N 18°19.801 V




"Selhvammurinn er utan og framan undir Smáhólunum. Í honum er Fremra-Selið." segir í örnefnalýsingu. Fremra-Selið er á árbakka Torfufellsár skammt norðan við þar sem Svartá rennur í hana og skáhalt á móti Leyningsrétt handan ár. Síðast haft í seli á þessum stað um 1880 en síðar var þar rétt, notuð var fram til 1960-70.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 108.

Ey-366:018 *Heimara-Sel* seltóftir 65°19.075 N 18°19.103 V



"Heimara-Selið er utan og ofan við Selhamminn eða niður undan Mið-Selsskriðunni. Í kringum selið er Selmórinn og hlaðinn garður í kringum hann. Selgrundinn er ofan við Selmóinn. Tryggvi Sigurðsson á Jórunnarstöðum, sem bjó í Torfufelli árin 1878-1881, hafði síðast í seli þar. Mun hann þá hafa byggt selið upp." segir í örnefnalýsingu. Selið

er beint vestan við Mið-Selskriðu og vestan vegarslóðans. Á þessum stað eru fjórar tóftir auk garðalaga. Garðlag liggur austan við tóftirnar í um 400 m. Norðan og sunnan við garðinn liggja svo garðar í átt að ánni (um 200 m) og því hefur svæðið verið alveg afmarkað. Nyrst af tóftunum er sú stærsta og greinilegasta en hún er 12 X 15 m og skiptist í tvö hólf. Um 13 m austan hennar er önnur tóft minni, 4 X 12 m að stærð, einnig tvö hólf og lítur út líkt og stekkur eða kvíar. Austurveggur stekkjarins er myndaður úr garðlagi sem heldur áfram til suðurs . Fast við hlið þessarar tóftar er önnur tóft sem er 13 X 10 m. Tóft þessi er mynduð úr garðinum sem þar er að vestan og norðurveggurinn er austurveggur stekkjarins. Tóftin er eitt hólf og gæti verið einhvers konar rétt. Um 18 m sunnan við "hólfið" er svo enn önnur tóft, 11 X 6 m og eitt hólf. Tóft þessi er alveg gróin og að einhverju leyti horfin í þúfur.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 108.sbr. SSE, 182 nmgr. 1

Ey-366:019 smalakofatóft 65°18.839 N 18°19.466 V


Eftir að hætt var að hafa í seli í Heimara-seli (1881) voru kvíaær reknar heim til mjalta "en smalabyrgið var þá undir [109] stórum steini framan við selið, eða sunnan og framan í Syðstu-Selgilsskriðunni." segir í örnefnalýsingu. Smalabyrgið er allra neðst á Syðstu-Selskriðunni undir steini. Þar er fremur áberandi í sléttu landinu, aðeins sunnar og ofar en Heimara-Sel við götuslóða. Byrgið er myndað úr nokkrum stórum steinum. Það er um 0,7 m á hæð og breidd og um 1 m á lengd. Á þessum stað höfðu smalar afdrep fram á þessa öld.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 108-109.

Ey-366:020 *Byrgisskriða* smalakofatóft 65°18.335 18°21.370


"Skammt framan við Stóruskriðu er Byrgisskriða og Byrgisskiðugilið upp frá henni ..." segir í örnefnalýsingu. Sunnanvert á Byrgisskriðu, norðan við Lambhóla er smalabyrgi. Byrgið hefur verið nefnt Hermannsbyrgi eftir þeim sem það byggði. Það er neðst í Byrgisskriðu og sunnarlega. Tóftin er 6 X 2 m að stærð og grjóthlaðin.



Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-Saur, 108-109.

Ey-366:021 *Gamli-Stekkur* stekkjartóft 65°18.720 N 18°15.489 V



Gamli-Stekkur er 10 m vestan Eyjafjarðarbrautar, um 100 m norðan við afleggjarann yfir Eyjafjarðará, heim að Halldórsstöðum. Í grasivöxnu túni neðan fjallshlíðarinnar. Stekkurinn er algróinn og ógreinilegur. Hann er 9 X 6 m að stærð og eitt hólf en austurveggur hans er mjög óskýr.

Hættumat: engin hætta.

Ey-366:022 *Fjórvörður* landamerki 65°15.329 N 18°31.010 V
"Fjórvörður eru í Vestara-draginu [Torfufellsdals], suðvestur af Galtárhnjúk. Fara má ríðandi upp sunnan við Galtárgil, fram Galtárhjalla og vestur [110] Vestara-Drag, og koma niður Hvítárdal í Austurdal í Skagafirði." segir í örnefnalýsingu. Fjórvörður eru fjórar vörður sem enn sjást og eru þær á sýslumörkum. Fjórvörður voru ekki skoðaðar 1998, hnit tekin af korti.

Heimild: Ö-Saur, 109-10.

Ey-366:023 *Hólmavað* frásögn um vað 65°19.419 N 18°15.157 V
Hólmavað var fyrir neðan íbúðarhúsið Torfufelli II en sunnar. Vaðið hefur verið austan við túnið en vestan ár. Áin hefur breytt um farveg og er vaðið nú á þurru landi. Var áður á Eyjafjarðará.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Vaðaskrá.

Ey-366:024 vörslugarður 65°18.833 N 18°91.675 V
Sunnan við Syðstu-Selskriðu og Vothamra er garðlag. Garður þessi hefur líklega náð upp í Selgil. Garðurinn er mjög gróinn og víða alveg sokkinn. Hann er 2-3 m breiður en sést vel austan við bílslóða á parti en hverfur inn í landslagið bæði austar og vestar. Sést líklega á um 30 m svæði.

Hættumat: engin hætta.


Ey-366:025 frásögn um tóftir 65°19.414 N 18°15.119 V
Austast í túninu sem er austan við íbúðarhúsið Torfufelli II voru áður tóftir, taldar vera stekkjarleifar. Ekkert sést til tóftanna en þar eru algjörlega sléttuð tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Ey-366:026 smalakofatóft 65°18.570 N 18°20.550 V


Stóraskriða er næsta skriða við Selskriðu. Byrgi er á Stóruskriðu við Bolastein. Uppistaða byrgisins eru stórir steinhnullungar en hlaðið er á milli þeirra. Byrgið skiptist í tvö hólf og er um 5 X 4 m að utanmáli.

Hættumat: engin hætta.



Ey-366:027 smalakofatóft
65°18.338 N 18°21.440 V
Í Byrgisskriðu, um 20 m suðaustan við 020 er annað byrgi öllu minna. Byrgið er hlaðið við stóran stein.


Hættumat: engin hætta.



Ey-367 Hólsgerði

10 hdr. 1712, hluti af Torfufelli byggð í úthögum þess. 2.6.1556 gefur Grímur Þorleifsson Þórði bróður sínum Torfufell í Eyjafirði með eyðikoti er þar liggur til og Hólkot er kallað í Hólakirkjusókn og þar til 10 hdr jörð Villingadal í sömu sókn, til kvánarmundar við Steinunni Ólafsdóttur - DI XIII, 132. Í eyði síðan 1990. Eyðibýlið Úlfá hefur tilheyrt Hólsgerði síðan 1930.

1917: "1,9 ha. garðar 190 m2. 1990: "Norðan [bæjarhólsins] hallar land til austurs. Þar er meginhluti túnsins og er það samfellt en mishæðótt. Nyrst í túninu er Laugarhóllinn, hár og brattur að norðan. ... Beitiland er í fjallinu ofan Hólsgerðis og Úlfár." BE 1990, 924,



Ey-367:001 *Hólsgerði* bæjarhóll bústaður 65°18.173 N 18°15.448 V
Tæpum 20 m vestan við 002 og núverandi íbúðarhús stóð gamli bærinn rétt austan við

Eyjafjarðarbraut. Þar er nú grasflöt en leifar af túngarði sjást enn rétt austan við veginn. Ekki sjást leifar bæjarhóls. Bæjarhúsin voru með áföstu fjósi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnakort 1917 og BE 1990, 924.

Ey-367:002 heimild um fjárhús 65°18.154 N 18°15.383 V

Tæpum 20 m austan við gamla bæinn (001) var útihús þar sem nú er steinsteypt íbúðarhús. Þetta hús var fjárhús og hesthús.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917.

Ey-367:003 heimild um útihús 65°18.164 N 18°15.490 V

40-50 m suðvestan við 001 og um 40 m vestan vegar var útihús, sem hefur verið sléttað undir tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1917.

Ey-367:004 *Stekkjarvað* heimild um vað 65°18.113 N 18°15.201 V

"Slæmt vað er á ánni, rétt sunnan [bæjarhólsins], og heitir Stekkjarvað, ..." segir í örnefnalýsingu. Sunnan við bæjarhólinn var Stekkjarvað og síðar brú á Eyjafjarðará. Brúin stendur ekki lengur en vaðið var norðan við hana og sjást þar enn ummerki um það, m.a. slóði upp af vaðinu austan ár.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 102.

Ey-367:005 heimild um stekk 65°18.125 N 18°15.225 V

"Slæmt vað er á ánni, rétt sunnan [bæjarhólsins], og heitir Stekkjarvað, og er stekkjarrúst á bakkanum að vestan." segir í örnefnalýsingu. Stekkjarrústir þessar eru horfnar og eru líkur til að þeim hafi verið rutt út þegar brú og vegur að henni voru gerð um 1960.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Saur, 102.

Ey-367:006 *Svarðarmór* örnefni 65°18.416 N 18°15.113 V

"Norður með gilinu norðan Hólsgerðishóls kallazt Barmar og út og fram af þeim Illviðrishvammur, þá Grænaklauf, og lækkar þar ört landið, þá Svarðarmór ..." segir í örnefnalýsingu. Svarðarmór er austan við Hólgerðislaug en suðvestan ár. En engar grafir sjást á þessum stað.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 102-103.

Ey-367:007 *Hólsgerðislaug* þvottalaug 65°18.413 N 18°15.310 V

"Norðan undir [Laugarhólnum] er rúmlega 40 [gráðu] heit uppspretta sem kallast Hólsgerðislaug. Fyrir löngu var hlaðið kringum uppsprettuna og hún notuð til baða og þvotta." segir í örnefnalýsingu. Hlaðna laugin er beint norður undan Laugarhólnum. Fyrir norðan hana eru ræktuð tún, sem eru L-laga. Laugin er vel volg og líklega svona 1 á dýpt. Hún er notuð af ferðamönnum þar í grennd.


Hættumat: hætta vegna ábúðar.
Heimild: BE 1990, 924.

Ey-367:008 *Brunnhólar* örnefni 65°18.241 N 18°14.983 V
Brunnhólar eru norðan við bæinn en sunnan við Laugarhól. Ekki er hægt að sjá nein merki um brunn í þessum hólum eða í nágrenni þeirra. Hnit voru tekin á hólasvæðinu miðju.
Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ö-Saur, 103.

Ey-367:009 *Grófarvað* heimild um vað 65°18.016 N 18°15.284 V
"...og Grófarvað undir Grófinni." segir í örnefnalýsingu. Grófin er á mörkum Úlfsár og Hólsgerðis og vaðið var undan henni. Ekki sjást neinar götur en Eyjafjarðaránni hér en þó er hún fremur grunn og auðveld yfirferðar á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta.

Ey-367:010 túngarður 65°18.173 N 18°15.431 V
Rétt vestan við þar sem bærinn hefur staðið en austan við Eyjafjarðarbrautina sem liggur þar í gegn sjást leifar garðlags sem er mjög gróið. Það er í túni en sést þó greinilega og er 20 X 20 X 2 m langur og rúmur meter á breidd.
Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Ey-368 Úlfsá




10 hdr. 1712. Bændaeign. 10.8.1447 skipar Kristófer konungur Ú. og fleiri jarðir undir hirðmann sinn Pétur Pétursson nema að Margrét Vigfúsdóttir eða börn hennar sýni með lögum að Þorvarður Loptsson hafi átt þær - DI IV, 706. 18.9.1501 lætur Þorvarður Erlendsson Ú. fyrir 16 hdr ásamt fleirum í skiptum fyrir jarðir Gríms Pálssonar - DI VII, 583, sbr. DI VIII, 322. [1560] afsver Jón Marteinsson að hafa tekið á móti nokkrum peningum með Hólakirkju nema jarðirnar Úlfá og Villingadal sem voru kirkjunni eignaðar en gengu síðan til skipta með erfingjum Þorleifs Grímssonar - DI XIII, 555-556. 13.7.1635 selur Árni Guðmundsson Þorláki bpi Skúlasyni Úlfá, 12 hdr - Jarðabréf, 221. 16.9.1687 selur Magnús Björnsson Guðbrandi Björnssyni 12 hdr í Úlfá - AÍ IX, 138.
4.7.1698 kvartar Jón Jónsson í lögréttu, í umboði Guðbrands Björnssonar, að hann hafi ekki fengið byggt jörðina Úlfá fyrir þá orsök að Magnús Björnsson hafi látið taka kúgildi greindrar jarðar – AÍ IX, 58 sbr. 59.
3.7.1734 gefur Helga Jónsdóttir sr. Einari Jónssyni dóttursyni sínum jörðina Úlfá, 12 hdr

að dýrleika. AÍ XII, 391. Á Eyjafjarðardal fram að Hafrá sem ræður merkjum við Arnarstaðatungur en merki milli Úlfsár og Hólsgerðis eru um Merkjalaut sem er því slen mæst beint niður af miðjum Hólsgerðishnjúk. Úlfsá fór í eyði 1925 en þá féll snjóflóð á bæinn sem skemmdi tún og fjárhús. Jörðin var lögð undir Hólsgerði 1930 og hefur verið nytjuð þaðan.

1917: 3.7 ha. 1990: "Engjar voru við Eyjafjarðarána út og fram af bænum. Beitiland er í fjallinu, óskipt með Hólsgerði ... Allmikið land hefur verið ræktað á Úlfá á síðustu árum." BE 1990, 925


Ey-368:001 *Úlfsá* bæjarhóll bústaður 65°17.500 N 18°15.368 V



"Þar sem bærinn stóð eru nú beitarhús frá Hólsgerði" segir í örnefnalýsingu. Bæjarhóllinn er um 110 m sunnan við 003 og 10 m austan við veginn. Sunnan við hann eru túngarðsleifar frá austri til vesturs í um 100 m fjarlægð. Þar sem bærinn stóð eru slétt tún og ekki er hólmyndun greinanleg. Á þessum stað eru tóft af beitarhúsi frá Hólsgerði. Hún er 16 x 28 m að stærð og skiptist í fjögur hólf.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Túnakort 1917 og Ö-Saur, 100.



Ey-368:002 hesthústóft

65°17.556 18°15.356

Um 30 m suðvestan við 003 er gróin tóft hesthússkofa. Tóftin er rétt vestan við veginn sem er framhald Eyjafjarðarbrautar upp á hálendið. Tóftin er eitt hólf, 8 X 7 m að utanmáli og mjög gróin.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Túnakort 1917.


Ey-368:003 fjárhústóft

65°17.548 N 18°15.340 V


Tóft af fjárhúsi er um 110 m norðan við 001, efst eða vestast í túni, rétt austan vegar. Tóftin er 22 X 15 m að stærð og 1,5 m á hæð. Hún skiptist í tvö hólf.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Túnakort 1917.



Ey-368:004 *Réttarskriða* réttartóft 65°16.900 N 18°15.124 V



Réttarskriða er norðan við Beitarhúsagrund og Réttarskriðuhólmur þar neðan við. Réttin er í Réttarskriðunni miðri en sunnan ár. Hún stendur enn nokkuð heilleg en fellur þó saman við umhverfið. Réttin er 25 X 13 m að stærð. Norðan og vestan við hana eru tvö hringlaga samföst hólf en aðalhólfinu hefur verið skipt í tvennt með garði sem nú er alveg gróinn í miðri réttinni.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 99.

Ey-368:005 *Þingmannavað*

heimild um vað 65°16.984 N 18°14.518 V

"Þingmannavað er við Tjaldbakka á Eyjafjarðardal." segir í Vaðaskrá. En tjaldbakki er töluvert sunnan við þar sem gamli bærinn hefur verið eða líklega um 2 km. Vestan við Tjaldbakkann er allstórt mýrarsvæði en þegar komið er af því, nær ánni tekur Tjaldbakkinn við. Á honum er óljós slóði og vað á ánni og er líklegt að það sé einmitt Þingmannavaðið.

Hættumat: engin hætta.


Heimild: Vaðaskrá.

Ey-368:006 *Tjaldbakki* örnefni 65°16.937 N 18°14.750 V
Tjaldbakki er stór sléttur bakki meðfram Eyjafjarðará neðan við Réttarskriðuhólm og beitarhúsin. Tjaldbakki er austan við Réttarskriðuhólm en vestan við ánna.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 99.

Ey-368:007 *Fremri-Úlfá* býlistóftir 65°18.805 N 18°14.945 V




"Heiman Réttarskriðu er Réttarskriðuholt og nyrst á því og neðst húsarústir, Litla- eða Fremri-Úlfá. Sennilega hefur býli verið þar." segir í örnefnalýsingu. Við Réttarskriðu er grasi vaxið holt sem kallast Réttarskriðuholt.
Norðaustast á því eru tóftarbrot Fremri-Úlfár. Alls þrjár grónar tóftir. Svæðið er samtals tæplega 40 X 20 m.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 99.

Ey-368:008 *Magnúsartóftir* býlistóftir 68°16.366 N 18°14.955 V




Í jarðabók Árna og Páls frá 1712 segir svo frá: "Magnusar tofter kallast fornt stekkjarstæði hjer í landinu framarlega. Á því eru munnmæli, að Úlfá hafi þar í fyrndinni staðið og þaðan færð verið undan skriðum, og sjást hjer enn nokkrar líkur til garðlaga í kring. Ekki má hjer bygð setja fyrir heyskaparleysi." Norðan við Hafrá heita Hafrárhólmar "Á barði ofan hólmanna eru rústir, sem Beitarhús kallast." segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsagrund heitir og milli Mós og Réttarskriðu þar ofan við. Talið er að Beitarhúsin séu á sama stað og Magnúsartóftir, á hól um 300 m fyrir ofan veg. Ógreinileg garðbrot sjást um 100 m vestan tóftanna en þau sjást þó ekki á nema um 10 m svæði. Þar er hægt greina 3 tóftir mjög grónar. Fleiri tóftir gætu hafa verið sem þá eru algerlega hlaupnar í þúfur. Svæðið er um 30 X 15 m að stærð.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: JÁM X, 256 og Ö-Saur, 99.

Ey-368:009 *Geitakofagrund*
geitakofatóft 65°17.371 N 18°15.303 V



"Geitakofagrund og Geitakofahryggur eru sunnan við Kvíahrygg sunnan túnsins á Úlfá." segir í örnefnalýsingu. Tóftir geitakofa eru 5 m vestan við malarveginn sem er framhald Eyjafjarðarbrautar upp á hálendið. Tóftin er sunnan við 001 og 10 m norðan skurðar. Tóftin er grjóthlaðin. Hún er 7 X 3,5 m að stærð og að jafnaði 0,3 m á hæð.
Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ö-Saur, 100.

Ey-368:010 *Kvíahryggur* örnefni 65°17.433 N 18°15.448 V
Kvíahryggur er sunnan við túnið á Úlfá. Ekki sjást neinar tóftir sunnan við túnið norðan geitakofans. Á þessum slóðum voru kvíar sem kallaðar voru Símonarkvíar en þær eru nú horfnar.
Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ö-Saur, 100.

Ey-368:011 *Stekkjargrund* örnefni 68°17.660 N 18°15.401 V
Úlfárgrund er norðan Úlfár en norðan við hana er Stekkjargrund. Stekkjargrund er vestan við veg. Norðan við nyrsta útihúsið sem er norðan við Úlfá. Stekkurinn hefur verið um 50 m vestan við veg. Lítil ummerki hans sjást um hann nú enda hefur lækur runnið yfir svæði.
Hættumat: engin hætta.
Heimild: Ö-Saur, 100.

Ey-368:012 *Sandvað* heimild um vað 65°17.799 N 18°14.828 V
Sandvað á Eyjafjarðará var farið milli Úlfár og Tjarna. Vaðið er þar sem Úlfá rennur í Eyjafjarðará. Þar er hólmi í ánni og hún er grunn yfirferðar. Árfarvegir á þessum slóðum hafa breyst mikið á undanförnum árum og er vaðið því gerbreytt eða horfið.
Hættumat: engin hætta.
Heimild: Vaðaskrá.

Ey-368:013 *Engjabakkavað* heimild um vað 65°17.880 N 18°15.177 V
Engjabakkavað er 300-400 m sunnan við Stekkjarvað sem er í landi Hólsgerðis. Það er nyrst í Engjabakka. Á Eyjafjarðará. Ekki eru götur að vaðinu en staðurinn er þó greinilegur.
Hættumat: engin hætta.
Heimild: Vaðaskrá.

Ey-368:014 túngarður 65°17.501 N 18°15.298 V
Sunnan við bæjarhóllinn eru túngarðsleifar frá austri til vesturs í um 100 m fjarlægð. Garðurinn er greinanlegur á 60 m svæði í túninu.

Hættumat: engin hætta.

Ey-373b Hólar (Eyjafjarðardalur)

Hólakirkja átti dalinn framan við Tjarnir og selland Arnarstaða. 14.3.1375: [Hólar eiga] þar med eyiafiardardal fram fra klifsaa jardareign. eiga jardir lambarekstr utan fra gerdi oc upp til tiarna. oc eigi verit at talit þo at farit hafi eldri saudir." - DI III, 295. 1712: "Afrjett á staðurinn fram frá Tjarnarlandi og botninn á Eyjafjarðardal. Þángað á Hóla kirkjusókn fyrir austan Eyjafjarðará skylduuprekstur fyrir afrjettartoll, brúkast stundum, stundum ei, sakir harðinda og grasleysis. 1889: "Hólar eiga afrjett í Eyjafjarðardal að austan verðu árinnar fram frá Klaufá, við hana er byggður trippagarður, og að vestanverðu árinnar fram frá trippagarði þeim, sem byggður er rjett á móti garðinum að austanverðu árinnar og fram til jökla að austan og vestan til sýsumóta. Þess skal getið, að garðurinn að vestanverðu við Eyjafjarðará stendur framar en í miðju Stangarlækjarfjalli, en Stangalækjarfjall hefur verið þrætuland milli Hóla og Arnarstaða. Nú hafa hlutaðeigendur komið sjer saman um, að láta merkin vera um trippagarðinn á móti Klaufá, og eiga Arnarstaða ábúendur að hafa frían upprekstur fyrir 2 trippi í Hólaafrétt með því að viðhalda trippgarðinum að vestanverðu Eyjafjarðarár (þó eru undanskildir gamlir og grimmir graðfolar)." LM E I, 173-74. Skv. landamerkjaskrá frá 1923 eiga Hólar dalinn upp að djallsbrún að austan en að sýslumótum að vestan - LM E II, 75. - Svíná og Svínheiði örn á austanverðum Eyjafjarðardal framan við Klifsá og Klifsheiði. Fyrir framan Svínheiði heita Svínastallar, farm á móts við Sandá "Örnefni þessi, sem við svín eru kennd, benda ótvírætt á, að þar hafi svín gengið fyrrum." LE I, 62-63 - Einnig Hafrá og Hafrárdalur vestanmegin á Eyjafjarðardal

Ey-373b:001 *Þjófhóll* þjóðsaga 65°10.048 N 18°11.610 V
Þjófhóll er einstakur hóll, vestanmegin við Eyjafjarðará, framan við Sandá þar sem heitir Botn, heiman við Runu. Hóllinn er innst í botni Eyjafjarðardals vestan árinnar, þar sem vegurinn beygir upp á hálendið fyrir sunnan Eyjafjörð. Um Þjófhól "er sú saga, að einu sinni endur fyrir löngu hafi útilegumenn komið heim að Úlfá og rænt þar. Á leið sinni fram dalinn týndu þeir nokkru af þýfinu, og fannst síðar skyrkolla, og fleira af því hjá Þjófhól." LE I, 62 "Þjóðsagan segir, að nafnið sé af því komið, að eitt sinn hafi [97] komið gestur að Úlfá og beðizt gistingar. Var það um vetur. Bauðst hann til að skemmta heimafólki með kveðskap um kvöldið og kvað rímur. En það þótti þó kynlegt að oftar en einu sinni skaut hann inn vísu þessari:

Átta krof á einni rá –
efni þessu vík ég frá.
Taktu hann rauð, en bittu Brún,
bíddu mín fyrir utan tún.

Að morgni var gesturinn horfinn og átta krof úr eldhúsinu og skyrkolla úr búri. Kollan fannst suður á hólnum, sem nú heitir Þjófhóll."

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: LE I, 62 og Ö-Saur, 96-97.

Ey-373b:002 Garður örnefni
"Garðurinn er sunnan Klaufár og Hraunið er þar á nesi við ána á móti Syðra-Strangalækjargili." segir í örnefnalýsingu. Austanmegin. 1889: "Hólar eiga afrjett í Eyjafjarðardal að austan verðu árinnar fram frá Klaufá, við hana er byggður trippagarður, og að vestanverðu árinnar fram frá trippagarði þeim, sem byggður er rjett á móti garðinum að austanverðu árinnar og fram til jökla að austan og vestan til sýsumóta. Þess skal getið, að garðurinn að vestanverðu við Eyjafjarðará stendur framar en í miðju Stangarlækjarfjalli, en Stangalækjarfjall hefur verið þrætuland milli Hóla og Arnarstaða. Nú hafa hlutaðeigendur komið sjer saman um, að láta merkin vera um trippagarðinn á móti Klaufá, og eiga Arnarstaða ábúendur að hafa frían upprekstur fyrir 2 trippi í Hólaafrétt með því að viðhalda trippgarðinum að vestanverðu Eyjafjarðarár." LM E I, 173-74. Sbr landamerkjaskrá Arnarstaða LM E I, 204. 1923 er við Klaufá "hlaðinn fyrirstöðugarður. Er austanmegin Eyjafjarðar og var því ekki skoðað 1998.

Heimildir: Ö-Saur, 94 og LM E.

Ey-373b:003 *Áfangasteinn* örnefni
"Við fjallsræturnar, sunnan Svínár, er stór steinn, sem heitir Áfangasteinn." Austanmegin Eyjafjarðar og var því ekki skoðað 1998.

Heimild: Ö-Saur, 94.

Ey-373b:004 þjóðsaga 65°13.910 N 18°14.328 V
Hellismunni var áður undir klifinu framvið Brúsahvamm "og sagði þjóðsagan, að þaðan væri gangur allt í Surtshelli. Hrunið er nú fyrir munna þennan." segir í örnefnalýsingu. Hellir þessi er sunnan við Fremra-Stangarlæk í klettunum sem þar eru vestan vegar. Hrunið fyrir munann og er ekki hægt að finna hellinn.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 97-98.

Ey-373b:005 vörslugarður 65°14.158 N 18°14.221 V
Milli Heimari og Fremri Strangalækjar, "miðja vegu, er hlaðinn garður, sem varna átti hrosstóði heim dalinn. Heim að þeim garði áttu Hólar land, báðu megin dalnum." segir í örnefnalýsingu. "Hólar eiga afrjett í Eyjafjarðardal ... að vestanverðu árinnar fram frá trippagarði þeim, sem byggður er rjett á móti garðinum að austanverðu árinnar og fram til jökla að austan og vestan til sýslumóta. Þess skal getið, að garðurinn að vestanverðu við Eyjafjarðará stendur framar en í miðju Stangarlækjarfjalli, en Stangalækjarfjall hefur verið þrætuland milli Hóla og Arnarstaða. Nú hafa hlutaðeigendur komið sjer saman um, að láta merkin vera um trippagarðinn á móti Klaufá, og eiga Arnarstaða ábúendur að hafa frían upprekstur fyrir 2 trippi í Hólaafrétt með því að viðhalda trippgarðinum að vestanverðu Eyjafjarðarár." LM E I, 173-74. Sbr landamerkjaskrá Arnarstaða LM E I, 204.Garður þessi er milli Heimari- og Fremri-Stangarlækja en þó nær Fremri-Stangarlæk. Garðurinn sést vel austan ár (þ.e. 002) en er mjög ógreinilegur vestanár í brattri og grýttri hlíðinni. Þar er stórgrýtt og mikið um skriðuföll og garðurinn óðum að hverfa inn í landslagið.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Saur, 98 og LM E I, 173-74.


Ey-373b:006 *Ullarvötn* þjóðsaga um huldufólksbústað 65°12.100 N 18°20.220 V
Leitarmenn og fé hurfu nokkur haust í röð hjá Ullarvötnum við Vatnahjallaveg en þegar Sigurður bóndason leitaði þar kinda föður síns kom þar til hans huldukonan Valbjörg eða Vandráð og kvað honum sömu örlög búin nema hann færi til hennar. Á þriðja hausti vitjaði Sigurður föður síns í draumi og næsta aðfangadaskvöld kom hann ásamt Eiríki presti í bæ þeirra Sigurðar og Valbjargar og tókst að koma fjölskyldunni allri til byggða og gæfðist Valbjörg smám saman. Staðurinn var ekki skoðaður 1998, hnit tekin af korti. Hefur oft misritast sem Urðarvötn.

Heimild: Sagan er í ÞJÁ I, 97-99.

Ey-375b Arnarstaðir (selland)

Arnarstaðartungur eru vestanmegin á Eyjafjarðardal framan við Hafrá og ná að Heimari-Strangalæk og líklega upphaflega að garði þeim sem var mitt á milli Strangalækjanna - Ey-373b:006.1712: "Selför með tilliggjandi landi á jörðin fram á Eyafjarðardal vestan fram, sem er allar Arnarstaðartungur á milli Hafrarár og Strángalækjar, hefur áður brúkast, en nú ekki í margt ár, því landið er mjög haglítið fyrir stórgripi." JÁM X, 262 Skv. Jarðab. 1802 áttu Arnarstaðir afrétt fyrir lömb af 2 jörðum JJ, 303 og mun það vera Arnarstaðartungur 1889: "Sömuleiðis eiga Arnarstaðir afrjettarland í Arnarstaðatungum frá Hafrá að norðan fram að trippagarði þeim, sem stendur vestan Eyjfjarðarár. Þess skal getið, að Stangalækjarfjall í Arnarstaðtungum hefur verið þrætuland milli Hóla og Arnarstaða. En nú hafa jarðareigendunir komið sjer saman um, að láta merkin vera um tryppagarðinn á móti Klaufá, og eiga Arnarstaða menn að hafa frían upprekstur fyrir 2 trippi í Hólaafrjett með því að viðhalda trippgarðinum vestan Eyjafjarðarár en þó eru undanskildir gamlir og grimmir graðfolar." LM E I, 204. "Er þar grösugt hið neðra, valllendi og móar.... Hlíðin milli heimara lækjar og Hafrár er alveg gróin." Ö-Saur, 98.

Ey-375b:001 *Arnarstaðasel* seltóft 65°15.935 N 18°14.564 V
"Hvammur er rétt sunnan Hafrár, og í holti þar eru gamlar seltóftir, Arnarstaðasel." segir í örnefnalýsingu. "Ferðafélag Akureyrar hefur reist sæluhúsið Tungufell á mel þar suður og upp af." Tóftin er fremur lítil eða 8 X 8 m að stærð. Hún er þó nokkuð greinileg og vel sést í hleðslur á einstaka stað þó að hún sé nokkuð gróin. Tóftin skiptist í 2 hólf en það minna er mun óskýrara. Arnarstaðasel er við Hafrárgilið. Það er neðarlega við Vatnahjallaveg sem liggur upp Vatnahjalla og yfir Nýjabæjarfall á þessum stað. Selið er um 20 m vestan við Vatnahjallaveg í króki sem er á veginum.



Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 98.

Ey-375b:002 *Hákarlatorfa* heimild um áfangastað 65°15.818 N 18°14.807 V
"Nokkuð upp með Hafrárgili [sunnanmeginn], sem er djúpt klettgil, er grastorfa stór, sem heitir Hákarlatorfa, áningastaður, er farinn er Eyfirðingavegur." segir í örnefnalýsingu.

Hákarlatorfa er fremur stór og greinilegur grasbali, sunnan við Hafrárgil.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Saur, 98.

Ey-375b:003 *Sankti-Pétur* varða 65°14.320 N 18°16.780 V

"Hafrárgilið gengur þvert upp fjallið, unz það hefur náð brún fjallsins, Tungnafjalls, þar sem hún er lægst. Þar breytir það stefnu og liggur í suðvestur eftir dalverpu, sem myndast af ... fláa fjallsins og heitir Hafrárdalur. Þar sem gilið breytir stefnu, er hóll í suðurbarmi þess og kallazt Hæll. Eftir Hafrárdal liggur Eyfirðingavegur frá Hælnum að Sankti-Pétri, sem er varða á suðurbrún dalsins, og ber hana við loft frá fremstu bæjum að sjá." segir í örnefnalýsingu. Vegarslóði liggur fram hjá Sankta-Pétri en einnig eru við þennan vegaslóða sunnar Beinavarða og enn sunnar Drottningin. Sankti-Pétur var ekki skoðaður 1998, hnit tekin af korti.

Heimild: Ö-Saur, 99.

Ey-375b:004 *Vatnahjalli* leið 65°15.776 N 18°14.896 V

1840: "Vestanundir [Hjallahnjúk] liggur Vatnahjalli, yfir hvern Eyfirðingavegur er suður. Lengra til norðurs er Hafrárdalsöxl, er dregur nafn af Hafrárdal, sem er lítið dalsdrag til suðvesturs upp í hvern Vatnahjallavegurinn liggur úr byggð suður." Á Vatnahjalla hefur verið gerður vegarslóði sem liggur upp bratta hlíðina.

Heimild: SSE, 179.

4. *Fornleifar og byggð í héraði*

Skráningarsvæðið sumarið 1998 er suðvesturhluti Saurbæjarhrepps. Norðurhluti skráningarsvæðisins hefst í tungu þar sem Eyjafjarðará og Djúpadalsá koma saman og myndast þar nokkurs konar háls og standa nyrstu bæirnir í svæðinu undir honum. Við Saurbæ þrengist Eyjafjarðardalur mjög mikið en þaðan liggur einföld bæjarröð til suðurs þar til byggð þrýtur. Frá umræddum hálsi liggur Saurbæjarfjall (einnig nefnt Hleiðargarðsfjall) suður að Gilsárdal en þaðan tekur við Brekkufjall og síðar Skáldstaðafjall að Villingadal. Sunnan við Villingadal er Torfufellsfjall að Hafrárdal en þaðan tekur Tungnafjall við enn innar.

Nyrst á svæðinu er nokkuð undirlendi og þurrar bakkaengjar eru þar meðfram ánni. Bæirnir standa mjög mishátt í hlíðinni sem er nokkuð brött efst en meira aflíðandi þegar neðar dregur. Gullbrekka stendur hæðst í um 170 m.y.s. en Nes einna lægst en hann stendur alveg við árbakka Eyjafjarðarár á sléttlendi.

Við mynni Villingadals er landslag nokkuð frábrugðið því sem það er annars staðar á skráningarsvæðinu því að þar eru skógivaxnir hólar, og Tjarnargerðisvatn, Hestvatn og Geitavatn sem eru einu vötnin á skráningarsvæðinu. Sunnan Villingadals tekur aftur við landslag sem er líkt því sem er norðar í dalnum og helst svo þar til kemur að Hafrárdal en sunnan við það þrengist Eyjafjarðardalur og er þar eftir mjög þröngur inn í botn.

Nokkrir afdalir ganga inn til SV ú Eyjafjarðardal og er þar helst að nefna Djúpadal nyrst en úr honum til suðurs Sneisárdal og Strjúgsárdal, þá Gilsárdal, Villingadal (en úr honum ganga Torfufells-/Leynings- og Svarfdalur), og Hafrárdal syðst. Í þessum dölum er aðeins byggð í Ytra-Villingadal, í um 360 m h.y.s.

Dreifing mennigarminja á skráningarsvæðinu var með svipuðu móti og utar í Eyjafirði: Meðfram Eyjafjarðará eru helstu menningarminjarnar vöð og leiðir en langflestir minjastaðir eru í kringum bæjarstæðin og í móum ofan við og milli bæjanna. Auk þessa er mikið af óröskuðum leifum á þverdölunum sem ganga á Eyjafjarðardal.

8. FLOKKUN LANDS Á SKRÁNINGARSVÆÐINU EFTIR EÐLI OG FJÖLDA MINJASTAÐA

Bæjarhólar og bæjarstæði

Á skráningasvæðinu er nokkuð um bæi sem eru í eyði. Af 19 bæjum sem skráðir voru eru 7 komnir í eyði. Nokkrir fór í eyði um 1930: Strjúgsá (Ey-348) 1931, Syðri-Villingadalur (Ey-365) í eyði síðan 1934, og Úlfsá (Ey-368) sem fór í eyði 1925. Kolgrímastaðir (Ey-360) fóru í eyði 1959, en hin eyðibýlin þrjú hafa verið yfirgefin á allra síðustu árum: Háls (Ey-350) í eyði síðan 1993, Gilsá (Ey-358) II fór í eyði 1988 en það er sá hluti Gilsár þar sem gamli bærinn var og Hólsgerði (Ey-367) fór í eyði 1990.

Rústir gamalla bæja standa enn uppi af nokkrum þessara staða. Á Strjúgsá eru greinilegar bæjarrústir þó hleðslur séu farnar að hrynja. Enginn bæjarhóll er þó greinilegur þar. Svipaða sögu er að segja um rústir bæjarins í Syðri-Villingadal. Á Úlfá tók bæjarhúsin af í snjóflóði og því ekki eru nein merki bæjarhóls greinileg en á þeim stað sem bærinn var eru tóftir beitarhúss. Á Gilsá eru rústir gamla bæjarins mjög heillegar á stæðilegum bæjarhól vestan við þá staði sem íbúðarhúsið var síðar byggt. Ekki sjást hins vegar leifar gamla bæjarins á Kolgrímastöðum, í Hálsi eða Hólsgerði og hafa nýrri íbúðarhús á þessum stöðum öllum verið byggð ofan í eða alveg upp við þá staði sem gömlu bæirnir voru áður og hafa öll merki þeirra þeirra horfið við þær framkvæmdir.

Á jörðunum sem enn eru í byggð er ástand bæjarhóla og bæjarstæða misjafnt. Víðast hafa yngri byggingar verið reistar á sama stað og eldri bær stóðu eða í næsta nágrenni þeirra. Þetta hefur leitt til þess að á mörgum jörðum er engin merki gamla bæjarins að sjá og bæjarhólar hafa verið skemmdir að meira eða minna leyti. Undantekningar frá þessu eru Vellir, Hleiðargarður, Skáldstaðir og Torfufell en á öllum þessum jörðum hafa bæjarstæði verið færð til á þessari öld og standa leifar gömlu torfbæjanna uppi að einhverju leyti, nema í Torfufelli. Á engum þessara staða eru þó greinanlegar miklar leifar bæjarhóla. Varðveislugildi þeirra torfbæjaleifa sem enn eru eftir á skráningarsvæðinu er takmarkað en þó er mikilvægt að mæla bæjarhúsin upp áður en og ef húsin verða jöfnuð út, og að tryggt verði að ekki verði byggt frekar á þeim stöðum. Á Strjúgsá, Gilsá, Skáldstöðum og í Syðri-Villingadal er varðveislugildi bæjarhúsanna mun meira fyrir þá sök að í

kringum bæina standa enn útihús og aðrar byggingar sem saman mynda skemmtilega varðveisluheild.

Á skráningarsvæðinu eru skráð 17 eyðibýli. Leifar tveggja eyðibýla sjást enn í landi Valla (Ásgarður og Vallnakot), í landi Saurbæjar eru miklar mannvirkjaleifar þar sem heitir Varmhagagerði, tóftir Hleiðargarðskots sjást og sömuleiðis tóftir býlis í landareign Gullbrekku (Grænutóftir). Leifar tveggja býla í landareign Úlfsár eru einnig greinilegar (Fremri-Úlfá og Magnúsartóftir), en önnur merki eyðibýla eru ekki sjáanlegar á skráningarsvæðinu.

Útihús og túngarðar

Jarðabætur 20. aldar hafa komið þungt niður á útihúsum sem stóðu innan hinna fornu túna. Á skráningarsvæðinu voru samtals skráð 100 útihús úr torfi en stór hluti þeirra er nú horfinn. Leifar útihúsa sjást þó enn á Strúgsá (3), Völlum (2), Hálsi (2), Saurbæ (1), Hleiðargarði (1), Gilsá (5), Skáldstöðum (4), Leyningi (4), Syðra-Villingadal (3), Torfufelli (1) og Úlfsá (3). Ekki er hlutverk útihúsanna alltaf þekkt en langflest þeirra voru fjárhús en einnig var yfirleitt a.m.k. eitt hesthús á hverjum bæ. Fjós hafa oftast verið inni í bæjum en þó er vitað um stök fjós á Saurbæ, Gilsá, Gullbrekku, Jórunnarstöðum og í Leyningi. Að auki voru skráðir 3 geitakofar en tóftir þeirra sjást á tveimur stöðum (Ey-363:029 og Ey-368:009) auk þessa sjást á tveimur stöðum í Syðri-Villingadal enn leifar smiðja.

Túngarðshleðsla var mikilvægur hluti af túnabótum á 19. öld og voru nokkrir slíkir hlaðnir á skráningasvæðinu. Fáir þessara garða eru þó enn greinanlegir. Lítilfjörlegar leifar túngarða sjást á Saurbæ, Hólsgerði og á Úlfsá. Öllu stæðilegri leifar túngarða er hins vegar að finna í Hleiðargarði, Syðra-Villingadal og þó sérstaklega á Strjúgsá en þar er túngarður sem virðist geta verið mjög gamall.

Tún og garðar

Engin gömul tún eru eftir ósnortin á skráningarsvæðinu nema túnið við Strúgsá en þar er túnið náttúrulega slétt og hefur sennilega aldrei verið átt við það að öðru leyti en að grjót hefur verið tínt úr því og sett í hrúgur sem eru hér og þar um túnið.

Heimildir frá 18. öld greina frá kálgarði við Saurbæ sem í var sáð byggi, grænkáli, hvítum næpum og kartöflum, en nú er ekki vitað nákvæmlega hvar þessi kálgarður hefur verið þó að líklegast sé að hann hafi verið nálægt bæjarhúsunum. Lítilfjörlegar leifar garðlags sjást á Akurhóli í landi Torfufells og í landi Gilsár eru garðsleifar þar sem heitir Sáðgarðslaut en þar voru 5 kartöflugarðar fyrir löngu og voru sumir notaðir fram yfir aldamótin 1900. Aðrar leifar kál- eða kartöfluræktar var ekki að finna á skráningarsvæðinu.

Engjar og áveitur

Blaut engi eru ekki mikil á skráningarsvæðinu og tengjast flest þau áveitumannvirki, sem þar voru skráð, túnrækt. Í Hleiðargarði, Gullbrekku, Skáldstöðum, Ytri- og Syðri-Villingadal og í Torfufelli voru skráðir vatnsstokkar eða áveituskurðir sem gerðir voru í þeim tilgangi að veita vatni úr Eyjafjarðará eða öðrum ám, sem runnu nálægt bæjunum, á tún. Ummerki um þessar veitur sjást ennþá alls staðar nema í Torfufelli þar sem sléttað hefur verið yfir öll áveitumannvirki.

Vatnsból

Flestir bæirnir á skráningarsvæðinu standa á lækjar- eða árbökkum og því hefur ekki verið örðugt um vatn neins staðar. Aðeins ein uppsprettulind var skráð sem vatnsból á svæðin en hún var í landi Gilsár, rétt norðaustan við þar sem Steinagerðisbýlið hefur staðið. Þessi lind er þurr í dag.

Brunnar hafa verið á nokkrum bæjum á skráningarsvæðinu. Leifar brunna eru bæði í Hleiðargarði og Nesi en heimildir eru auk þess um brunna á Saurbæ, Gilsá og í Ytra-Villingadal.

Svarðargrafir

Mótak var á mörgum bæjum á skráningarsvæðinu en þó ekki öllum, og munu þeir sem ekki höfðu mótak hafa elt taði. Vitað er um mógrafir í landi Saurbæjar og Hólsgerðis en ekki sjást þess greinileg merki lengur. Í Hleiðargarði, Gullbrekku, Jórunnarstöðum og Leyningi er vitað um staði þar sem torf var ristí skógum í

Leyningshólum og hefur þar verið gert til kola um aldir. Í landi Ytri-Villingadal sjást enn merki um kolagrafir.

Stekkir, kvíar og réttir

Stekkir eru algengasta tegund fornleifa sem enn eru sýnilegir. Þeir voru við á öllum jörðum sem skráðar voru að þessu sinni og stundum fleiri en einn við hvern bæ. Samtals voru því skráðir 29 stekkir og sjást leifar 20 þeirra ennþá. Ástand þeirra stekkja sem enn sjást var yfirleitt gott.

Á skráningarsvæðinu voru samtals voru skráðar 9 kvíar. Meira var hins vegar um að kvíarnar væru horfnar því leifar kvía sjást aðeins á 3 stöðum. Í flestum tilvikum hafa þærhorfið vegna túnræktar. Kvíar eru þó enn í túnjaðri í Gullbrekku og Jórunnarstöðum og einnig á eyðibýlinu Syðra-Villingadal.

Á skráningarsvæðinu voru skráðar 15 réttir og ástand þeirra var venjulega fremur gott. Einu réttirnar sem eru alveg horfnar eru Staðarrétt í landi Saurbæjar og Brekkurétt sem var áður fast upp við gamla bæinn í Gullbrekku. Á hinum stöðunum sjást alls staðar einhverjar leifar og í mörgum tilfellum standa enn stæðilegar réttir uppi, líkt og Borgarrétt hin eldri í landi Vallna og réttin sem er á Réttarskriðu í landi Úlfsár.

Beitarhús og sel

Aðeins voru skráð 3 beitarhús á bæjunum 19, sumarið 1998 og er það mun lægri tala en utar í sveitinni. Beitarhúsaleifar eru yst í landi Strjúgsár (frá Saurbæ) og á Jórunnarstöðum, en þar var beitarhúsið áður sel. Rústir beitarhúsa eru einnigá bæjarstæði Úlfsár en þar standa nú leifar beitarhúss frá Hólsgerði (001).

16 sel voru skráð. Það voru fremur stærri bæir sem höfðu selstöðu, en engar heimildir eru um sel í landi Vallna, Sandhóla, Kolgrímastaða, Skáldstaða, Ytra-Villingadals, Hólsgerðis og Úlfsár. Tvö sel voru hins vegar bæði á afréttum Djúpadals og Saurbæjar og í Torfufelli og getur verið að kotbýlin hafi stundum haft selstöðu í landi hinna stærri býla.

Mismiklar leifar seljanna sáust við vettvangsathugun en mestar leifar eru á Sneisardal, undir Mælifelli, á Leyningsdal og á Torfufellsdal.

Gerði

Í fyrri skýrslum hefur verið bent á að –gerðis örnefni er að finna við næstum alla bæi í utanverðri Eyjafjarðarsveit. Þessi örnefni virðast annars vegar hafa tengst mannvirkjum í túni eða túnjaðri, og hefur þess verið getið til að þar séu minjar um einhvers konar seljabúskap í heimahögunum. Í innanverðum Eyjafirði er hins vegar mun minna af gerðis- örnefnum. Fjögur útihús í eða við tún báru þó gerðis- nafn á svæðinu og tóftir þessara húsa stóðu enn bæði á Gilsá og í Torfufelli. Ekki sáust þó nein ummerki garða þar. Varmhagagerði eða Harðamagagerði er eina dæmið um afgirt svæði í úthögum og er þar stæðilegur garður sem umlykur lítið túnstæði og lítil tóft sem gæti verið smálot eða fjárhús inn í.

Garðar

Nokkuð er um garðlög á skráningarsvæðinu. Garðlag sem nú er notað sem undirstaða undir fjallgirðingu er fyrir ofan Hleiðargarð, Nes og Gilsá. Garðurinn er liggur eftir endilangri hlíðinni, fremur beinn. Ekki er hægt að fullyrða um tilgang þessa garðs en að öllum líkindum hefur hann verið vörslugarður til að halda fé frá heimahögum. Nokkrir vörslugarðar aðrir voru skráðir á svæðinu og áttu þeir það sameiginlegt að ligja þvert á fjallshlíðina á afréttarlöndum fjarri bæum (sbr. vörslugarð inn af Syðri-Villingadal, 2 vörslugarðar á afrétti Torfufells, garð á afrétti Hóla, og vörslugarður á afrétti Saurbæjar (Ey-348:011). Allir þessir garðar eru vel greinilegir og eru sumir mikil mannvirki.

Einn nátthagi var skráður en hann er í landi Gilsár. Réttara væri ef til vill að segja að hann sé á landamörkum Gilsár og Ness en hann er á svipuðum slóðum og býlið Steinagerði hefur staðið og er líklegt að hann hafi upphaflega tilheyrt því. Garðar í landi Leynings og Gullbrekku gætu einnig hafa verið nátthagar þó erfitt sé að vita það með vissu.

Hluverk garða innan túns á Völlum og Skáldstöðum er fremur óljóst og sömu sögu er að segja um leifar garðs sem er hátt upp í hlíðinni vestan Eyjafjarðarbrautar í landi Jórunnarstaða og Leynings, á milli tveggja gilja.

Kuml og kirkjugarðar

Ekki er vitað um um nein kuml á skráningarsvæðinu. Bein, sem hugsanlega gætu verið leifar úr kumli, fundust hins vegar við vegarvinnu fyrir neðan bæinn í Gullbrekku. Frekari vitneskju skortir þó til að hægt sé að ákvarða hvers eðlis þessi fundur hefur verið.

Á skráningarsvæðinu eru nokkur örnefni sem skýrð eru með því að þar séu menn heygðir eða dysjaðir. Í landi Gullbrekku er Helguhóll sem á að vera kenndur við Helgu þá sem í honum var grafin. Á afréttarlandinu í Torfufellsdal, Leyningsdal og í Svarfdal í landi Villingadals eru frásagnir af dysjum þeirra manna sem þar eiga að hafa fallið í bardaga milli Eyfirðinga og Skagfirðinga, en þeir börðust þar út af eignarrétti yfir Galtártungum. Auk þessa eru á svæðinu skráð tvö völvuleiði. Annars vegar eru frásagnir um slíkt leiði í landi Ness en þær eru fremur óljósar og ekki er nákvæmlega vitað hvar það hefur verið. Hitt völvuleiðið er í landi Leynings en það hefur einnig verið nefnt Nunnuleiði. Þar er "líkkistumyndaður" steinn og á honum eru rúnamyndir sem aldrei hefur tekist að lesa úr en fyrir ofan áletrunina á að vera lítill kross.

Kirkja með kirkjugarði er í Saurbæ, en þar stendur ein elsta torfkirkja landsins. Frá árinu 1963 hefur Saurbæjarkirkja verið í umsjá Þjóðminjavarðar. Í kirkjugarðinum er steypt grafhýsi, það eina í kirkjugarði framan Akureyrar. Kirkjugarðurinn var á fyrri hluta þessarar aldar stækkaður og þá aðallega til norðurs en einnig lítillega til austurs. Á Saurbæ fundust bein á 8. áratug þessarar aldar við lagningu heimreiðar. Beinin fundust í hól norðan hennar þar sem möl var tekin. Þar fundust 2 heilar beinagrindur en áður en þær uppgötvuðust hafði nokkuð af beinum verið rutt úr hólnum og í heimreiðina. Þessi fundur gæti bent til að kirkjugarðurinn hafi áður verið staðsettur annars staðar áður eða á þessum stað sé kumlareitur.

Heimildir eru um bænhús í Hleiðargarði og á Torfufelli en engar leifar eru þekktar um það fyrrnefnda. Í Torfufelli var hins vegar komið niður á steinhleðslu og beinagrind þegar grafið var fyrir súrheysturni á kirkjustæðinu fyrir nokkrum áratugum.

Útkirkja var í Gullbrekku fram á 18. öld en hún stóð á hól sem er nú búið að slétta algerlega úr og er ekkert eftir af kirkjunni.

Fleiri kirkjur voru ekki á skráningarsvæðinu svo að vitað sé.

Leiðir

Gamli hreppsvegurinn vestan Eyjafjarðarár var á svipuðum slóðum og núverandi þjóðvegur. Þó virðist vegarstæðið í seinni tíð hafa verið fært heldur til vesturs því á nokkrum stöðum eru heimildir fyrir eða sjást leifar af eldri veginum skammt austan við þar sem vegurinn er nema í landi Hleiðargarðs þar sem hann lá fram til 1920 spölkorn vestar en hann gerir í dag. Alls voru skráð 23 vöð á Eyjafjarðará en hafa þau verið mjög misgóð og einnig verið mislengi í notkun. Á Sandhólum er Ferjubakki við Eyjafjarðará, en þar var lengi ferjustaður frá Saurbæ.

Allmargar leiðir voru skráðar, en stór hluti þeirra voru stuttar leiðir sem lágu á milli bæja eða frá bæ að stekk eða seli. Auk þessa voru þó skráðar nokkrar lengri leiðir eins og Prestgata sem lá inn eftir sveitinni, um land Vallna, Háls og Saurbæjar. Þessar götur var að mestu hætt að nota þegar Miklagarðsprestakall var sameinað Saurbæ 1871. Önnur leið var frá Ytri-Villingadal, um Leyningsdal og yfir fjallið í Austurdal og hestaleið lá frá Skagafirði yfir fjallið og inn framhjá Syðri-Villingadal. Þá var leið úr Djúpadalsbotni vestur í Egilsdal í Skagafirði.

Hjá Vatnahjalla var farið upp á hálendið, svokallaðan Eyjafjarðarveg norður fyrir Hofsjökul og suður um Kjöl. Á þessari leið lét Fjallvegafélagið gera vegabætur á fyrri hluta 19. aldar og liggur bílvegur enn á svipuðum slóðum.

5. *Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu*

Eins annars staðar í Eyjafirði þar sem fornleifar hafa verið skráðar kom í ljós sumarið 1998 að flestar fornleifarnar á skráningarsvæðinu voru horfnar undir byggingar og tún. Helst eru fornleifar óhreyfðar í afdölum eða upp í fjallshlíðum.

Á því svæði sem var skráð 1998 eru þrjár friðlýstir minjastaðir, Saurbæjarkirkja, meint hoftoft í túni í Saurbæ og Völvuleiði í landi Leynings. Þar fyrir utan er lagt til að eftirfarandi staðir verið látnir njóta friðlýsingar.

*Rústir Mælifells

*Sel í Þrjúgstungu (348:015)

*Bæjarstæði Strjúgsár

*Bæjarhóll og umhverfi hans á Gilsá

*Bæjarstæði Skáldsstaða

*tóftaþyrping við Gamla-Sel á Leyningsafrétt

*Bæjarstæði Syðra-Villingadals

*Sankti-Pétur við Hafrárgil

Margir þessara staða henta vel til að kynna ferðamönnum en einnig væri ástæða til að kynna minjastaði á reið- og gönguleiðum, í Djúpadal (Strjúgsárdal, Sneisardal og Þverdal), Villingadal/Torfufellsdal og innst í Eyjafjarðardal, framan við Hólkot.

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir:

Vaðaskrá Gunnars Jónssonar.

Þjóðskjalasafn Íslands

Jarðadeild XIV. Uppdrættir af túnum 1917. Saurbæjarhreppur

Sýsluskjalasafn. Eyjafjörður

IV.B.4.b Landamerkjadómar og fógetaaðgerðir 1728-87

XXIV.B Búnaðarskýrslur 1788-1865

XXX.4 Jarðabók um Vaðlaþing um 1780

Búnaðarfélag Íslands

Kassi 12: Ræktunarsjóðsskjöl

Kassi 209: Túnþýfi í sýslum landsins

- Yfirlitsskýrsla Búnaðarsambands Eyjafjarðar yfir ógreiðfært og þýft ræktað land árið 1944
- Túnastærðir eftir hreppum og sýslum 1920 og 1952

Sýslumannsembættið á Akureyri

Landamerkjabók I-II

Þjóðminjasafn Íslands

Fornleifadeild. Mappa með gögnum og bréfum um fornleifar í Eyjafirði

Matthías Þórðarson: Kirkjur Eyjafjörður

Minjasafnið á Akureyri

HH: Söguminjaskrá, Eyjafjarðarsýsla (e. Helga Hallgrímsson)

Prentaðar heimildir:

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskrá,* Reykjavík 1990.

BE: *Byggðir Eyjafjarðar* I-II, Akureyri 1973.

BE 1990: *Byggðir Eyjafjarðar 1990*, síðara bindi, Akureyri 1993.

BG: *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar,* Rv. 1919-1942.

Brynjúlfur Jónsson. "Rannsóknir á Norðurlandi sumarið 1900." *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1901*, 7-27.

Brynjúlfur Jónsson. "Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905." *Árbók hins íslenska Fornleifafélags 1906*, 1-27.

DI: *Íslenzkt fornbréfasafn* I-XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823,* Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar, Reykjavík 1983.

IA: *Islandske Annaler indtil 1578,* G. Storm gaf út, Christiania 1888.

ÍF: *Íslenzk fornrit* I-, Reykjavík 1933-.

Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir, Gunnar F. Guðmundsson gaf út, Reykjavík 1993

JJ: J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, X. Eyjafjarðarsýsla, Kaupmannahöfn 1943.

Jónas Rafnar: *Bæjalýsingar og teikningar úr Eyjafirði*, (Eyfirzk fræði I), Akureyri.

KK: Kålund, Kristian: *Íslenskir sögustaðir* I-IV, Steindór Steindórsson þýddi, Reykjavík 1987-89.

Kaalund, Kristian: *Bidrag til en historisk-topografisk Beskrivelse af Island* I-II, Kjøbenhavn 1877-82.

LE I: Steindór Steindórsson: *Lýsing Eyjafjarðar*. Fyrri hluti, (Eyfirðingarit I), Akureyri 1949.

Margeir Jónsson: *Bæjanöfn á Norðurlandi. Rannsókn og leiðrjettingar* III. *Eyjafjarðarsýsla,* Akureyri 1929.

ÓO: Ólafur Olavius. *Ferðabók* I-II, Reykjavík 1964.

PP: Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta á Íslandi,* 2. útg., Reykjavík 1949.

Skýrsla FÍ III: *Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík* II. 1. *1871-1875*, Rv 1881.

SSE:*Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1854*, (Eyfirzk fræði II), Akureyri 1972.

SSE I-II: Hjörtur Þórarinsson: *Saga sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu 1874-1989*, 2 bindi, Akureyri 1993.

Steindór Steindórsson. “Eyjafjörður. Leiðir og lýsingar.” *Árbók Ferðafélags Íslands 1938*.

Sturlunga saga I-II, Reykjavík 1946.

Svæðisskipulag Eyjafjarðar. Forsendur-horfur-markmið, Akureyri 1987.

Svæðisskipulag Eyjafjarðar. Náttúruminjakort-Skipulagskort, 1987.

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1989-2009. Greinargerð, 1989.

ÞJÁ:*Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* I-VI, Safnað hefur Jón Árnason, Reykjavík 1954-61.

Ö-Saur: *Örnefni í Saurbæjarhreppi*, Angantýr H. Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson hafa safnað og gefið út, Akureyri 1957.